

Skólavarðan

Kennarasamband
Íslands

Vor 2024
I. tbl.

Múlaborg

Öll jöfn – engin
eins

10

Ráðstefna KÍ

Raddir kennara ómuðu í
Hörpu

14

Mjöll Matthíasdóttir

Samtakamáttur fleytir
okkur langt

22

Soffía Ámundadóttir

Ofbeldi nemenda vanmetið
vandamál

38



MED ÞÉR ALLA ÆVI

LSR er til staðar fyrir þig á mörgum helstu tímamótum ævinnar.
Sem sjóðfélagi öðlastu víðtæk réttindi – kynntu þér þau á lsr.is.

Hjá okkur geturðu líka fengið **séreignarsparnað**, sem er ekki aðeins
bein launahækkun fyrir þig, heldur líka ein besta sparnaðarleið sem völ
er á. Við bjóðum einnig **fasteignalán**, bæði verðtryggt og óverðtryggt.

Nú geturðu sótt um bæði séreignarsparnað og fasteignalán
á vefnum okkar. Kynntu þér málið á lsr.is.



Ásdís Arnardóttir er félaginn

„Sjálft hef ég verið afskaplega heppin með kennara og það gefur mér lífsfyllingu að miðla áfram þekkingu.“



Raddir kennara eiga að vera í fyrirrúmi

Vel heppnuð ráðstefna KÍ fór fram í Hörpu í apríl. Til umræðu voru viðhorf félagsmanna KÍ til starfsins almennt og þjónustu Kennarasambandsins.



Hef alltaf heillast af tungumálum

Ég hef þá trú að þegar fólk lærir að tala nýtt tungumál þá öðlist það innsýn í aðra menningu og úr því komi meira umburðarlyndi og skilningur,” segir Katrín Högnadóttir, þýskukennari í ME.



Samtakamáttur fleytir okkur langt

Mjöll Matthíasdóttir, formaður Félags grunnskólakennara, fer yfir helstu verkefni félagsins, kjaramálin og áherslur í skólamálu.



Sagði upp í byrjun heimsfaraldurs

Annheiður Björg Smáradóttir, sérkennari í stærðfræði við Verket skole í Moss, segir frá því hvernig er að starfa sem kennari í Noregi.

Efnisyfirlit

1. tbl. 2024

- 4** Leiðari
- 6** Fréttir
- 9** Félaginn
- 10** Öll jöfn – engin eins
- 14** Raddir kennara eiga að vera í fyrirrúmi
- 20** Hef alltaf heillast tungumálum
- 22** Einu sinni var ...
- 23** Hver er konan?
- 24** Flest koma til að eiga betra líf
- 28** Samtakamáttur fleytir okkur langt
- 32** Gullnar reglur menntunar
- 34** Það er ævintýri að vera leikskólakennari
- 36** Allir nemendur eiga að hafa rödd
- 38** Vatnaskil í íslensku skólastarfi
- 40** Sagði upp í byrjun heimsfaraldurs
- 44** Ofbeldi nemenda vanmetið vandamál í skólakerfinu
- 47** Röddin – atvinnutæki kennara
- 48** Fjárfesting í framtíðinni
- 50** Hamingja og vellíðan í skólastarfi
- 51** Siðareglur kennara – leiðarvísir í flóknu starfi
- 52** Fyrsta íslenska skólaeldhúsið Svansvottað
- 54** Vinnuumhverfi kennara – hvað má gera betur?
- 56** Fréttir af Orlofssjóði
- 58** Er þinn skóli UNESCO-skóli?
- 60** Samþykktar breytingar hjá Brú lífeyrissjóði
- 61** Skólavarðan mælir með
- 62** Krossgáta



Forsíðumyndina tók Ragnhildur Aðalsteinsdóttir af nemendum í kennslustund á íslenskubraut í Tæknimenntaskólanum.



Kennarasamband Íslands
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: utgafa@ki.is
www.ki.is


Ritstjórar: Arndís borgeirsdóttir og Katrín Ásmundsdóttir
Ábyrgðarmaður: Magnús Þór Jónsson
Hönnun og umbrot: Birgir Þór Harðarson
Prófarkalestur: Urður Snædal
Prentun: Litróf



Leiðari

Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ

Sterk sameinuð rödd kennara, stjórnenda og ráðgjafa



gætu félagar.

Þá er mætt enn eitt eintak Skólavörðunnar. Ég held að það sé sannarlega hægt að kalla það flaggskip útgáfusviðsins okkar hjá Kennarasambandinu og alltaf er heilmikil gleði þegar tímaritið lítur dagsins ljós. Efni þess nú er, eins og áður, yfirgripsmikið og fer vítt um svið íslenska skólakerfisins.

Dregin eru fram skemmtileg verkefni, varpað ljósi á störf félagsfólks og sagðar fréttir af vettvangi Kennarasambandsins. Útgáfusvið KÍ er mikilvægt íslensku skólafólki. Það gegnir lykilhlutverki þegar kemur að því að flytja fréttir af okkar vettvangi, ekki bara með Skólavörðunni heldur líka með utanumhaldi um vefsíðuna okkar og samfélagsmiðlasíður sem flytja reglulega fréttir sem varða okkur öll. Við vildum að sjálfsöðgu ná miklu oftari augum og eyrum annarra fjölmiðla og erum alltaf að vinna að því verkefni en höfum líka á síðustu mánuðum og vikum aukið við á okkar vettvangi og horfum til enn frekari landvinninga á því sviði.

Í kennaravíkunni haustið 2023 fórum við af stað með vettvang sem við kölluðum „Kennaravarpíð“ þar sem við fórum í myndver og tókum upp stutta þætti með viðmælendum úr stjórnmalunum sem ræddu málefni skólafólks og kerfisins í heild. Áætlun okkar er að á árinu 2024 komumst við enn lengra með það verkefni og okkur takist að búa til vettvang sem yrði aðgengilegur bæði félagsfólki og öðrum á víðáttum veraldarvefsins hið minnsta!

Veturinn sem nú er að klárast má segja að hafi verið með öðrum hætti en við væntum þegar kemur að kjaramálunum. Fyrsta skref áfangasamkomulags um jöfnun launa kom til framkvæmda síðastliðið haust og við töldum næsta mál vera að taka skrefið sem myndi leiða til áætlunar um lúkningu verkefnisins. Um það vorum við afar skýr þegar samkomulagið var undirritað og héldum þeim málflutningi áfram, enda í því áréttað að 15. janúar 2024 skyldi vera komin á slík áætlun. Því miður fór ekki svo. Ýmislegt kom

þar til. Gríðarlegur tími fór hjá opinberum launagreiðendum að koma greiðslum, vegna áfangasamkomulagsins, til launafólks með þeim hætti sem ráðgert var. Þegar á veturinn leið varð hægt og rólega ljóst að áherslur allra aðildarfélaga KÍ um mikilvægi þess að ljúka verkefninu voru mun meiri en annarra launþegsammtaka, á opinberum markaði, og í samráði þeirra og launagreiðenda hefur sá hópur verið að vinna að því sem kallað hefur verið næsta skref í átt til jöfnunar.

KÍ hefur talað mjög skýrt. Verkefnið var skýrt árið 2016 með undirritun samkomulags um jöfnun lífeyrisréttinda og við viljum að það verði nú uppfyllt á árinu 2024. Átta árum síðar. Að þessu sinni er ætluð allra aðildarfélaga að koma sameinuð að samningaborðinu meðan á því verkefni stendur. Lúkning verkefnisins um jöfnun

launa er forsenda fyrir næsta kjarasamningi fyrir öll kennara- og stjórnendafélög innan okkar raða.

Síðastliðið haust fór varaformaður

KÍ ásamt fulltrúum sjóða og útgáfusviðs í hringferð um landið til að hitta félagsfólk. Bæði til að kynna starf sambandsins en ekki síður til að heyra raddir skólafólks úti á vettvangi. Ferðin var vel heppnuð og í framhaldi var tekin ákvörðun um að halda áfram á þeirri braut að efla samtal við félagsfólk. Því var ráðist í undirbúning þjónustu- og viðhorfskönnunar sem var lögð fyrir félagsfólk KÍ í febrúarmánuði og unnin í samvinnu við Félagsvísindastofnun. Niðurstöður hennar voru svo kynntar á stórrí ráðstefnu í Hörpu fyrir í þessum mánuði. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Skólastarf nútíðar – vegvísir til framtíðar.“

Ráðstefnan heppnaðist afskaplega vel og ljóst að þar kom fram sterk sameinuð rödd kennara, stjórnenda og ráðgjafa sem starfa í ólíkum skólagerðum og á mismunandi skólastigum. Sú rödd þarf að fara víða og við köllum eftir því að talað sé við okkur frekar en um okkur á ólíkum sviðum samfélagsins. Hvort sem snýr að launakjörum, starfsaðstæðum eða skólaláprunum.

Í röddum okkar býr reynslan og í hjörtum okkar logar ástríðan fyrir þeim verkefnum. Við skulum öll sjá til þess að þetta viðhorf verði öllum ljóst, saman erum við sterkari en stök!


KÍ hefur talað mjög skýrt.
Verkefnið var skýrt árið
2016 með undirritun
samkomulags um jöfnun
lífeyrisréttinda og við
viljum að það verði nú
uppfyllt á árinu 2024. Átta
árum síðar.



Georg og öppin

Georg er alltaf að gera eitthvað skemmtilegt með félögum sínum. Hvort sem það er að leika sér með bókstafina, tölustafina, leggja saman og draga frá eða læra á klukku.

Islandsbanki.is/georg



Georg og klukkan



Georg og leikirnir



Georg og félagar

Utís

Skráning fer fram á www.utis.online og þar eru einnig allar upplýsingar um netráðstefnuna.



Síðaráð segir

- ...bendir á að nýjstu útgáfu síðareglna má finna á veggspjaldi í miðju þessa blaðs.
 - ...biður alla lesendur að hengja veggspjaldið upp svo allt starfsfólk skóla geti kynnt sér reglurnar.
 - ...bendir enn fremur á að í þessu tölublaði má finna grein sem útskýrir hugsunina að baki síðareglunum sem eru töluvert breyttar frá fyrri útgáfum.
- Nánari umfjöllun um síðareglur er að finna á síðu 51.

Jafnréttisnefnd spyr

- ...af hverju þurfa kennarar allra skólastiga að þekkja hugtök eins og öruggt rými, VÁ-viðvörðun og váhrif?
 - ...af hverju þurfa kennarar að vera meðvitaðir um að sum okkar hafa forskot þegar kemur að forréttindastöðu í samfélaginu og vita af hverju það er?
 - ...hvað er skaðleg karl-mennskuímynd og hvernig tengist hún klámi og klámneyslu? Og hvernig tengist klámneysla svo kynferðisofbeldi og óheilbrigðum samskiptum?
- Öllum þessum spurningum og fleiri svarar vefritið Kynbundið ofbeldi og skólakerfið: Kennarahandbók. Bókin eykur skilning á kynferðisbrotum og ætti að vera skyldulesning allra þeirra sem starfa með börnum og ungmennum. Bókin er aðgengileg á vef MMS.



Utís Online: Starfsþróunarveisla

Skólavarðan ræddi við Ingva Hrannar Ómarsson menntafrömuð um Utís Online, stærstu menntaráðstefnu Íslands, sem hann stofnaði meðal annars í þeim tilgangi að hvetja til notkunar upplýsingatækni í skólum.

Menntaráðstefnan Utís Online er haldin annað hvert ár fyrir kennara, stjórnendur og starfsmenn á öllum skólastigum, hvar sem er á landinu. Ráðstefnan fer næst fram dagana 20.-21. september, frá 13-16 á föstudegi og 10-15 á laugardeg, og skráning er hafin!

Tilurð ráðstefnunnar

„Utís Online er afsprenni af Utís ráðstefnunum sem hafa oftast verið haldnar á Sauðárkróki í gegnum árin,“ segir Ingvi Hrannar. „Vegna gríðarlegrar ásóknar var ákveðið að færa fyrirlestrana á rafrænt form í gegnum Utís Online og gera þá þannig aðgengilega fleirum óháð staðsetningu.“

„Utís vinnustofurnar eru fámennar og haldnar á Sauðárkróki annað hvert ár, á meðan Utís Online gefur skólum tækifæri til að fá heimsklassa ráðstefnu fyrir sitt starfsfólk, beint í skólann sinn“, segir Ingvi Hrannar þá.

Við hverju má búast?

Í ár verða 20 erlendir heimsklassa fyrirlesarar (allir textaðir á íslensku) sem fjalla m.a. um læsi, stærðfræði, upplýsingatækni, stjórnun, farsæld nemenda og starfsmanna, bekkjarstjórnun í íþróttum, list- og verkgreinum, samstarf heimilis og skóla svo eitthvað sé nefnt, útskýrir Ingvi. „Að auki frumsýnum við hátt í 20 ný ferðalög um íslenskt skólakerfi, í samstarfi við Samtök áhugasamra um skólaþróun, þar sem við munum taka þátttakendur í ferðalög um það besta sem er að gerast í leik-, grunn- og framhaldsskólum á Íslandi.“

Allir þátttakendur fá að auki sendan þátttökupakka í pósti um viku fyrir ráðstefnuna, en pakkinn mun m.a. innihalda glæsilega ígrundunarbók og annað góðgæti, segir hann.

Þátttökupartý um land allt

Þó að ráðstefnan sé á netinu tekur fólk þátt í rauntíma,



Ingvi Hrannar Ómarsson

Ingvi Hrannar er menntaður grunnskólakennari og með meistaraþráðu frá Stanfordháskóla í Bandaríkjunum. Hann hefur meðal annars beitt sér fyrir notkun upplýsingatækni í skólum og er stofnandi Utís. Ingvi Hrannar er að auki handhafi hvatningarverðlauna Íslensku menntaverðlaunanna 2020 fyrir framúrskarandi stuðning við starfsþróun íslenskra kennara með miðlun framsækinnar hugmynda um skapandi skólastarf, nýsköpun og upplýsingatækni þar sem nemandinn er í brennidepli.

flestir í sínum skóla með samstarfsfólki, í svokölluðum þátttökupartýum.

„Þátttökupartýin eru mikilvægur hluti af Utís Online. Við eigum það til að einangrast á netrúðstefnum, en Utís gengur einmitt út á að hittast, ígrunda og deila. Það var þess vegna sem við höfum að skipuleggja þátttökupartý með skólum um land allt,“ segir Ingvi Hrannar. „Árið 2022 voru tæplega 120 skólar á Íslandi með þátttökupartý þar sem starfsmenn þeirra tóku þátt saman, borðuðu jafnvel hádegismat saman, höfðu gott bakkelsi og margir fóru saman út að borða.“

„Það er alveg magnað að

sjá hvað fólk gerir og ég hvet sem flestar stofnanir til að huga að þátttökupartýi í ár þar sem starfsmenn taka þátt saman,“ segir hann.

Styttist í næstu starfsþróunarveislu

Hægt er að kynna sér ráðstefnuna og skrá sig til leiks á www.utis.online. „Kynntu þér fyrirlesarana, þátttökupartýin og hvettu samstarfsfólk þitt með þér. Þetta verður algjör starfsþróunarveisla, eða eins og einn þátttakandi sagði eftir Utís Online 2022: „Þetta er langbesta endurmenntun sem ég veit um“. Sjáumst á netinu í september!“, segir Ingvi Hrannar að lokum.



Dr. Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðstjóri lýðheilsusviðs hjá Embætti Landlæknis, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs HÍ, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ, Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ, Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, og Ágúst Arnar Þráinsson, formaður stjórnar Félags fagfólks í frístundaþjónustu, undirrituðu samstarfsyfirlýsingu.

Félags- og tilfinningahæfni nemenda þungamiðja nýs samstarfs

Kennarasamband Íslands, ásamt samstarfsaðilum, skrifaði í upphafi árs undir yfirlýsingu um stofnun nýrrar viðbótardiplómu á meistarastigi sem ætlað er að efla fagfólk í skóla- og frístundastarfi í árangursríkum starfsháttum sem styðja við tilfinninga- og félagshæfni og geðrækt barna og unglinga.

Mennta- og barnamálaráðuneytið, Háskóli Íslands, Embætti landlæknis, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Félag fagfólks í frístundaþjónustu standa að verkefninu ásamt Kennarasambandinu.

Menntavísindasvið HÍ mun bjóða upp á 60 eininga viðbótardiplómunámið á meistarastigi frá hausti 2024. Námið er ætlað þeim sem starfa, eða hyggjast starfa, sem fagfólk í skóla-, frístunda- og uppeldisstörfum, millistjórnendur í menntakerfinu, og í stöðþjónustu og stjórnsýslu skóla- og frístundamála. Það er liður í innleiðingu margvíslegra stefna í

menntamálum, þar á meðal menntastefnu til 2023 og Lýðheilsustefnu, ásamt því að horft er til laga um heildstæða skólaþjónustu og þrepaskiptan stuðning við mótun þess. Ráðgjafaráð mun þá funda minnst tvisvar á ári til að fylgjast með þróun og framkvæmd námsins og kortleggja meðal annars rannsóknar- og þróunarverkefni því tengd.

„Ég er spennt fyrir samstarfinu og hef miklar væntingar til þessarar nýju námsbrautar. Mér finnst svo frábært að það eigi að fara að horfa á mikilvægi félagsfærni og tilfinningaþroska í öllu starfi með börnum“, sagði Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ, við undirritunina.

Samstarfið var kynnt á ráðstefnu um menntun og farsæld barna í skóla og frístundastarfi sem fram fór í Stakkahlíð, í húsakynnum Menntavísindasviðs, 19. janúar. Flottir fyrirlesarar stigu á stökk ásamt skólafólki og

mennta- og barnamálaráðherra. Meðal þeirra var Sue Roffey, prófessor og sálfræðingur, sem fjallaði um hvernig hægt er að innlima farsæld í skólastarfi. Nánar er rætt við Roffey aftar í blaðinu.

Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ, ávarpaði einnig samkomuna og sagði að það þyrfti kjark til að setja verkefnið á fót og leggja áherslu á farsæld í skólastarfi, líkt og samfélagið kalli eftir. Flókin verkefni kalli á margþættar lausnir.

„Við erum það góð og hæf innan þessara menntastofnana að við getum gert bæði - sinnt farsæld og menntun nemenda“, sagði Magnús Þór. „Við hlökkum til að vera hluti af þessu verkefni áfram. Verum kjörkuð áfram og komumst lengra í því að gera börnin okkar og skólanna farsælli.“

Rætt er við Sue Roffey fræðikonu aftar í blaðinu, á blaðsíðu 32.

Fagmennska og kraftur á fundi Skólamálaráðs

Skólamálaráð kom saman öðru sinni í kjörtímabilinu í byrjun apríl. Á fundinum komu saman skólamálanefndir aðildarfélaganna og kynntu sínar skólalæstefnur.

Heiðursgestur á fundinum var dr. Alison Louise Milner, lektor við Háskólann í Álaborg. Hún ræddi um hvernig best verður búið um hnúta þannig að kennarar vilji starfa við sitt fag. Margt kemur þar til, svo sem að mikilvægi góðra félagslegra samskipta á vinnustað,

kennarar hafi fagmennsku að leiðarljósi og hafi áhrif á líðan og þroska nemenda á hverjum degi. Meira er fjallað um dr. Milner aftar í blaðinu en hún var einnig aðalfyrirlesari á ráðstefnu KÍ, Skóli nútíðar – veggvísir til framtíðar.

Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ og formaður framkvæmdastjórnar skólamálaráðs, hafði veg og vanda af fundinum. Hún sagði efni fundarins vera gott fóður inn í starfsemi ráðsins næsta vetur.



Dr. Alison Louise Milner og Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ.

Ertu með hugmynd?

Ritstjórn Skólavörðunnar er alltaf á höttunum eftir góðu umfjöllunarefni sem tengist skóla- og menntamálum. Endilega sendið okkur línu ef þið lúmið á hugmynd að áhugaverðu efni sem við getum gert skil í blaðinu. Netfangið er utgafa@ki.is.



Veist þú af framúrskarandi skólastarfi?

Hægt er að senda inn tilnefningar til Íslensku menntaverðlaunanna til 1. júní. Verðlaunin eru veitt í fimm flokkum; fyrir framúrskarandi skólastarf, kennslu, þróunarverkefni og verkmenntun ásamt sérstökum hvatningarverðlaunum. Afhending fer fram í nóvember.

Markmið verðlaunanna er að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglingum.

Hægt er að senda inn tilnefningar á vef Skólaþróunar (skolathroun.is/menntaverðlaun/) eða með því að senda póst á Íslensku menntaverðlaunin, b.t. Ingvars Sigurgeirssonar, Sóltúni 16, 105 Reykjavík.


Viltu gerast félagi í FKE?

Kennari sem fer á eftirlaun verður ekki sjálfkrafa félagi í Félagi kennara á eftirlaunum (FKE), heldur þarf hann að sækja sérstaklega um það. Sótt er um aðild á vefsíðu KÍ, www.ki.is, með því að ýta á umslagið neðst til hægri á forsiðunni. Þar er skráningarform sem þarf að fylla út og velja málaflokkinn félagsaðild að FKE.

FKE er með um 2.200 félagsmenn. Starfsemi félagsins er lífleg og er efnt til margs konar viðburða á ári hverju. Vefsíðu FKE er að finna á þessari slóð: fke.is/.



Sjóndeildarhringur nemenda víkkaður



Verkefnið Stækkaðu framtíðina felst í því að fá sjálfbóðaliða af vinnumarkaði til að heimsækja kennslustundir og lýsa starfi sínu, reynslu og námi fyrir nemendum grunn- og framhaldsskóla.

Markmiðið er að víkka sjóndeildarhring nemenda, færa þeim fjölbreyttar fyrirmyndir og opna augu þeirra fyrir þeim möguleikum sem standa þeim til boða, óháð bakgrunni eða búsetu. Vonin er að með því að tengja fólk af vinnumarkaði við skólafélög landsins og kynna nemendur þannig fyrir tækifærum framtíðarinnar sjái þau aukinn tilgang með námi og áhuga.

„Þegar börn og ungt fólk byrjar að horfa til framtíðar og sjá hana fyrir sér hafa þau gjarnan takmarkaða innsýn í þá breiðu flóru starfa sem í boði eru,“ sagði Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðgjafi, við kynningu verkefnisins í Réttarholtsskóla í febrúar. „Það er hagur okkar allra að börn geti fundið sig og mátað sig við sem flest, haft raunverulegt val um framtíðina og blómstrað á eigin forsendum. Mig langar því að hvetja sem allra flest til að taka þátt í þessu með okkur.“

Eins og oft áður er aðkoma kennarans að verkefninu veigamikil. Um þessar mundir er unnið að þróun netvettvangs sem kennarar og skólafólk munu geta nýtt sér til að leita með auðveldum hætti eftir sjálfbóðaliðum til að fá í heimsókn, til dæmis eftir starfsvettvangi, námi og staðsetningu. Þá verður verkefnið og vettvangurinn kynnt nánar í grunn- og framhaldsskólum. Stefnt er að því að hefja heimsóknir á næsta skólaári.

Fólk á vinnumarkaði er hvatt til að taka þátt í verkefninu og skrá sig sem sjálfbóðaliða á vef verkefnisins (staekkaduframtidina.is) og á það einnig við um áhugasama kennara sem vilja gefa börnum og ungmennum innsýn í starfið.

Nýmennt heldur utan um innleiðingu verkefnisins hér á landi og mennta- og barnamála- ráðuneytið ásamt háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu styrkja verkefnið sem er hugsað sem samstarfsvettvangur ólíkra hagsmunaaðila. Verkefnið er mótað eftir breska verkefninu Inspiring the Future, sem hófst í Bretlandi árið 2012, en teygir nú anga sína víða um heim, eins og til Ástralíu og Sviss, með þátttöku rúmlega 75.000 sjálfbóðaliða.

Skólinn öruggur staður fyrir alla

Mennta- og barnamálaráðuneytið gerði í febrúar samning við Samtökin '78 um stuðning við fræðslu- og ráðgjöf á vegum samtakanna. Markmiðið er að stuðla að öruggu umhverfi fyrir hinsegin börn og ungmenntu í grunn- og framhaldsskólum landsins og íþróttar- og frístundastarfi.

Styrkurinn verður meðal annars nýttur til að þróa vandað kennsluefni og námskeið ætlað fagaðilum í skólastarfi sem gert verður aðgengilegt á netinu. Þá á að koma upp tengiliðaneti í grunn- og framhaldsskólum landsins

um hinseginleikann og veita fræðslu og ráðgjöf í skólunum um hinsegin málefni. Einnig ætla samtökin að sinna þróunarstarfi á landsbyggðinni.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðgjafi, og Álfur Birkir Bjarnason, formaður Samtakanna '78, undirrita styrktarsamning.



Félaginn

Ásdís Arnardóttir

Skóli: Tónlistarskólinn á Akureyri

Starf: Sellókennari

► *Ég er tónlistarkennari...* vegna þess að í gegnum tónlist er hægt að þjálfra svo margt eins og aga, einbeitingu, seiglu, skapandi hugsun og ekki síst samvinnu. Sjálf hef ég verið afskaplega heppin með kennara og það gefur mér lífsfyllingu að miðla áfram þekkingu. Sem Suzukikennari er ég í stöðugri samvinnu við nemendur og foreldra og saman þroskumst við og leitum leiða sem efla og örva.

► *Besta stund vikunnar...* er að mæta í heitt jóga eða rólujóga í vikulok, slaka algjörlega á og hlaða batteríin.

► *Þessu mundi ég vilja breyta...* Ég mundi vilja efla tónmenntakennslu á landsvísi. Við sem kennum í tónlistarskólunum finnum fyrir því að tónmenntakennslu skortir víða. Það þarf að eiga sér stað samtal til að bæta úr þessu hið fyrsta.

Sjálf hef
ég verið
afskaplega
heppin með
kennara og
það gefur mér
lífsfyllingu að
miðla áfram
þekkingu



Kennarasambandið í tölum

2.000

Fjöldi þeirra félagsmanna sem dvöldu í sumarhúsum og íbúðum Orlofssjóðs á árinu sem leið.

300

Stjórn Kennarasambandsins á baki slatta fundum en fundur númer 300 fór fram nú í apríl. KÍ tók til starfa í janúar 2000 og fagnar því aldarfjórðungsafræmli á næsta ári.

63

Þessi tala gæti átt við fjölda þingmanna en svo er ekki því þetta er fjöldi félagsmanna KÍ sem heita Jón. Nöfnin Jón og Guðrún hafa löngum verið vinsælustu nafna en þess má geta að félagskonur sem heita Guðrún eru 270 talsins.

9.112

Fjöldi félagsmanna sem sótti um og fékk styrk til endurmenntunar úr sjóðum aðildarfélaga KÍ á árinu 2023.

80

Tónlistarskólar hringinn um landið eru um 80 talsins og félagsmenn FT sem vinna í þessum skólum eru um 500.

32

Fjöldi kennara í Alþjóðasamtökum kennara (Education International) er 32 milljónir. KÍ á aðild að samtökunum með sína tæplega 12 þúsund félagsmenn.

Öll jöfn – engin eins

Í leikskólanum Múlaborg, sem var stofnaður árið 1975, er unnið að sameiginlegu uppeldi og kennslu barna með og án fötlunar og skólinn er ríkur af reynslu. Áhersla er lögð á jafnrétti og að öll börn fái að njóta barnæsku sinnar og að einstaklingar með og án fötlunar fái að njóta þess að læra, vinna og vera saman.

Fallegur fuglasöngur sem barst úr furutrjám tók á móti blaðamanni Skólavörðunnar þegar komið var í Múlaborg. Leikskólinn er staðsettur í Ármúla þó fátt umhverfis hann minni á ysinn og þysinn við múlann. Þar er að finna tvær skólabyggingar sem leikvöllur og lítill birkilundur skilja að. Yngri börnin eru í Litla Múla, nýbyggingu á móti Stóra Múla, sem opnaði í desember 2022.

Gott að vera í Múlaborg

Eftir veglega skoðunarferð um skólabyggingarnar tvær, með viðkomu í sögustund í Birkilundi og heimsóknum á deildir þar sem skólastarf var í fullum gangi, hófst kaffispjall á skrifstofu Kristínar Árnadóttur skólastjóra ásamt Brynhildi Guðmundsdóttur sérkennslustjóra.

Þær eru meðal þeirra tæplega fimmtíu starfsmanna sem starfa við Múlaborg með um 130 börnum. Í starfsmannahópnum er meðal annars að finna fimmtán karlmenn, níu kennara, þar á meðal tvo íþrótta-kennara og sérkennara, og fjóra þroskaþjálfara.





Við sem erum búin að vera hér svona lengi erum markvisst að passa okkur á að vera alltaf jákvæð.

Báðar eiga þær langa sögu við skólann og hafa sinnt ýmsum hlutverkum í gegnum árin, Kristín í um 20 ár og Brynhildur í 25. Og það er ekki einsdæmi, en um þriðjungur starfsmanna hópsins hefur starfað við skólann í 10 ár eða lengur, átta hafa starfað þar í meira en 15 ár, og einstaka starfsmenn í allt að 30 ár. Það er meira að segja svo gott að vera í Múlaborg að sjö fyrrum nemendur hafa kosið að gerast starfsmenn við skólann síðar meir.

Nýtt fólk – nýjar hugmyndir

„Það er samt alltaf smá hreyfing á starfshópnum,“ segir Kristín skólustjóri. „Sum starfa bara við skólann í eitt eða tvö ár á meðan þau eru að fóta sig í lífinu, til dæmis undirbúa sig fyrir háskólanám, eða næstu skref, sem er líka gott,“ bætir hún við. Þau koma gjarnan inn með nýjar hugmyndir, og stundum gagnrýni, sem er gott að fá fram. „Það er alltaf gaman að fá að vera í samtali við fólk sem sér starfið aðeins öðrum augum.“

„Við sem erum búin að vera hér svona lengi erum markvisst að passa okkur á að vera alltaf jákvæð,“ segir Brynhildur sérkennslustjóri. Detta ekki í „nei, þetta þýðir ekkert,“ eða „við erum búin að prófa þetta,“ þegar nýjar hugmyndir koma fram. „Við erum aldrei búin að vera það lengi í leikskóla að við höfum séð allt,“ segir hún.

Þá er lögð áhersla á að hver manneskja hafi sína styrkleika sem eigi að nýta og ítrekað að engin spurning sé röng eða kjánaleg, og aldrei hægt að spyrja of oft að sömu spurningunni. „Við erum náttúrulega bara ótrúlega heppin með starfsfólk yfir höfuð. Það er bara gaman í vinnunni, það eru allir jákvæðir, það eru allir svo miklir þátttakendur og ég held að það smiti út frá sér til næsta starfsmanns og næsta,“ segir Kristín, og Brynhildur bætir við að það sé alltaf gaman að koma í vinnuna, enda sé hún alltaf að læra, líka eftir 25 ár.



Næstum 50 ára saga að baki

Líkt og áður sagði hefur leikskólinn verið starfræktur í Reykjavík frá árinu 1975 og fagnar hann því hálfra aldar afmæli á næsta ári. En margt hefur breyst frá upphafsdögunum. Þegar leikskólinn var byggður var hann alveg tvískiptur; Reykjavíkurborg sá um þrjár deildir og barnafélagið Sumargjöf og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um sérdeildina, en börnin, starfsfólkið og starfsemin voru alveg aðskilin. „Þar var sér starfsfólk, sér símalína, sér kaffistofa, og sér leiksvæði fyrir börnin,“ segir Brynhildur. Einn starfsmanna skólans, sem var áður nemandi á sérdeildinni, man til dæmis eftir sjálfri sér hangandi á grindverkinu á útileiksvæði sérdeildarinnar að horfa á krakkana að leik hinum megin og langaði að vera með, segir Brynhildur.

En svo urðu sem betur fer miklar framfarir. Árið 1992 var ákveðið að Reykjavíkurborg tæki yfir rekstur deildarinnar og þá var í fyrstu gert ráð fyrir að pláss væri fyrir þrjú börn með miklar sérþarfarir á hverri deild. Síðar var þeim fækkað í tvö, þar sem þrjú þóttu of mörg, útskýrir Brynhildur. „Í dag náttúrulega skiptir ekki máli hvort þú sért með fötlun eða ekki. Þegar það er komið að þér að fara í leikskóla þá bara ert þú velkominn,“ segir hún.

Árið 1998 var svo tekin upp heildstæð skólastefna, sem í dag kallast skóli fyrir alla – og ákveðið að hætta

aðgreiningu. Þó var það þannig að mikið rask var hjá börnum með mikla fötlun og þau tekin út úr tímum og af deild í tíma og ótíma til að fara í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun eða einhvers konar þroskaþjálfun, segir Brynhildur. „Þannig að barnið var ekki mikið inni á deildinni og því ekki beint partur af henni.“

Í dag er það þannig í Múlaborg að börn sem á þurfa að halda fá enn sína tíma í þroska- og iðjuþjálfun, en því er þó hagað þannig að sem minnst rask verði á skólastarfi barnsins. Það fer til dæmis kannski í annað hvert skipti til sjúkraþjálfara, sem vill reyndar svo heppilega til að er í næsta húsi, og hitt skiptið kemur þjálfarinn í skólann. Stundum fá börnin líka að taka með sér vin af deildinni í þjálfunina.

Sameiginlegt uppeldi í forgrunni

Fagleg þekking er mikil innan Múlaborgar og leikskólastarfið byggir á áralangri reynslu fagfólks á öllum sviðum er varðar kennslu yngri barna, sérkennslu og annarri nauðsynlegri þjálfun. Leikskólinn sérhæfir sig í að sinna sameiginlegu uppeldi barna með og án fötlunar og sérþarfa. Þar er inngilding í heiðri höfð, allir skipta máli og enginn er hafður út undan.

Skólastarfið endurspeglar ofangreint. Til dæmis eru allir starfsmenn á hverri deild sérfræðingar í sínum

Brynhildur Guðmundsdóttir
sérkennslustjóri
og Kristín Árnadóttir
skólastjóri
Múlaborgar.



**Það er líka ósann-
gjarnt gagnvart
barni að vera alltaf
með sömu mann-
eskjunni. Hvað til
dæmis ef barninu
finnst kannski sú
manneskja bara vera
leiðinleg?**

nemendum, hvort sem þeir eru með fötlun eða sérþarfarir eða ekki. „Það er ekki einhver einn ráðinn inn til þess að vera með ákveðið barn með miklar sérþarfarir, heldur vinnur allt starfsfólkið að því að barnið fái að njóta sinnar barnæsku, vera með og læra í gegnum leik eins og öll önnur börn,“ útskýrir Brynhildur sérkennslustjóri. Hver og einn starfsmaður á deild barnsins er sérfræðingur í því barni og þörfum þess.

Þetta fyrirkomulag, þátttaka hvers starfsmanns í starfinu vekur áhuga og eykur á virkni: „Það koma upp alls konar hugmyndir og lausnir hér og þar sem skipta samt svo miklu máli í stóra

samhenginu,“ segir Brynhildur. Allt í einu fattar til dæmis einhver starfsmaður hvernig hægt er að útbúa snjóbotu svo öll börnin á deildinni geti verið með og setið í snjóbotu, svo dæmi sé tekið.

„Það er líka ósanngjarnt gagnvart barni að vera alltaf með sömu manneskjunni. Hvað til dæmis ef barninu finnst kannski sú manneskja bara vera leiðinleg?“ segir Brynhildur. „Við erum á því að við eigum að nýta mannauðinn og fjölbreytileikann í starfsmannahópnum.“

„Barnið kynnist öllu starfsfólkinu á deildinni, starfsfólki með mismunandi áhugamál, mismunandi áherslur, mismunandi lykt, því engin okkar eru eins,“ bætir skólastjórinn við. „Barn er alltaf fyrst og fremst barn. Síðan vinnum við út frá því hvar það er statt.“

Alltaf finnast lausnir ef vel er að gáð

„Við finnum alltaf lausnir. Við hættum ekki við að gera hitt eða þetta því einhver getur ekki tekið þátt því það er ekkert sem barn getur ekki,“ segir Kristín. Útgangspunkturinn er: Hvernig ætlum við að gera þetta þannig að allir geti tekið þátt? Þannig þróast starfið áfram og alls konar lausnir koma fram. Þetta miðast allt við að vera lausnamiðaður og hugmyndaríkur, taka við hugmyndum annarra eða gagnrýni, og svo leggjast bara öll á eitt,“ segir Kristín.

„Börnin aðgreina ekki og þau finna lausnir líka þannig að hvert barn tilheyrir hópnum að öllu leyti,“ segir Kristín. „Við vinnum með einstaklinginn eins og hann er og eftir hans þörfum.“ Það sjónarmið gildir um öll börn í Múlaborg, hvort sem þau eru með eða án fötlunar og sérþarfa, fylgja sínum þroska í aldri eða eru bráðger. „Markmiðið er að öll fái það sem þau þurfa og meira en það helst,“ segir Kristín að lokum og bætir við:

„Við erum með alla flóruna hér inni á Múlaborg, bæði í nemenda- og starfsmannahópnum en við erum ekkert að vinna sérstaklega með það sem slíkt. Börnin gera sér grein fyrir að það eru ekki allir eins, og það eiga ekki allir að vera eins, en það geta allir verið vinir. Við erum öll jöfn.“

Kynnist kennslu barna með fötlun

Áhugasömum; fagfólki, nemum, foreldrum og öðrum stendur til boða að sækja sér ráðgjöf vegna kennslu barna með fötlun í Múlaborg. „Allir eru velkomnir í heimsókn til okkar, bara að gera boð á undan sér,“ segir Kristín skólastjóri, og blaðamaður getur staðfest að það er virkilega gaman að þiggja það boð og fá að koma og kynnast starfinu.



Börn af Stóra Múla í útiverustund í Birkilundi hitta fyrir nemendur í vettvangsferð af Litla Múla.

Orðsporið 2024 kom í hlut Múlaborgar

Leikskólinn Múlaborg hlaut Orðsporið 2024, hvatningarverðlaun leikskólanna, sem afhent eru árlega 6. febrúar á degi leikskólans, fyrir að vera leikskóli fyrir alla, þar sem öll börn eru velkomin og þörfum þeirra er mætt.

Í umsógn valnefndar um Orðsporið segir að í Múlaborg sé unnið framúrskarandi starf er kemur að jafnrétti í viðu samhengi og þróun kennsluhátta fyrir börn með fatlanir og aðrar sérþarfar. Þá taki leikskólastarf og kennsla mið af hverjum og einum einstaklingi og kennslurými og -aðferðir séu aðlagðar að hverju barni fyrir sig með það að leiðarljósi að börnin njóti sín, hvert á sínum forsendum.

Að Orðsporinu standa Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, mennta- og barnamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli. Mikill fjöldi tilnefninga, eða um sextíu talsins, bárust valnefnd að þessu sinni. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðgjafi, afhenti Kristínu Árnadóttur leikskólastjóra Múlaborgar viðurkenninguna við hátíðlega athöfn í Múlaborg, að kennurum og stjórnendum skólans viðstöddum ásamt fulltrúum Orðsporsins.

Verðlaunin komu þeim Kristínu og Brynhildi á óvart en þær segja þau hafa haft áhrif á starfið og starfsandann og verið hvatning til að sinna starfinu áfram vel og gera jafnvel enn betur.



Súsanna Gestsdóttir, Kristín Árnadóttir, María Kristjánsdóttir og Brynhildur Guðmundsdóttir við afhendingu Orðsporsins í Múlaborg í febrúar.

Raddir kennara eiga að vera í fyrrúmi



Aðalheiður Hreiðarsdóttir leikskólakennari, Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ, Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor og ráðstefnustjóri, og dr. Alison Louise Milner, lektor og heiðursfyrirlesari.



Fulltrúar leikskólans, þær Hanna Berglind Jónsdóttir og Hanna Rós Jónasdóttir fylgjast grannt með því sem fram fer á sviðinu.



„Það þarf ekki að tíunda í þessum sal hversu miklum breytingum skólastarfið hefur tekið síðustu áratugin. Eitt hefur þó ekki breyst en það er sú staðreynd að kennarar eru, nú sem áður, ein mikilvægasta starfsstéttin í okkar samfélagi,” sagði Jónína í ávarpi sínu.



Nútímataekni var beitt á ráðstefnunni og gat fundarfólk tekið þátt í umræðum á Slido. Ekki vafðist það fyrir okkar fólk og var umræðan á stundum fjörleg.



Skólastarf á alþjóðavettvangi var efniviður erindis sem Haldís Holst, aðstoðarframkvæmdastjóri Education International, hélt á einu umræðutorganna. Hún hélt einnig ávarp í lok ráðstefnunnar.

Ráðstefna Kennarasambands Íslands, Skóli nútíðar – vegvísir til framtíðar, fór fram í Hörpu þriðjudaginn 9. apríl. Kennarar, skólastjórnendur og skólafólk sóttu ráðstefnuna í hundraðatali og létu raddir sínar heyrast um málefni stéttarinnar og starfsins.

Viðfangsefni ráðstefnunnar byggðu á viðhorfs- og þjónustukönnun sem Kennarasambandið fékk Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands til að leggja fyrir félagsfólk í febrúar. Meðal annars var leitað svara um kennarastarfið, stjórnun, starfsumhverfi og hlutverk Kennarasambandsins. Þátttaka í könnuninni fór fram úr björtustu vonum, en hún var um 50 prósent, sem þykir mjög gott. Markmiðið með ráðstefnunni var svo að kafa betur í þær áhyggjur og áherslur sem félagsmenn hafa samkvæmt könnuninni og stíga skref í átt að betri starfsskilyrðum, -umhverfi og -ánægju.



Raddir skólafólks eru mikilvægar og eiga að vera í fyrirrúmi.

Jónína Hauksdóttir

Stuð og stemning í Hörpu

Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ, hóf ráðstefnuna með opunarávarpi, Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ, fór því næst yfir niðurstöður könnunarinnar, Alison Louise Milner, lektor við Álaborgarháskóla og fræðimaður, fjallaði um samkeppnishæfni kennarastarfsins, kennaraskortinn, umfang vandans og hugsanlegar lausnir. Formenn og fulltrúar allra aðildarfélaga Kennarasambandsins tóku í kjölfarið þátt í pallborðsumræðum sem Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði HÍ og fundarstjóri ráðstefnunnar, stýrði. Þátttakendur gátu lagt spurningar fyrir pallborðsmeðlimi, sem fjölluðu um einstakar niðurstöður könnunarinnar.

Eftir hádegi hófust umræðutorg, alls átta talsins, um spennandi málefni sem helst brenna á félagsfólki, samkvæmt niðurstöðunum. Þar gafst þátttakendum færi á að kafa dýpra í ákveðin atriði og leggja spurningar fyrir þrjá frummælendur hverrar málstofu og umræðustjóra. Viðfangsefni umræðutorga voru meðal annars umfang

Hálft þriðja hundrað félagsmanna Kennarasambandsins komu saman á ráðstefnu KÍ sem fór í Hörpu 9. apríl. Þetta er án vafa ein stærsta ráðstefna sem KÍ hefur staðið að og þótti hún takast mjög vel.

MYNDIR / RAGNHILDUR ADALSTEINSDÓTTIR

starfs og hópastærðir, menning, líðan og álag, nýliðun og starfsþróun, fagvitund og fagmennska, áskoranir í stjórnun og raunveruleiki skóla á landsbyggðinni. Líflegar, faglegar og fjölbreyttar umræður sköpuðust, sem verða gott innlegg inn í næstu skref.

Haldis Holst, aðstoðarformkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka kennara, eða Education International, hélt erindi undir lok ráðstefnunnar áður en fundarstjóri sleit henni formlega og þátttakendum gafst tækifæri til að ræða um það sem fram fór yfir léttum veitingum að ráðstefnu lokinni.

Kennarar móta samfélagið

Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ, hóf ráðstefnuna á ávarpi, en Hringferð varaformanns 2023 varð kveikjan að því að formaður og varaformaður ákváðu að leggja viðhorfs- og þjónustukönnun fyrir félagsfólk 2024.

Jónína sagðist binda vonir við að erindi og umræður dagsins yrðu gott fyrsta skref í að vinna áfram með niðurstöður könnunarinnar, sem endurspeglir viðhorf félagsfólks til skólastarfsins.

„Við sem höfum komið að undirbúningi þessa dags höfum miklar væntingar til þess að ráðstefnan marki ákveðið upphaf þess að félagsfólk taki sjálft umræðuna um þau fjölmörgu málefni sem tengjast starfinu og skólamálum – í stað þess að hlusta á aðra fjalla um skólastarf og starfsumhverfi kennara. Raddir skólafólks eru mikilvægar og eiga að vera í fyrirrými,“ sagði hún.

Verið er að ýta úr vör stóru og mikilvægu verkefni þar sem tekið er á þeim þáttum sem brenna á félagsfólki. „Þessum spurningum og mörgum öðrum munum við halda áfram að leita svara við, innan KÍ, á vettvangi aðildarfélaganna og í samfélaginu almennt.“

Undir lokin ítrekaði varaformaður mikilvægi skólastarfsins í síbreytilegum heimi. „Það þarf ekki að tíunda í þessum sal hversu miklum breytingum skólastarfið hefur tekið síðustu áratugin. Eitt hefur þó ekki breyst en það er sú staðreynd að kennarar eru, nú sem áður, ein mikilvægasta starfsstétin í okkar samfélagi. Hlutverk okkar er að mennta börn og ungmenni, búa þau undir framtíðina og gera þeim kleift að njóta sín á eigin forsendum. Þannig búum við til gott samfélag,“ sagði Jónína Hauksdóttir, varaformaður KÍ.

Vert er að geta þess að hægt er að horfa á fyrirlestra ráðstefnunnar og pallborðið á vef KÍ. Til stendur að birta einnig upptökur af umræðutorgunum.

Ráðstefnan í hnotskurn

Vakin er athygli á að hægt er að kynna sér ráðstefnuna á vef KÍ. Upptaka af fyrirlestrum er aðgengileg sem og af pallborðinu. Þá eru glærur formanns KÍ um niðurstöður könnunarinnar á vef KÍ, undir flípanum kennarastarfið.



Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ, fór yfir helstu niðurstöður viðhorfskönnunar Kennarasambandsins. Fram kom að niðurstöður eru um margt áhugaverðar og til þess fallnar að skerpa á starfsemi sambandsins. Hann sagði kynningu skýrslunnar fyrsta skrefið í vegferð þar sem farið verður dýpra í viðhorf félagsfólks til starfsins og KÍ.

Samkeppnishæf laun og umfang starfs skora hátt

Ráðstefnan Skóli nútíðar – vegvísir til framtíðar snerist að langmestu leyti um niðurstöður

viðhorfs- og þjónustukönnunar sem KÍ lagði fyrir félagsmenn í febrúar. Markmiðið með könnuninni var að greina starfsaðstæður kennara og álag þeirra í starfi. Þá var kannað viðhorf félagsmanna til starfsþróunar annars vegar og viðhorf til Kennarasambandsins hins vegar.

Magnús Þór Jónsson, formaður KÍ, kynnti helstu niðurstöður á ráðstefnunni. Fram kom í máli formanns að niðurstöðurnar eru vel marktækar enda fór þátttaka langt fram úr væntingum,

en rétt tæplega helmingur (49%) félagsfólks tók þátt – sem er þakkarvert.

Hér á eftir verður stiklað á stóru í helstu niðurstöðum könnunarinnar og er byggt á kynningu Magnúsar í Hörpu.

Hvaða fimm lýsingarorð af þessum lista lýsa best upplifun þinni af Kennarasambandi Íslands? Hér höfðu þátttakendur úr 28 lýsingarorðum að velja en þau fimm atriði sem skoruðu hæst voru eftirfarandi; KÍ er að mati svarenda aðgengilegt, því er umhugað um félagsfólk, það er þjónustumiðað, áreiðanlegt og stofnanamiðað.

Önnur spurning er varðaði starfsemi KÍ var um hvaða þjónustu félagsfólk nýtti sér á liðnu ári. Niðurstaðan kom svo ekki á óvart en þar skoruðu endurmenntunarsjóðirnir hæst, en 77



prósent sögðu hafa sótt í þá. Næst kom Orlofssjóður með 36 prósent og í þriðja sæti var sjúkrasjóður, með 32 prósent. Rúmlega fimmtungur kvaðst hafa sótt fræðslufundi á vegum sambandsins.

Magnús sagði ljóst að starfsemi sjóðanna væri góður snertiflötur við félagsfólk en hann sagði einnig athyglisvert hversu skólastjórnendur væru duglegir að sækja fræðslufundi. Tæplega 40 prósent stjórnenda svöruðu spurningunni um hvort þeir sæktu fræðslufundi játandi.


Starfið, líðan, álag

Tíu lykilþættir ETUCE (Evrópsku kennarasamtakanna) voru lagðir til grundvallar í könnuninni en þeir snúast um það hvað fólki finnst skipta mestu máli fyrir kennarastarfið.

Svörin voru afgerandi en mikill meirihluti nefndi samkeppnishæf laun, eða 80 prósent. Hæfilegt vinnuálag kom næst á eftir, en 61 prósent nefndu það, og í þriðja sæti voru öruggar vinnuaðstæður, með 45 prósent. Þar á eftir komu faglegt sjálfstæði, virk fagleg umræða og valdefling kennara.


Spurt var um líðan í starfi og þar kom fram að 74 prósentum félagsfólks líður almennt mjög vel eða frekar vel í starfi. Stjórnendur í framhaldsskólum skora hæst, en 89 prósentum þeirra líður vel í starfi, en leikskólakennarar eru lægstir, með 68 prósent í þessum lið.

Hver af þessum atriðum skipta mestu máli fyrir kennarastarfið?




Hversu góð eða slæm er líðan þín í starfi?

Hlutfall þeirra sem svöruðu: mjög eða frekar góð.



Hversu líklegt er að þú verðir í sama starfi eftir fimm ár?

Hlutfall þeirra sem svöruðu: mjög eða frekar líklegt.





Forystufólk aðildarfélaganna tók sér sæti á sviðinu undir hádegi og svaraði spurningum ráðstefnugesta. Þetta voru Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir (FF), Sigurður Sigurjónsson (FSL), Anton Már Gylfason (FS), Þorsteinn Sæberg (SI), Haraldur Freyr Gíslason (FL) og Mjöll Matthíasdóttir (FG). Hægt er að horfa á pallborðið á vef KÍ.

Tölurnar eru mjög áþekkar þegar spurt er hvernig fólk telji sig ráða við álag í starfi. Þar segjast 82 prósent ráðgjafa ráða vel við álag í starfi, 72 prósent kennara og 79 prósent skólastjórnenda.

Álag í starfi skólafólks er hins vegar þekkt staðreynd. Þegar kennarar voru spurðir hverjir væru mestu álagsvaldarnir í þeirra störfum nefndu flestir hópastærðir, samsetningu hópa og umfang starfs. Um sextíu prósent nefndu þessi atriði en margir nefndu einnig skort á stuðningi inni í bekk, eða rúmur þriðjungur.

Stjórnendur svöruðu sömu spurningu aðeins öðruvísi, en umfang starfs var í efsta sæti hjá þeim. Mannauðsmál og málefni einstakra nemenda komu þar á eftir. Fjórdi hver stjórnandi telur stjórnunarþætti og samstarf við foreldra einnig vera álagsþátt.

Ákall um starfsþróun

Félagsfólk var spurt um viðhorf til starfsþróunar. Þar kom fram að rúmlega helmingur, eða 52 prósent, kys að sækja starfsþróun á skólatíma. Um 46 prósent sögðust geta hugsað sér fjarnám af einhverju tagi og sami fjöldi nefndi starfsþróun með eigin teymi.

En hvað vilja kennarar, stjórnendur og ráðgjafar helst læra á starfsþróunarnámskeiðum? Hér kom fram áhugaverður munur.

Grunnskólakennarar nefna aga og samskipti og telja fræðslu um það nýttast best í starfi. Framhaldsskólakennarar vilja helst bæta við sig í eigin faggrein en 78 prósent þeirra settu það í fyrsta sæti. Meira en helmingur leikskólakennara vill sækja fræðslu um farsæld og velferð barna. Skólastjórnendur kjósa hins vegar að sækja menntun er kemur að faglegri forystu, stjórnun og skipulagi.

Magnús sagði þessar niðurstöður áhugaverðar og að skólamálanefndir aðildarfélaganna myndu taka þær til skoðunar. Krafan um starfsþróun væri skýr og gera mætti betur í þeim efnum.

Fimm ára línan

Að síðustu kynnti Magnús niðurstöður þegar spurt var hvort félagsfólk sæi sig í sama starfi eftir fimm ár. Hann sagði niðurstöðurnar vekja ugg en samkvæmt þeim sagðist 31 prósent stjórnenda ekki sjá sig í sama starfi að fimm árum liðnum. Svo allrar nákvæmni sé gætt, þá telja þessir stjórnendur það mjög ólíklegt eða frekar ólíklegt að þeir verði á sama stað eftir fimm ár.

Hlutfallið er aðeins lægra hjá

leikskólakennurum, en þar svöruðu 27 prósent spurningunni játandi og 26 prósent grunnskólakennara.

Meiri festa virðist í hópi framhaldsskólakennara en aðeins 16 prósent töldu frekar ólíklegt eða mjög ólíklegt

að þeir yrðu í sama starfi eftir fimm ár. Tónlistarskólakennarar eru nánast á pari við framhaldsskólann, þeirra hlutfall mældist 18 prósent.

Magnús sagði þetta ákveðið hættumerki og verkefni sem þurfi að horfa til.

Hvað svo?

Hægt er að kynna sér efni ráðstefnunnar á vef KÍ. Þar er jafnframt að finna niðurstöðuskýrslu könnunarinnar og glærusýningu formanns. Þá er hægt að horfa á upptöku af fyrirlestrum.

Farið verður dýpra í niðurstöður skýrslunnar á vettvangi Kennarasambandsins og aðildarféлага næstu vikur og mánuði. Nefndir og ráð munu fá kynningu á þeim atriðum sem þau óska.

Þá er stefnt að því að taka saman meginatriði skýrslunnar og setja fram aðgengilegan kynningarpakka sem verður tilbúinn við upphaf næsta skólaárs.

77%

**svarenda
sögðust hafa
notað endur-
menntunarsjóði
KÍ.**

Hvernig lítur heimurinn út án kennara?

Alison Louise Milner, fræðimaður og lektor við Álaborgarháskóla, fjallaði um samkeppnishæfni kennarastarfsins og kennaraskortinn; umfang vandans, og hugsanlegar lausnir.

Kennaraskorturinn er viðvarandi vandamál á heimsvísu, hrjáir til að mynda öll aðildarríki

Evrópusambandsins, og þróunin gefur til kynna að hann versni á næstu árum. Samkvæmt spám stjórnvalda frá 2019 mun vanta 1.500 til 2.270 kennara hér á landi árið 2032. Færri skrá sig í kennarnám og enn færri útskrifast eftir því sem starfstækifærum sem borga betur fjölga og fleiri vinnustaðir á almenna markaðnum bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma og betra jafnvægi milli einkalífs og vinnu.

Kennarastarfið er nefnilega í samkeppni við önnur störf á markaði og kemur sífellt verr út í samanburði, segir Milner, og þar er mörgu um að kenna. Samkvæmt Milner má þó helst nefna þætti sem snúa að samkeppnishæfni starfsins, allra helst launum og kjörum. Þegar launin hækka, eða hækka hlutfallslega miðað við önnur störf, dregst úr skortinum og öfugt. Laun kennara eru almennt undir meðallaunum þeirra sem búa yfir menntun á sama stigi. Á Írlandi, einu af fáum ríkjum heims þar sem kennarar fá greitt meira en meðallaun jafningja sinna, hvað varðar menntun, er kennaraskorturinn ekki eins viðvarandi og umfangsmikið vandamál.

Þörf fyrir sveigjanleika

En fleira en laun og kjör kemur til, segir Milner. Horfa þarf á vandann í sögulegu og félagsfræðilegu samhengi, einna helst með kynjagleraugum. Kennarar eru í miklum meirihluta konur. Ein af ástæðum þess er sú að starfið og vinnutíminn hefur lengi verið talið henta vel umönnunaraðilum, til dæmis þeim sem sjá helst um uppeldi barna, sem enn í dag eru að stærstum hluta konur. Milner segir að líta megi svo á að þessir „kostir“ við starfið hafi í raun komið í stað almennilegra launakjara.

„Kennarastarfið hefur treyst á og nýtt sér konur og vinnuframlag kvenna til að greiða lægri laun,“ segir hún. Nú er þetta hins vegar að breytast og fleiri og fleiri vinnustaðir gera sér grein fyrir þörfinni fyrir að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma eða heimavinnu, ekki sist eftir heimsfaraldurinn, og samkvæmt



spám mun sú þróun halda áfram. Kennarastarfið situr þá eftir sem minna sveigjanlegt starf þar sem mætingar er krafist, kennarar geta lítið skipulagt starf sitt, starfsstað og -stundir sjálfir, samhliða því að álag í starfi eykst. Samkvæmt breskri könnun sögðust 54% kennara leggja sig mikið fram í vinnu árið 1992, en 90% kennara árið 2017, samanborið við 52% annarra starfandi. Samkvæmt breskri rannsókn frá árinu 2021 eru kennarar tvisvar sinnum líklegri en aðrar stéttir til að vinna undir miklu álagi.

Starfsþróun og stuðningur

Þá er starfsánægja og gæði starfa orðin meiri krafa hjá yngri kynslóðum og vinnustaðir þurfa að mæta kalli nýrra starfsmanna eftir betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs og velliðan í starfi.

En hvernig er hægt að byrja að lagfæra vandann?

Milner segir mikilvægt að byrja á því að færa fókusinn frá því að einblína alltaf á aðferðir og nýjar leiðir og átök til að fjölga kennurum og auka nýliðun og kennaranemum yfir í að einblína heldur á það hvernig hægt er að halda kennurum í starfi. Bæta þarf gæði starfsins og starfsánægju, svo sem með því að gera fyrstu árin í starfi betri fyrir nýliða til að sporna við brottfalli á fyrstu árunum og

huga að kennurum sem hafa verið lengi í starfi. Bjóða upp á starfsþróun og endurmenntun sem hæfir hverjum starfsaldri, náms- og starfsleyfi og auka stuðning

við kennara, hvar sem þeir eru staddir á starfsævvinni. Þá þarf að valdefla kennara og auka sjálfstæði þeirra og sjálfræði í starfi.

Sömuleiðis er nauðsynlegt að leiðrétta laun og kjör kennara til samræmis við markaðinn til að auka samkeppnishæfni starfsins og leiðrétta kennaraskortinn. Einnig er mikilvægt að takast á við kynjaójafnvægi innan stéttarinnar og stuðla að jafnrétti og sýnileika allra hópa í stéttinni svo starfið verði aðlaðandi fyrir öll, segir Milner.

Að lokum er mikilvægt að nálgast vandann í hvívetna út frá þjóðfélagsumræðu og skoðanaskiptum milli aðila

vinnumarkaðarins (e. social dialogue). Það er mikilvægasti þátturinn í að leiðrétta skortinn, segir Milner, sem skildi áheyrndur eftir með tilvísun í bandarískan kennara sem hætti í starfi með þá von í brjósti að hann myndi snúa til baka eftir eitt til tvö ár, endurnærður. „Það er ekki undir okkur kennurum sjálfum komið að breytast eða finna út hvað við getum gert til að haldast í starfi – heldur er það kerfið sjálft sem þarfnast umbyltingar, og hefur gert það nokkuð lengi.“



Það er ekki undir okkur kennurum sjálfum komið að breytast eða finna út hvað við getum gert til að haldast í starfi – heldur er það kerfið sjálft sem þarfnast umbyltingar.

Hef alltaf heillast af tungumálum

É g tel að tungumálanám sé mjög gott fyrir alla. Þegar við lærum nýtt tungumál þá opnum við hugann og víkkum sjóndeildarhringinn. Það er mannbætandi,“ segir Katrín Högnadóttir, þýskukennari við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Katrín er auk þess fráfarandi formaður í Félagi þýskukennara, sem er afar blómlegt fagfélag með um fimmtíu félaga innanborðs. Skólavarðan sló á þráðinn austur og spurði Katrínu út í tungumálanám og starfsemi félagsins.

Katrín er fyrst spurð af hverju hún hafi lagt þýsku fyrir sig. „Ég hef alltaf heillast af tungumálum og þegar ég var í menntaskóla þá tók ég alla áfanga sem voru í boði í dönsku, frönsku, spænsku og þýsku. Mér þóttu öll tungumálin skemmtileg en einhverra hluta vegna vó þýskan alltaf þyngst,“ segir Katrín og bætir við að kannski hafi rannsóknarlögreglu-maðurinn Derrick haft áhrif.

„Við mamma horfðum alltaf á Derrick í sjónvarpinu þegar ég var stelpa. Ætli hann hafi ekki bara haft þessi áhrif á mig. Lengi býr að fyrstu gerð, ekki satt?“

Lykillinn að samskiptum

Hver er staða þýskunnar í framhaldsskólum? Katrín á svar við því.

„Það er misjafnt eftir skólum og við sjáum líka sveiflur milli ára. Víðast hvar í framhaldsskólum eru tvö erlend tungumál í boði og hér í ME hafa fleiri nemendur valið spænskuna undanfarin misseri. Hvort það stafar af tíðari ferðum Íslendinga á sólarstrendur veit ég ekki. Ég hef töluverðar áhyggjur af „þriðja tungumálinu“ yfir höfuð og veit að það er uggur í fleiri kennurum,“ segir Katrín.

Hún segir að áhyggjur tungumálakennara hafi síðustu ár að hluta til beinst að þýðingarvélum á netinu, sem geta þýtt heilu og hálfu bækurnar fyrir nemendur. Nú hefur gervigreindin komið inn af krafti.

„Það má segja að landslagið nú í námi almennt sé ekki ósvipað því sem var í tungumálanámi þegar þýðingarvélarnar komu fram fyrir þó nokkuð mörgum árum. Hlutirnir eru að breytast hratt en ég vil ekki trúa því að kennsla þriðja tungumáls detti alveg út í framhaldsskólunum. Við getum ekki og megum

... við þurfum að vera fljót að átta okkur á nýju umhverfi og tileinka okkur nýjar leiðir og kennsluhætti í tungumálanáminu

ekki stinga höfðinu í sandinn og þurfum því að vera fljót að átta okkur á nýju umhverfi og tileinka okkur nýjar leiðir og kennsluhætti í tungumálanáminu,“ segir Katrín.

En það er fleira sem herjar á tungumálanám í framhaldsskólum, nefnilega stytting náms til stúdentsprófs. Katrín tekur undir það og segir meginbreytinguna þá að flestir nemendur taki bara þrjá áfanga í þriðja tungumálinu í kjarna brautar en áður voru áfangarnir fjórir.

„Í minni skólum hefur þetta í för með sér að fjórði áfanginn er með öllu dottinn út. Málabrautin er víða ekki lengur við lýði sem þýðir að ekki er boðið upp á efri áfanga lengur. Þetta gerir það að verkum að dýptin í tungumálanáminu verður minni en ella – og líklegra að nemendur fari á mis við hluti á borð við sögu, menningu og bókmenntir í tengslum við tungumálið. Flestir kennarar gera sitt besta við að koma þessum atriðum inn, en það er ekki svo auðvelt í neðri áföngum þar sem kenna þarf ákveðinn grunn,“ segir Katrín.

Tungumálanám er mikilsvert að sögn Katrínar enda lykill að samskiptum. „Tungumálanám snýst fyrst og síðast um samskipti fyrir mér og er um leið lykill að möguleikum til leiks og starfs í öðrum löndum. Ég hef þá trú að þegar fólk lærir að tala nýtt tungumál þá öðlist það innsýn í aðra menningu og úr því komi meira umburðarlyndi og gagnkvæmur skilningur. Ef heiminn skortir eitthvað þá er það einmitt þetta tvennt,“ segir Katrín.

Þýska hefur verið kennd hér á landi um langa hríð, að minnsta kosti síðan um miðja nítjándu öld. Þá var þýskan kennd í Lærða skólanum. Áður höfðu margir lært hana sjálfir.

Katrín er spurð hvort þýskan sé auðveld fyrir okkur sem tölum íslensku. „Já, það



„Ég hef þá trú að þegar fólk lærir að tala nýtt tungumál þá öðlist það innsýn í aðra menningu og úr því komi meira umburðarlyndi og gagnkvæmur skilningur,” segir Katrín Högnadóttir.

má segja að það liggi vel fyrir okkur að læra þýsku, enda eru töluverð líkindi milli málkerfa þessara tveggja tungumála. Fyrir það fyrsta eru bæði málin germönsk og því kannski ekki skýrt að sumir nemendur, sem hafa lagt stund á íslensku, ensku og dönsku, tali um að þýskan sé fyrir þeim eins og týnda stykkið í málapúslinu,” segir Katrín.

Margt um að vera

Eftir þessa yfirferð á stöðu þýskunnar og tungumálanáms í framhaldsskólum vikur talinu að Félagi þýzkukennara. Félagið á sér langa sögu, var stofnað árið 1970 og hefur starfað æ síðan. Spörgöngumaður að stofnun félagsins var Baldur Ingólfsson þýzkukennari við MA og MR. Þau sem eru komin á miðjan aldur muna eftir fjölmörgum kennslubókum Baldurs.

Um fimmtíu þýzkukennarar, víða um land, eru í félaginu.

„Það er alltaf eitt og annað á döfinni í félaginu. Við erum nýbúin að halda DaF-Tag, en hann samanstóð af aðalfundi, fræðsluerindum og uppskeruhátíð þar sem veitt voru

verðlaun til nemenda fyrir góðan árangur í Þýskubrautinni og stuttmyndakeppni. Þetta var afar ánægjulegt og tókst vel. Í byrjun árs hlustuðum við á erindi sérfræðings, hjá Herder-stofnuninni við Leipzig-háskóla, um gervigreind og svokölluð snjallyrki. Þá fengum við flott boð frá þýska sendiráðinu í lok síðasta árs en þá kom Darius Zander tónlistarmaður til landsins og heimsótti nokkra skóla. Hann bauð upp á vinnustofur í tónlist sem þóttu takast afar vel,” segir Katrín.

Mikilvægi félagssskapar á borð við Félag þýzkukennara er óumdeilt. Félagið heldur úti vefsíðu þar sem er að finna fréttir af viðburðum og tengla á áhugavert efni fyrir þýzkukennara. „Félagið hefur veitt mér mikinn stuðning sem ég er mjög þakklát fyrir. Það getur verið talsverð áskorun að vera eini þýzkukennarinn við lítinn skóla úti á landi og því dýrmað að geta leitað til annarra sem fást við sama fag. Einnig fannst mér gefandi að taka þátt í stjórn félagsins, því þannig fær maður jú betri innsýn í starf þess og um leið tækifæri til að styrkja tengslin við aðra innan fagsins til muna,” segir Katrín Högnadóttir.



Glæsileg ungmennti fá viðurkenningu fyrir Þýskubrautina. Athöfnin fór fram á uppskeruhátíð félagsins 16. mars. síðastliðinn.

Þýskubrautin, um hvað snýst hún?

Þýskubrautin er í raun próf sem kennarar leggja fyrir sína þýskunemendur á framhaldsskólastigi. Hún samanstendur af lesskilningi, orðaforða, málfræði og málnotkun, ritun og þekkingu á landi og þjóð. Tvö þyngdarstig eru í brautinni, þannig að stig 1 er lagt fyrir byrjendur í þýsku og stig 2 fyrir lengra komna.

Þýskubrautin hefur síðustu ár verið samin af kennara innan félagsins og undanfarin tvö ár höfum við verið svo lánsöm að fá fjárhagslegan stuðning frá Goethe Institut til þess. Þýskubrautin er auglýst innan skólanna og fyrir marga þátttakendur eru verðlaunin eftirsóknarverð, en það eru ferðir út til Þýskalands.

Vanalega hafa tvö prógrömm verið í boði, annars vegar svokallað PAD og hins vegar Eurocamp. PAD er verkefni á vegum þýska menntamálaráðuneytisins og stuðlar að evrópskum og alþjóðlegum samskiptum í skólageiranum. Því miður er PAD ekki í boði í ár vegna samdráttar, en í mörg ár hefur Ísland sent sína fulltrúa þangað.

En við erum þakklát fyrir að Eurocamp skuli vera í boði, en þangað fara í ár þrír íslenskir framhaldsskólanemendur. Eurocamp eru alþjóðleg ungmenntaskipti sem hafa verið til í yfir 30 ár. Þá hittast ungmennti hvaðanæva úr Evrópu og kynnast annarri menningu, vinna saman í vinnustofum, skiptast á hugmyndum og hafa gaman. Prógrammið er alltaf haldið á mismunandi stöðum innan sambandsríkisins Sachsen-Anhalt. Efstu nemendur á hvoru þyngdarstigi fyrir sig (sem orðnir eru 18 ára gamlir) fá boð um að fara út. Í ár og í fyrra var svo dregið um hver fengi þriðja miðann í Eurocamp. Fyrir utan ferðaverðlaunin eru einnig veitt 15-20 bókaverðlaun, sem þýska sendiráðið á Íslandi gefur, fyrir góða frammistöðu í Þýskubrautinni,” segir Katrín Högnadóttir.

Einu sinni var...

Enska kennd í gegnum tölvupóst

Fjarkennsla og fjarkennsla eru hversdagsleg orð í dag enda fyrirbærið vel þekkt og stundað í fjölda framhaldsskóla og háskóla hér á landi. Þá nýttist tæknin sérlega vel á tímum heimsfaraldursins og grunnskólanemendur kynntust þessari tegund kennslu.

Fjarkennsla fagnar þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. Hugmyndin kom upp í Verkmenntaskólanum á Akureyri og þótti býsna byltingarkennd. Að baki hugmyndinni stóðu þeir Adam Óskarsson og Haukur Ágústsson.

Bernharð Haraldsson, sem var fyrsti skóla-meistari VMA, lýsti því í viðtali á vefsíðu skólans að fjarnámið hafi verið eitt af því sem hann væri hvað stoltastur af. Hann sagði líka að hann ekki hafi hugmynd um hvað þeir Adam og Haukur voru að tala um þegar þeir víðruðu hugmyndina fyrst. „Ég hef ekki hugmynd um hvað þið eruð að tala en ég skal styðja ykkur,“ sagði hann við þá félagi á fyrrnefndum fundi.

Skömmu síðar fór fjarkennslan af stað, fjórtán nemendur skráðu sig til náms, en fyrst um sinn var enska kennd í gegnum tölvupóst. Bernharð segir í sama viðtali að fjarkennslan hafi verið mikið gæfuspör, nemendum fjölgaði hratt og á nokkrum árum voru þeir orðnir rúmlega sjö hundruð. Hann bætir við að hann hafi mátt

Ég hef ekki hugmynd um hvað þið eruð að tala en ég skal styðja ykkur.

þola skammir í menntamálaráðuneytinu þar sem sumir töldu þetta allt saman fráleita vitleysu.

Tölva sími og mótald

Fyrsta fréttin um fjarkennslu á Íslandi birtist í Mogganum 30. desember 1993.

Upphaf fréttarinnar er svohljóðandi:

Fjarkennsla í tveimur áföngum í ensku hefst við Verkmenntaskólann á Akureyri eftir áramótin. Nemendur geta verið hvar sem er á landinu, en þeir verða að hafa aðgang að tölvu, síma og mótaldi. Sömu kröfur verða gerðar í fjarkennslunni um verkefnaskil og annað eins og þegar um nám í dagskóla er að ræða. Kennt verður í gegnum Íslenska-menntanetið; ismennt-netið.

Þrír enskuáfangar voru í boði á vorönn 1994 og gekk vel að halda þeim úti að sögn Hauks.

„Við þykjumst að sumu leyti vera að brjóta upp nýja leið, einstaklingum gefst nú kostur á að velja þann tíma sem hentugast er til námsins og nemendur geta verið hvar sem er á landinu,“ sögðu Haukur og Adam við Morgunblaðið í þessari grein um fyrstu skref fjarkennslunnar í skólanum.

Fyrir marga var fjarnám framandi hugmynd fyrir þrjátíu árum en það átti eftir breytast hratt. Fjarnám er nú víða við lýði í framhalds- og háskólum.

Við gefum Bernharð skólameistara síðasta orðið en þetta sagði hann árið 1997.

„Við höfum yfirunnið hin landfræðilegu landamæri þess að geta menntast. Nemendur okkar eru ekki bara frá Akureyri eða koma til Akureyrar til að sitja í misskemmtilegum tímum hjá misskemmtilegum og fróðleiksfúsnum kennurum. Nú geta menn setið heima hjá sér og unnið verkefni sín þegar

þeim hentar best. Það skiptir ekki máli hvar nemandinn er, hann getur verið á Saudárkróki eða Seyðisfirði, í innstu dölum, úti við sjávarsíðuna, eða jafnvel á togara allt norður í Smugu.“

Heimildir: Vefur VMA (vma.is) og Morgunblaðið 30. desember 1993

06 MYND



Maria Tecla Artemisia Montessori var ítalskur læknir, kennari og uppeldisfræðingur. Hún fæddist á Ítalíu 31. ágúst 1870 og lést í Suður-Hollandi 6. maí 1952. Montessori fór snemma ótróðnar slóðir og fetaði menntaveg, ólíkt kynsysturum sínum. Hún varð fyrst ítalskra kvenna til að nema læknisfræði og lauk doktorsprófi árið 1896 frá Sapienza-háskólanum í Róm.

Maria Montessori hóf starfsferilinn á geðdeild háskóla-sjúkrahússins þar sem hún vann með þroskahömluðum börnum. Hún varð snemma sannfærð um að nauðsynlegt væri að tvinna saman læknisfræði og uppeldisfræði til að ná árangri í starfinu með börnunum og hóf því að kynna sér uppeldisfræðilegar kenningar og þróa áfram. Áhuginn leiddi hana aftur inn á menntavegin og áfangar í kennslu- og uppeldisfræði og mannfræði urðu meðal annars fyrir valinu.

Samhliða náminu tók Montessori við starfi forstöðukonu við skóla fyrir kennara barna með þroskahamlanir og námsörðugleika í Róm. Í tilraunakennslustofu skólans hóf hún að láta reyna á kenningar sínar, gera tilraunir með aðferðirnar og útfæra þær frekar. Ekki leið á löngu þar til mörg barnanna, sem hafði verið talið að ekki væri hægt að uppfræða, voru farin að skara fram úr í námi þannig að eftir því var tekið meðal menntayfirvalda og -fræðimanna.

Maria Montessori lagaði í kjölfarið aðferðina að starfi með óþroskahömluðum börnum og úr varð Montessori-kennsluaðferðin. Hún lét reyna á aðferðina í verki og þróaði hana áfram þegar hún tók við stjórn Casa dei bambini, skóla fyrir börn á aldrinum þriggja til sjö ára, sem staðsettur var í fátæktarhverfi Rómar. „Vann hún þar óhemju



Enska kennd á tölvuneti

FJARKENNSLA í tveimur áföngum í ensku hefst eftir áramótin hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri og gefst einstaklingum hvar sem er á landinu sem aðgang að tölvu og mótaldi kostur á að sjá sig þessa kennd. Þeir Adam Óskarsson og Haukur Ágústsson sem hafa haft vög og vanda að undirbúningi fjarkennslunnar sjna hér Bernharð Haraldsson skólameistara hvernig kerfið virkar.

Tilraunaverkefni í Verkmenntaskólanum á Akureyri
Fjarkennsla í tveimur ensku-áföngum hefst í janúar

FJARKENNSLA í tveimur áföngum í ensku hefst við Verkmenntaskólann á Akureyri eftir áramótin. Nemendur geta verið hvar sem er á landinu, en þeir verða að hafa aðgang að tölvu, síma og mótaldi. Sömu kröfur verða gerðar í fjarkennslunni um verkefnaskil og annað eins og þegar um nám í dagskóla er að ræða. Kennt verður í gegnum Íslenska-menntanetið; ismennt-netið.

Umsein með kennslunni hafa þeir Adam Óskarsson og Haukur Ágústsson, skólameistarar hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri, kynnt nýtt tækni- og tölvu-kerfi til mennta- og námsmanna.

01 BLAÐHLUTI

Hver er konan?

02 NAFN

Maria Montessori

03 AFREK

Montessori-kennsluaðferðin

04 FÆÐINGÁR

1870

05 DÁNARÁR

1952



mikið og merkilegt mannúðarstarf, jafnframt því sem hún hóf athuganir á sálarlífi og þroska barnanna,“ eins og Valborg Sigurðardóttir skólastjóri orðaði það í grein í Menntamálum, sem hún skrifaði í tilefni af andláti Montessori í maí 1952. Fregnir af frjálsegum og óhefðbundnum kennsluaðferðum skólans og árangrinum sem þær skiluðu vöktu heimsathygli og áhugasamir fengu að sjá kennslustund í rauntíma í sérstakri glerkennslustofu, sem sett var upp á heimssýningunni í San Francisco árið 1915.

María Montessori var hug-sjónakona og því urðu farir hennar ekki alltaf sléttar, eins og stundum vill verða. Þegar fasistaflokkur Mussolini komst til valda árið 1922 neitaði Montessori að láta nemendur sína ganga í fasískum skólabúningum og neyddist til að flýja land til Spánar. Þegar spænska borgarastyrjöldin hófst árið 1936 hraktist hún þaðan til Indlands þar sem hún hélt áfram að kenna og þróa kennslufræði sín í rúman áratug, eða fram til ársins 1947, þegar hún flutti til Hollands, þar sem hún bjó og starfaði til dauðadags árið 1952.

Ásamt því að ryðja brautina í mennta- og kennslufræðum var María Montessori aktivísti sem barðist ötullega fyrir réttindum barna og kvenna. Hún var þrisvar tilnefnd til Nóbelsverðlauna og svo virt í heimalandinu að mynd af henni prýddi ítalska þúsund líru seðilinn.

Montessori-kennsluaðferðin

Montessori, sem var einn helsti frumkvöðull umbótauppeldisfræðinnar í Evrópu á 20. öldinni, taldi börn hafa innbyggða þörf fyrir að læra með því að framkvæma sjálf. Þannig mynduðu skynjun og menntun



Myndir frá Montessori-skólanum í Berlin-Dahlem frá 1930. Börnin stunda garðyrkju áður en þau setjast niður saman til að borða.

órjúfanlega heild. Tryggja þyrfti börnum öruggt rými til að gera þeim kleift að fá að fræðast sjálf á eigin forsendum.

Upp úr því varð til, hin þá frjálslega, Montessori-kennsluaðferð sem átti rætur sínar í tilraunasálfræði, þar sem áhersla var lögð á lýðræðislega kennsluhætti og efla skynfæri barnanna og getu þeirra til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og

beita gagnrýnni hugsun, sem hún taldi forsendu virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Þetta kallaði á óhefðbundið skólahald þar sem skólinn var hugsaður sem æfingarsvæði barna, húsgögn og innanstokksmunir, kennslutæki og leikföng þar með talin, úr vönduðum efnivið og sniðin að þeirra þörfum. Skólastarfið byggðist á fjölpættu leikfangakerfi

sem þroska átti skynjun barnsins og hreyfitækni og hvetja það til sjálfsstarfa. Kennarinn fylgdist með börnunum til að fræðast um námsleið hvers og eins og skráði hjá sér atferli þeirra, þroska og námsframvindu og var reiðubúinn til að rétta fram hjálparhönd þegar á þurfti að halda.

Arfleiðin

Montessori-kennsluaðferðin naut mikilla vinsælda á fyrstu áratugum 20. aldarinnar. „Montessori-skólar risu upp hver á fætur öðrum, ekki aðeins í heimalandi höfundar, heldur og á Englandi, Frakklandi, Hollandi, Þýskalandi, Rússlandi, Norðurlöndum og Spáni, í Ameríku, Kína og Japan. Sennilega vita fáir, að jafnvel hér á landi voru gerðar tilraunir með Montessori-skóla um nokkurt skeið,“ segir í grein Valborgar.

Seinna, með tilkomu fullkomnari rannsóknaraðferða og aukinni þekkingu, hlutu kenningar Montessori gagnrýni fyrir að byggjast á úreltum kenningum um eðli og þroska sálarlífsins og leikfangakerfið var sagt of einhæft og hefta hugmyndaflug barnsins og sköpunarþrá.

Hvað sem því líður lifir hugmyndafræði Mariu Montessori enn góðu lífi. Uppeldis- og menntunarfræðirit hennar hafa verið þýdd á fjölda tungumála og fjölmargar bækur verið ritaðar um aðferðina í gegnum árin. Þá eru enn tæplega 16.000 Montessori-skólar starfræktir um allan heim. „Leikskóla- og dagheimilahreyfingin um heim allan hefur því orðið fyrir miklum og frjóvgandi áhrifum frá Montessori, beint og óbeint, hvaða uppeldisfræðilegri stefnu, sem þeir annars fylgja,“ segir Valborg Sigurðardóttir í grein sinni.



Fremsta röð frá vinstri Rola M. S. Omran, Sulaiman S. S. Omran, Louise Margarithte Macalisang
Röð 2 frá vinstri Vinh Quang Ngo, Nga Thuy Thi Nguyen, Dinh Hoa Thi Nguyen, Juan Jose Montilva Rosales
Röð 3 frá vinstri Klent John Espiritu Libres, Samuel Alejandro Regnault Toro, Charles Capin, Jared Alled Aspacio Abella, Bajer Carlos Hassoun Alakabani, Ihor Kulyk
Standandi við vegg frá vinstri Oleksii Bakanov, Mykhailo Okhotnikov, Mykola Kovtun

Skólinn oft eina úrræðið

Flest koma til að eiga betra líf

Svava Jónsdóttir skrifar

Um 130 nemendur stunda nú nám á íslenskubraut fyrir útlendinga í Tæknimennta-

skólanum, af um 45 þjóðernum. Ástæður fyrir komunni til landsins eru margvíslegar og nemendahópurinn fjölbreyttur, en sumir eiga litla sem enga skólagöngu að baki, segir Jóna Dís Bragadóttir skólustjóri. „Flest allir eru að koma hingað til að eiga betra líf.“ Þá er skólinn oft eina úrræðið og markmiðið að aðstoða nemendurna til að þeir geti átt tækifæri hér á landi. Svava Jónsdóttir ræddi við Jónu Dís.

Áhugi Jónu Dísar á því að kenna íslensku sem annað mál kviknaði strax á fyrstu kennsluárnum hennar. „Ég byrjaði að kenna í Varmáarskóla í Mosfellsbæ árið 1999. Þar tók ég við bekk þar sem var stúlka frá Mexíkó sem kunnir enga íslensku og það var mikil áskorun fyrir mig sem nýjan kennara. Upp frá því fékk ég mjög mikinn áhuga á því að kenna íslensku sem annað tungumál og hef verið að því síðan,“ segir hún.

Árið 2012 hóf Jóna Dís að kenna íslensku sem annað tungumál í Tækniskólanum. Nokkrum árum síðar, eða árið 2019, tók hún svo við sem skólustjóri Tæknimenntaskólans, sem telur nú um 2.300 nemendur. Þar af eru nú 130 nemendur á íslenskubraut fyrir útlendinga, frá um 45 þjóðlöndum, flestir frá Venesúela, Úkraínu og Afganistan.

Svigrúm til að mæta einstaklingnum í náminu

„Íslenskubraut fyrir útlendinga er tveggja ára námsbraut við Tæknimenntaskólann þar sem nemendur ljúka 115 einingum í fullu námi, líkt og aðrir nemendur. Aðaláherslan er, eins og nafnið gefur til kynna, á íslenskukennslu en fleira kemur til. Til dæmis læra nemendur sögu Íslands, upplýsingatækni, lífsleikni og stærðfræði. „Þar náum við að finna afburðanemendur

Flest allir eru að koma hingað til að eiga betra líf. Sumir hafa gengið í gegnum mikinn hrylling áður en þeir koma og óska þess heitt og innilega að komast í skóla.

sem hafa lokið stærðfræði áður en þeir komu til Íslands. Þessir nemendur fá námsefni við hæfi og hafa jafnvel lokið tveimur áföngum á önn,“ segir Jóna Dís.

Í svokölluðum verkstæðisáfangum kynnast nemendur svo hinum ýmsu iðngreinum sem kenndar eru við Tækniskólann. „Þetta er gert bæði til að venja þau við að fara til annarra kennara heldur en á íslenskubrautinni og til að kynna þau fyrir því sem er í boði í skólanum svo þau geti byrjað að hugsa um hvað þau vilja gera eftir íslenskubrautina.“

Að loknu námi við íslenskubrautina geta nemendur ákveðið að nýta einingarnar upp í annað nám, hvort sem það er iðnnám eða nám á stúdentsbraut. Þeir sem kjósa að ljúka stúdentsprófi þurfa að bæta við sig einu og hálfu til tveimur árum í viðbót.

Langflestir velja þann kost að halda áfram námi og þeim fjölgar sífellt sem það gera. „Við erum að sjá alltaf fleiri og fleiri sem útskrifast af hinum ýmsu brautum skólans og það er fátt sem gleður okkur meira.“

„Við metum líka nám sem nemendur hafa lokið í heimalandi sínu upp í annað nám hjá okkur,“ segir Jóna Dís. „Þetta skiptir nemendur miklu máli þar sem þeim finnst þeir oft vera að



Frá hægri: Tram Ngoc Nguyen, Yara Valentina Habib Dib, Feras M. S. Omran, Adil Ibrahim Abdi



Ég hafnaði á síðasta ári um 150 umsækjendum og velti því fyrir mér hvað verði um þetta unga fólk. Mjög margir sækja bara um hjá okkur og hafa nánast ekkert annað úrræði. Hversu hræðilegt er það að vera 17 ára og hafa enga skólavist, hanga bara heima og bíða eftir engu?



Jóna Dís Bragadóttir

... er með BA-próf í uppeldisfræði og íslensku auk þess að vera með kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi. Þá er hún með M.Ed. í kennslu annars tungumáls og stjórnun menntastofnana.

missa af lestinni miðað við nemendur í heimalandi sínu. Ef nemandi treystir sér til að fara fyrir í almennt nám þá leyfum við það, við stoppum nemanda ekki í námi. Það verður alltaf algengara að nemendur taki til dæmis ensku og stærðfræði utan íslenskubrautar með íslenskunni.“

Fjölbreyttur nemendahópur úr ólíkum aðstæðum

Nemendahópurinn á íslenskubrautinni er afar fjölbreyttur og nemendur hafa

Jóna Dís á útskrift í Hörpu

komið til landsins af ýmsum ástæðum og úr ólíkum aðstæðum.

„Það er töluvert um fylgdarlaus ungmenni sem koma hingað ein og eru þá á vegum barnaverndar. Aðrir koma hingað eldri og enn aðrir koma til landsins með foreldrum eða öðru foreldri,“ útskýrir skólastjórinn.

„Flest allir eru að koma hingað til að eiga betra líf. Sumir hafa gengið í gegnum mikinn hrylling áður en þeir koma og óska þess heitt og innilega að komast í skóla,“ segir Jóna Dís. „Sumir nemendur hafa jafnvel aldrei kveikt á tölvu eða hafa litla, eða jafnvel enga, skólagöngu að baki.“

Vegna þessa hefur íslenskubrautin verið í stöðugri þróun undanfarin ár, enda hefur nemendahópurinn breyst mikið, segir Jóna Dís. „Nú erum við til dæmis með miklu yngri nemendur og það þarf að koma til móts við þá.“

Ólíkur bakgrunnur kallar á ólíka nálgun

„Áherslur mínar eru að aðstoða þá nemendur sem eru á íslenskubrautinni til að þeir geti átt tækifæri á Íslandi. Það er gert með því að kenna þeim íslensku og kynna þá fyrir íslensku samfélagi,“ segir Jóna Dís og bætir við að þjónusta við nemendurna sé töluvert öðruvísi en við aðra nemendur skólans.



Skólinn er oft eina úrræðið fyrir nemanda sem er nýkominn til Íslands og starfsfólk reynir eftir fremsta megni að koma til móts við þá ungu nemendur sem sækja um nám við skólann, segir Jóna Dís. „Við aðstoðum þau meðal annars varðandi fæðingarvottorð barna, umsóknir um stúdentaífbúðir, skil á skattskýrslum, aðstoð við samskipti við lögfræðinga og Útlendingastofnun. Oft erum við einu Íslendingarnir sem þessir nemendur hafa samskipti við.“

„Til þess að sem best gangi hjá þessum nemendum tökum við þau í móttökuviðtal þar sem farið er yfir það sem snýr að skólanum, stundatöflu, mætingu, skólareglum, íþróttum og bara hvað það þýðir að vera í skóla,“ útskýrir hún. „Einnig þurfum við að fá upplýsingar um nemandann, svo sem hvort viðkomandi hafi verið í skóla áður, og varðandi til dæmis lestur, skrift og aðstæður. Þetta skiptir mjög miklu máli og reynum við eftir bestu getu að fá foreldra eða forráðamenn í þetta viðtal.“

Þess utan eiga allir nemendur brautarinnar sinn umsjónarkennara sem heldur utan um viðkomandi. Þá er Jóna Dís í góðum samskiptum við félagsráðgjafa fylgdarlausra nemenda í skólanum og er reiðubúin að grípa inn í þegar þess gerist þörf. „Mér finnst skipta miklu máli að vera í góðum tengslum við nemendur og legg ríka áherslu á það. Oft myndast mjög nán

Efri

Fremst: Musli-hiddin Yatimov
Fyrir aftan frá vinstri: Adil Ibrahim Abdi, Fer-as M. S. Omran

Neðri

Ikran Moha Adan, Emina Iseinovska

Til hægri

Fremst: Inga Huld Guðmannsdóttir (kennari) og Arezo Mirzaiee

Fyrir aftan frá vinstri:

Ehsan Rasooli, Abdullah Khedri, Duc Minh Nguyen, Tram Ngoc Nguyen, Nguyen Bao Nguyen Dinh.

tengsl á milli kennaranna, mín og nemendanna.“

Og stuðningnum lýkur ekki þó að námið taki enda. „Þegar nemandi hefur lokið námi á íslenskubrautinni hjálpum við honum að sækja um á öðrum brautum skólans eða í öðrum skólum. Flest allir halda áfram hjá okkur á hinum ýmsu brautum og við erum með sérstakan umsjónarkennara sem fylgir þeim eftir. Við áttuðum okkur á því að þau þyrftu áfram stuðning og hvatningu því oft er baklandið ekki sterkt, sérstaklega hjá stúlkum,“ útskýrir Jóna Dís.

Skólinn athvarf

Jóna Dís segir að brottfall sé yfirleitt mjög lítið á íslenskubrautinni. Nemendur vilji oft ekki hafa heim úr skólanum á daginn og finnist vera algjör óþarfi að hafa jóla-, sumar- og páskafrí. Þá leiddi könnun, sem lögð var fyrir nemendur skólans í fyrrahaust, í ljós að nemendum á íslenskubraut líður vel í skólanum, í raun einstaklega vel, því nemendur íslenskubrautarinnar voru töluvert yfir meðaltali, og þau upplifa sig örugg í skólanum, segir Jóna Dís.

„Einnig kom í ljós að hvatning og aðstoð kennara skiptir miklu máli og var líka yfir meðaltali. Skólinn er athvarf og þar hafa myndast falleg vinasambönd milli nemenda frá hinum ýmsu löndum.“

Jóna Dís segir að fram undan sé að halda áfram að þróa brautina í


takt við tímann. „Kennarar eru mjög duglegir að fylgjast með því sem er að gerast í samfélaginu og kippa því inn í kennsluna.“

Erfiðast að þurfa að vísa umsækjendum frá

„Það sem mér finnst verst í þessu er hvað ég þarf að hafna mörgum sem sækja um,“ segir Jóna Dís. „Ég hafnaði á síðasta ári um 150 umsækjendum og velti því fyrir mér hvað verði um þetta unga fólk. Mjög margir sækja bara um hjá okkur og hafa nánast ekkert annað úrræði. Hversu hræðilegt er það að vera 17 ára og hafa enga skólavist, hanga bara heima og bíða eftir engu?“

Tækifæri þessara nemenda eiga að vera þau sömu og annarra nemenda. „En þar sem úrræðin eru fá og fáir komast að í hverjum skóla, þá eru tækifærin því miður ekki þau sömu.“

„Það eru tilfelli þar sem ég hef hafnað nemanda; hann gafst ekki upp, kom aftur og aftur og á endanum tók ég hann inn, nokkrum dögum of seint, en hvað gerist? Viðkomandi útskrifast, heldur áfram og klárar iðnnám,“ segir hún. „Maður gleðst sérstaklega yfir því þegar nemandi, sem hefur verið samþykktur í skólann með því að yfirbóka hóp, klárar íslenskubrautina, og jafnvel iðnnám eða stúdentspróf. En þá veltir maður líka fyrir sér hvað hefði orðið um viðkomandi ef ég hefði ekki samþykkt hann. Þessi var kannski ótrúlega heppinn.“



*Við sjáum
svart á hvítu
að kennarar
telja umfang
starfsins hafa
aukist.*

Samtalamáttur fleytir okkur langt

Pað er í mörg horn að líta hjá formanni Félags grunnskólakennara en félagið er það langfjölmennasta innan KÍ, með rúmlega 5700 félagsmenn. Fundasetur eru tíðar og verkefnin mörg og ekki hlaupið að því að fá formanninn Mjöll Matthíasdóttur í spjall. En það tókst.

Mjöll hefur gegnt formennsku í Félagi grunnskólakennara síðan árið 2022, hún hlaut yfirburðakosningu að vori en tók formlega við embættinu að hausti. Þar með yfirgaf hún gamla vinnustaðinn sinn, Þingeyjarskóla fyrir norðan, og hefur unnið á skrifstofu KÍ æ síðan.

Mjöll er spurð hvaða málefni séu stærst á hennar borði.

„Kjaramálin vega þungt í starfinu og fram undan er að gera nýjan kjarasamning fyrir félagið. Kaup og kjör eru ekki á þeim stað sem við sættum okkur við, þótt vissulega megi segja að nokkuð hafi þokast í þeim málum á mínum starfsferli. Við höfum sem samfélag sammælt um að gera ríka menntunarkröfu til kennara og það er gott. Lögin um menntun, hæfni og ráðningu kennara eru ekki ýkja gömul og innleiðingarferlinu er ekki lokið að fullu en þau endurspeglar það viðhorf að við viljum gera kröfur til menntakerfisins, við viljum að börnin okkar fái góða menntun,“ segir Mjöll.

Hún segir mikilvægt að efla og stækka kennarastéttina. „Til þess að fá nægilega stóran hóp af vel menntuðum kennurum, hæfu fólki sem getur borið menntakerfið uppi, þá þurfum við að greiða samkeppnishæf laun.“

Einróma um jöfnun launa

Kjarasamningur Félags grunnskólakennara rennur út í lok maí. Það sama á við um Skólastjórafélagið, bæði leikskólafélögin, FL og FSL, og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Þetta eru félögin sem semja við Samband íslenskra sveitarfélaga.

„Við erum löngu farin að undirbúa komandi kjaraviðræður. Það er spennandi að nú hafa aðildarfélög Kennarasambandsins ákveðið að ganga saman til viðræðna við sína viðsejendur. Ég bind vonir við að þetta samstarf okkar verði farsælt og skili félagsmönnum árangri,“ segir Mjöll.

Mikið hefur verið talað um jöfnun launa milli marka og er þar vísað til samkomulags stéttarféлага opinberra starfsmanna og

opinberra launagreiðenda um breytingar á skipan lífeyrismála. Svokölluð sjöunda grein samkomulagsins er óafgreidd en þar kveður á um jöfnun launa milli almenna og opinberra markaðarins.

Mjöll segir að þrátt fyrir starfshópa og nefndir hafi lítið þokast og enn sé langt til lands. „Aðilar máls hafa ekki einu sinni komið sér almennilega saman um hvaða viðmið skulu vera ráðandi í samanburðinum og hvernig staðið skuli að greiningu á launamun. Ég vil samt alltaf trúá því að hægt sé að þoka málum áfram með samtali og þetta ákveðna samtal þarf að komast almennilega í gang.“

Tímarammi áfangasamkomulags sem var samþykkt í mars í fyrra gerði ráð fyrir að tillögur um aðferðafræði og viðmið myndu liggja fyrir um miðjan janúar. „Stjórn KÍ sendi erindi vegna þessa strax í janúar en því miður erum við enn á sama stað. Það er einóma álit stjórnar KÍ að verkefnið um jöfnun launa verði lykilatriði í komandi kjarasamningum, ekki verði lengur hægt að slá málinu á frest. Við stöndum fast á því að staða okkar sem háskólamenntaðra sérfræðinga sé óumdeild og þess vegna löngu tímabært að launakjör okkar séu í samræmi við sambærilegar starfstéttir á almennum vinnumarkaði,“ segir Mjöll.

Aðbúnaður gæti verið betri

Talið berst að starfi grunnskólanna en Mjöll á að baki um 30 ára feril sem kennari á öllum stigum grunnskólans. Hún segir öflugt starf unnið í grunnskólum landsins á hverjum degi, kennarar sinni starfi sínu af fagmennsku og vilji gera vel.

„Hins vegar er ýmislegt sem þarf að gera betur þegar kemur að aðbúnaði í kringum menntakerfið. Þar má nefna mikilvægi þess að kennarar geti þróað sig í starfi en að mínu mati hefur framþróun í endurmenntun og starfsþróun ekki verið nægileg til þessa. Sama má segja um námsgagnagerð en þar stöndum við höllum fæti í samanburði við frændþjóðirnar og það hefur sýnt sig að við notum minna fjármagn til þessara hluta en hin Norðurlöndin. Vissulega eru áskoranir í þessu enda búum við á litlu málsvæði og framleiðsla námsefnis er kostnaðarsöm. En þetta er samt svo ótrúlega mikilvægt, við verðum að búa þannig um hnúta að kennararnir okkar hafi nauðsynleg verkfæri að vinna með,“ segir Mjöll.

Endurskoðun aðalnámskrár stendur yfir og segir Mjöll vonir bundnar við að breytingar

Mjöll Matthíasdóttir gegnir formennsku í langstærsta aðildarfélagi KÍ, Félagi grunnskólakennara.

þar verði til góðs og ekki síður að innleiðing muni ganga vel.

„Námskráin sem við vinnum eftir í dag kom fram í nokkrum bútum á árunum 2011-2013. Innleiðing hennar hefur að vissu leyti fengið falleinkunn, það hefur skort fjármagn og nauðsynlega verkferla til að festa ákvæði námskrárinnar í sessi,“ segir Mjöll og bætir við að brýnt sé að menntayfirvöld sem nú standa að breytingaferlinu vandi vel til verka þegar kemur að innleiðingu.

Umfangið vex og vex

Kennarasambandið efndi til ráðstefnunnar Skóli nútíðar – vegvísir til framtíðar á dögunum. Ráðstefnan var viðamikil, fór fram í Hörpu og stóð í heilan dag. Umræðuefni ráðstefnunnar var byggt á niðurstöðum viðhorfs- og þjónustukönnunar sem KÍ, í samstarfi við Félagsvísindastofnun, lagði fyrir félagsfólk KÍ í febrúar. Spurt var um þá þætti sem kunna að valda álagi, viðhorf til starfsþróunar, kjaramála og hvernig bæta megi þjónustu KÍ.

Mjöll segir niðurstöðurnar um margt áhugaverðar og þá sé þátttakan í könnuninni fagnaðarefni, en rétt tæplega 50 prósent félagsfólks tóku þátt.

„Þessi könnun er því vel marktæk og nú bíður okkar það verkefni næstu mánuði að rýna vel í niðurstöðurnar og finna fleti þar sem við getum haft áhrif til góðs,“ segir Mjöll.

Af mörgu er að taka þegar kemur að könnuninni en Mjöll er spurð út í álagspætti í starfi kennara. „Við sjáum svart á hvítu að kennarar telja umfang starfsins hafa aukist. Kennarastarfið hefur breyst gríðarlega á mínum þrjátíu ára kennsluferli; þetta er langt í frá sama starfið og þegar ég steig mín fyrstu skref í kennslustofunni.“

Umfang kennarastarfsins er meira en áður og jafnvel mætti halda því fram að það hafi þanist út. Mjöll tekur undir þetta. „Já, verkefnið eru mörg og hefur fjölgað. Skrifinnnska af ýmsu tagi, skýrslugerð, upplýsingagjöf, samskipti við foreldra og forráðamenn eru dæmi um atriði sem vega þungt í starfi margra kennara. Það þarf að skrásetja í alls konar kerfi og form og því getur upplifun margra kennara verið sú að kennslan og undirbúningur hennar sé hálfgerð afgangsstærð. Það getur aldrei verið gott og er líklega meginástæða þess að kennarar upplifa mikið álag í starfi.“

Purfum gjörbreytta nálgun

Við höldum áfram að horfa aðeins um öxl og talið berst að breytingum á skólakerfinu síðustu áratugina. „Skólakerfi er alltaf í þróun og við höfum séð miklar breytingar ef horft er aftur. Við tókum til dæmis ákvörðun um að hafa skóla



Samningur í höfn. Mjöll Matthíasdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson, frá Sambandinu, takast í hendur að lokinni undirskrift kjarasamnings í maí í fyrra

Ferill Mjallar í fáum orðum

Mjöll útskrifaðist með grunnskólakennarapróf B.Ed frá Kennaraháskóla Íslands árið 1989, með áherslu á íslensku og eðlisfræði. Hún hefur kennt á öllum stigum grunnskólans, við Oddeyrarskóla á Akureyri, Laugarbakkaskóla í Miðfirði, Nesskóla í Neskaupstað og Þingeyjarskóla (áður Hafralækjarskóla).

Mjöll hefur verið ötul í félagsmálum frá því hún var barn. Hún er í kvenfélagi og gegndi um árabíl formennsku í Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyinga.

Hún sat í stjórn Bandalags kennara á Norðurlandi eystra frá 2008, og var formaður þess frá 2013 til 2022.

Mjöll var langt í frá ókunnug Kennarasambandinu þegar hún tók við embætti formanns FG árið 2022. Hún sat í stjórn og samninganefnd félagsins frá 2011 til 2018 og sinnti auk þess fjölmörgum verkefnum fyrir FG og KÍ; svo sem að annast fundarstjórn á aðalfundum og þingum.

Þá hefur Mjöll starfað með Bindindissamtökunum IOGT um langt skeið.

fyrir alla – sem felur í sér að hætt var að aðgreina nemendur og skipa þeim í ólíka hópa. Önnur breyting sem vegur þungt er hve nemendum af erlendum uppruna hefur fjölgað hratt á skömmum tíma. Nú er fimmti hver nemandi í grunnskóla með annað tungumál en íslensku að móðurmáli. Þetta hlutfall er breytilegt eftir landshlutum og sveitarfélögum en dæmi eru um að hlutfallið sé mun herra í sumum skólum, allt upp í 80 til 90 prósent nemenda. Þessi breytta mynd kallar á gjörbreytta nálgun í kennslu,“ segir Mjöll.

Útgáfu námsefnis ber aftur á góma en Mjöll segir námsgögn fyrir erlendu

börnin af skornum skammti. Það sé verkefni sem þurfi að leysa.

„Þetta snýst um peninga og styrk námsefnisútgáfu. Þar þarf að gera mikið átak. Við vitum að kennarar úti um landið bjarga sér, því hvað gerir kennari ef hann hefur ekki námsefni? Hann býr það til og kennarar hjálpast að. Það er hins vegar ekki ásettanlegt, hið opinbera þarf að koma hér inn með öflugum hætti.“

Hópastærðir eru annar þáttur sem nefndur er rækilega í könnun KÍ. „Hópur og hópur er ekki alltaf það sama því við erum alltaf að fást við einstaklinga. Einstaklingsmiðað nám hefur orðið æ



Þótt viðmiðið sé almennt skóli fyrir alla þá verðum við að horfast í augu við að kannski er einhverjum börnum betur borgið með annars konar nálgun.

meira ríkjandi og ég tel að kennarar séu að gera mjög vel er kemur að því að sinna nemendum með ólíkar þarfir. Við viljum hafa hlutina þannig að reynt sé að koma til móts við hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur,” segir Mjöll.

Með þessari nálgun í kennslu hefur þurft að auka mjög stuðning í grunnskólum, en fram kemur í niðurstöðum könnunarinnar að 44 prósent grunnskólakennara telja að það vanti meiri stuðning inni í bekk.

„Það má velta fyrir sér hvort sá aukni mannaflí sem sveitarfélögin hafa sett inn í skólana sé sú tegund

starfsfólks sem mest þörf er á. Þetta er atriði sem við þurfum að rýna í, og huga um leið vel að fagmennskunni. Það þarf fleiri sérfræðinga en kennara og sums staðar gengur það vel upp. Ég hef sjálf haft nemendur í bekk sem þurfa mikinn stuðning og má þar nefna talmeinafræðinga, sálfræðinga, námsráðgjafa, þroskajálfa og annað fagfólk. Málið er að ef okkur tekst að búa til góða umgjörð þar sem þörfum barna er sinnt þá blómstra nemendur.“

Að sitja við sama borð

Áskoranir í þessum efnum eru mismunandi eftir skólum og jafnvel landsvæðum. Mjöll segir einnig að sumum þörfum barna verði ekki sinnt í grunnskólanum. „Þótt viðmiðið sé almennt skóli fyrir alla þá verðum við að horfast í augu við að kannski er einhverjum börnum betur borgið með annars konar nálgun. Við megum ekki vera feimin að ræða það,” segir Mjöll.

Hún veltir því einnig upp að spyrja megi hvort öll börn á Íslandi sitji við sama borð. „Sveitarfélögin sem reka skólana eru misvel í stakk búið til að veita þessa þjónustu og þetta hefur borið á góma í tengslum við innleiðingu farsæðarlaga. Það er vilji til þess að koma þessum málum í skýrari farveg með það að leiðarljósi að öllum börnum sé mætt á þeim stað þar sem þau eru. Við þurfum þó alltaf að vera reiðubúin að skoða hvort verið sé að sinna einhverju meðaltali eða hvort tryggt sé að öll börn fái notið sín í skólanum.“

Hreinskiptið samtal

Við víkjum talinu aftur að vinnustaðnum, Kennarasambandinu. Mjöll segir vistina góða í Borgartúninu og þar séu allir að vinna að hagsmunum félagsmanna með einum eða öðrum hætti. Félag grunnskólakennara er, sem fyrr segir, stærsta félagið innan KÍ, með 5517 félagsmenn þegar síðast var talið.

„Þetta er fjölmennt félag og verkefnið þvi margvísleg. Grunnskólakennarar þurfa að vera duglegir að láta rödd sína heyrast og við sjáum það til dæmis í þeim öflugra hópi sem gegnir störfum trúnaðarmanna hjá okkur. Svæðadeildirnar úti um landið, tíu talsins, gegna líka mikilvægu hlutverki. Mörg félaganna halda enn haustþing og fyrir mig sem formann hefur verið afar ánægjulegt að sækja þingin og kynnast öllu því faglega og góða starfi sem verið er að vinna,” segir Mjöll.

Fyrirkomulagið er þannig hjá FG að formaður og varaformaður eru í fullu starfi á skrifstofu KÍ. „Við leggjum okkur fram að styðja og aðstoða félagsfólk eftir þörfum og það er mikið leitað til félagsins með allra handa mál. Félagið er að taka vaxtakipp þessa dagana því við höfum



Mjöll, ásamt félögum í KÍ, gengur fylktu liði niður Skólavörðustíg á baráttudegi verkalyðsins í fyrra.

ákveðið að ráða tvo þjónustufulltrúa til starfa. Við teljum þetta mikilvægan þátt í að bæta enn þjónustuna við okkar félagsfólk,” segir Mjöll.

Hún segir stjórn Kennarasambandsins vinna vel saman og vera samstíga í flestum málum.

„Það er kostur að við getum átt hreinskiptin samtöl okkar á milli. Auðvitað erum við ekki alltaf sammála en við ræðum þá bara málin betur. Kennarasambandið er stórt, félagar nálgast 12 þúsund en mín skoðun er sú að í krafti fjöldans og samtakamáttar þá getum við náð enn lengra í okkar baráttumálum. Það er svo miklu fleira sem sameinar okkur en aðskilur, þrátt fyrir að við störfum á ólíkum skólastigum og skólagerðum.“

Starfsemi í þágu FG er þó alltaf stærsti þátturinn í starfi Mjallar en hún vinnur líka mikið á vettvangi Kennarasambandsins enda eru hagsmunir þess ekki síður mikilvægir.

„Meðal verkefna sem við sameinumst um undir merkjum KÍ er að taka þátt í samtali við menntayfirvöld og hagaðila í skólakerfinu, svo sem nýja Miðstöð menntunar og skólajónustu. Þá erum við oft kölluð til ráðgjafar varðandi breytingar og áform sem eru uppi og ætlað er að bæta skólakerfið. Við höfum þá tækifæri til að koma sjónarmiðum grunnskólakennara að þeim málum. Dropinn holar nefnilega steininn og því er mikilvægt að við eigum rödd við borðið, séum þátttakendur í stefnumótun og umræðum og getum þannig haft áhrif.



Gullnar reglur menntunar

Prófessorinn og sálfræðingurinn Sue Roffey þróaði kerfið ASPIRE með þarfir barna og samfélagsins í heild í huga. Farsæld og tilgangur menntunar eru í brennidepli í kenningum Roffey, sem hefur lagt áherslu á jákvæða sálfræði í rannsóknum sínum og störfum.



Skólavarðan náði tali af Roffey þegar hún var stödd hérlandis í byrjun árs að flytja erindi á ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Menntun og farsæld barna í skóla- og frístundastarfi. Þar fjallaði hún um sex reglna kerfi sem hún hefur þróað í áratug undir griplunni ASPIRE.

Ótrautt í átt að farsæld og vellíðan

Markmiðið með kerfinu er að efla heilsu, vellíðan og menntun í þágu allra. Því hyggst Sue Roffey ná með því að hafa þarfir bæði barnanna og samfélagsins í heild ávallt í forgrunni þegar menntun og nám eru annars vegar. Áherslan er lögð á heildina – samfélagið – og velgengi „okkar“ í stað þess að einblína á einstaklinginn – eða „mig“ og velgengi „mína“.

Samfélagið þarf þegna sem eru heilir heilsu, líkamlega og andlega, og eiga í góðum og styrkum tengslum við aðra, eru samfélagsþenkjandi, upplýstir og virkir. Allt þarf að taka mið af því; námið og menntunin, kennslu- og uppeldisfræðin og námsumhverfið. Börnum þarf að leyfast að vera forvitin, virk og spennt fyrir umhverfi sínu, eins og þeim er eðlislægt. Námið þarf að vera ánægjulegt, þýðingarmikið og hagnýtt og mæta þarf börnunum þar sem þau eru.

Kerfi Sue Roffey er hannað með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, fremstu rannsóknir og kenningar varðandi heilbriggt uppeldi og þroska barna, jákvæða sálfræði og vellíðan og farsæld í menntun. Roffey segir að þegar sex reglur, eða gildi, kerfisins séu hafðar að leiðarljósi í allri menntun, frá leikskóla og upp úr, aukist líkurnar á að ná markmiðinu um árangur og vellíðan í þágu allra umtalsvert.

Atbeini

Sjálfþráðingarréttur er hornsteinn vellíðunar. Fyrsta reglan, eða gildi griplunnar ASPIRE, agency, eða atbeini eða fulltingi á íslensku, tekur mið af því. Með hugtakinu á Roffey við að menntun og nám nemenda verði að vera á þeirra forsendum og drifið áfram af innri hvötum, ekki ytri, eins og til dæmis einkunnun og þeirri viðurkenningu sem fæst frá foreldrum og kennurum gangi vel.

Þessu markmiði er til dæmis hægt að ná með því að virkja og næra innri hvata barnanna, segir Roffey. Virkja viljann og áhugann á að læra, kanna, skilja og skoða, sem er þegar til staðar. „Börn eru ekki tóm ílát sem þarf að fylla, þau eru hugmyndarík, lærdómsfús og forvitin og vilja hafa áhrif.“

Þá þarf námið að vera hagnýtt og

virkt. Börnin þurfa að sjá tilganginn með því að læra, hvernig námið á við um þeirra líf og hvernig það kemur þeim að notum. Þau þurfa að fá að læra til að læra, það er að segja, hvatinn þarf að vera til dæmis áhugi, tilgangur, þýðing, leikni, færni og svo framvegis.

Þá þarf að gæta að því að nemendur séu ávallt hafðir með í ráðum. Þegar mál varða þau þarf sannanlega að ráðfæra sig við þau og hlusta, líka þótt það sé alls ekki alltaf hægt að verða við þeirra óskum og athugasemdum. Allir innan skóla verða að hafa rödd og tækifæri til að láta hana í ljós.

Hér vitnar Roffey í skýrslu OECD frá 2019 þar sem segir: Atbeini nemenda „snýst um að framkvæma í staðinn fyrir að vera gert að framkvæma; að mótast í stað þess að vera mótaður; að velja og taka ábyrgðar ákvarðanir, en ekki gangast við því sem þegar hefur verið ákveðið fyrir mann“.

Öryggi

Essið, annar stafur griplunnar, stendur fyrir safety, eða öryggi í víðu samhengi; félagslegt, tilfinningalegt, líkamlegt og stafrænt.

Roffey vill meina að hægt sé að tryggja öryggi í skólum með því að láta nemendur fást við verkefni sem eru til þess fallin að auka á samkennd, umburðarlyndi og stuðla að félags- og tilfinningalegum þroska. Slík verkefni gefa einnig nemendum og starfsfólki gott tækifæri til að kynnst hvert öðru í jákvæðu umhverfi og byggja og rækta heilbrigð og traust sambönd.

Líður í þessu er einnig að draga úr samkeppni hvað varðar ytri hvata, eins og mikilvægi „góðra“ einkunna eða samkeppni á milli nemenda, og einblína heldur á samvinnunám (e. cooperative learning) og persónulegan árangur. Það er til dæmis hægt að gera með því að spyrja spurninga eins og: Hvað finnst

þér um verkefnaskilin þín? Hvað langar þig að gera betur næst? Hvaða árangri vilt þú ná? Hvernig heldur þú að þú getir komist þangað?

Þá er mikilvægt að nemendur upplifi að þeir séu í nægilega öruggu umhverfi til að geta tekið áhættur og gert mistök. Þannig þurfa kennarar og skólafólk að sjá og virða gildi villna og þess sem betur mætti fara og líta á mistök sem skref í átt að lærdómi og skilningi. Í öruggu umhverfi hafa allir virði.

Jákvæðni

Þá er komið að þriðja stafnum, P, sem stendur fyrir positivity, eða jákvæðni. Orð hafa áhrif og þeim fylgir ábyrgð. Það sem við segjum við aðra getur átt þátt í að móta sjálfsmynd þeirra. Það sem við segjum um aðra getur lítað og haft áhrif á það hvernig aðrir sjá og taka viðkomandi. Til dæmis getur það að tala illa um nemenda á kaffistofunni haft áhrif á hvernig aðrir kennarar og starfsfólk upplifa, og þar af leiðandi, koma fram við viðkomandi. Andstæðan er líka sönn. Það sem við ákveðum að segja, eða segja ekki, og hvenær við ákveðum að láta í okkur heyra, getur haft áhrif og knúið fram jákvæðar breytingar.

Hægt er að sýna jákvæðni í verki í skólanum með því að viðhafa gildi á borð við góðvild, þakklæti, fyrirgefningu, hluttekningu og stuðning í samskiptum. Að upplifa að maður hafi virði eykur á viljann til samvinnu. Að upplifa öryggi eykur á skilning og samhyggð gagnvart öðrum. Að upplifa virðingu eykur líkurnar á að maður sýni öðrum virðingu og þar með líkurnar á hlustun. Og svo koll af kolli.

Inngilding og virðing

Þá að I-inu, inclusion, eða inngildingu. Upplifuninni að tilheyra, skipta máli og vera meðtekinn; séður og heyrður, sem Sue Roffey segir einn stærsta þátt velliðunar og farsældar.

Allt skólafólk og hlutaðeigandi; starfsfólk, kennarar, stjórnendur, nemendur, fjölskyldur þeirra og samfélagið á að fá að upplifa að það tilheyrir, að það skipti máli og að framlag þeirra hafi þýðingu og virði.

Það krefst umburðarlyndis og móttækileika, viðurkenningar á gildi og mikilvægi fjölbreytileikans og því að við séum öll einstök og engir tveir eins. Ekki síst krefst það virðingar, en hér kemur errið – respect, eða virðing, inn í jöfnuna.

Jöfnuður

Svo að lokastafnum, E-inu, equality, eða jöfnuði. Jöfnuður – þar sem réttlæti mætir sveigjaleika – er undirstaða félagslegrar farsældar, segir Sue Roffey. Ein stærð, ein leið hentar ekki öllum. Það þarf að vera

í forgrunni þegar á að tryggja allir geti settið jafnir við sama borð.

Hver nemandi er einstakur, hefur mismunandi persónuleika, styrkleika, reynslu, bakgrunn og þarfir. Það er fullkomið fyrir samfélag sem krefst fjölbreytileika, til dæmis þegar kemur að vinnumarkaði. Forsenda þess að halda samfélaginu gangandi er að ná að manna öll ólíku störf og stöðurnar. Öll hlutverkin eru mikilvæg og allir eiga að fá að geta upplifað það.

Skólar skipta máli og kennarar hafa áhrif

Hlutverk kennarans breytist og mótast í takt við sifbreytilegan heim, segir Roffey. Á öld þar sem nemendur hafa greitt aðgengi að þekkingu öllum stundum þurfa kennarar ekki að vera viskubrunnar sem öllu geta svarað, heldur leiðbeinendur. Þeir þurfa að geta frætt nemendur um hvernig þeir afla sér traustrar þekkingar; hvernig þeir nýta gagnrýna hugsun, greina staðreyndir frá rangfærslum, aðalatriði frá aukaatriðum, meta heimildir og rannsóknir og hvernig þeir beita svo þekkingunni.

En þótt kennarastarfið kalli á nýjar nálganir helst mikilvægi starfsins ávallt. Ekki síst hvað varðar veigamiknið hlutverk kennarans við að mynda og byggja upp sambönd við nemendur, en heilbrigð og góð tengsl eru ein stærsta forsenda velliðunar og lífsgæða, segir Roffey að lokum.

Sue Roffey

Sue Roffey leikur ótal hlutverk. Hún er prófessor, sálfræðingur, rithöfundur, aktivisti og fyrirlesari. Síðast, en ekki síst, er hún stjórnandi verkefnisins Growing Great Schools Worldwide, þar sem markmiðið er að sníða menntun að barninu á alla vegu og auka þannig farsæld og velliðan allra í skólanum, þar með talið kennara.

Hægt er að kynna sér verkefnið og Sue Roffey betur á vefslóðinni growinggreatschoolswworldwide.com.



Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig. Þessi forna gullna regla, sem hægt er að rekja til hinna ýmsu trúarbragða, á jafn vel við í dag og áður.



Leikið með sjálfbærni í leikskólanum

„Það er ævintýri að vera leikskólakennari“

Svava Jónsdóttir skrifar

Vessela Stoyanova Dukova blandar saman áhuga sínum á leik og sjálfbærni í kennslustörfum sínum. Hún ákvað að hefja kennaranám eftir að hafa flust ung til landsins frá Búlgaríu, þá nýútskrifuð úr viðskiptafræði. „Mig langaði ekki að starfa sem viðskiptafræðingur og sitja allan daginn fyrir framan tölvu þótt ég vissi að ég fengi þá hærri laun,“ segir Vessela en Svava Jónsdóttir tók hana tali fyrir Skólavörðuna.

Vessela Stoyanova Dukova er frá borginni Dobrich í Búlgaríu. „Búlgaríu er mjög fallett land með langa sögu. Náttúran er mjög falleg, á sumrin er hægt að fara á ströndina við Svartahafið og á veturna á skíði,“ segir hún.

Vessela ákvað að fara í háskólanám í viðskipta- og hagfræði í Búlgaríu af því það var mjög vinsælt að læra viðskiptafræði og hún var óviss um hvað hana langaði að læra. Eftir útskrift og B.S. próf komst hún þó að því, aðeins 21 árs gömul, að enga vinnu var að fá þar í landi fyrir nýútskrifaðan viðskiptafræðing á þessum tíma. Ástandið var ekki gott í Búlgaríu. „Það var kreppa, mikið atvinnuleysi og ég fékk aldrei tækifæri til að vinna við mitt fag eftir útskrift.“

Hún ákvað því að elta ástina og fara til Íslands, 1. apríl 1998, en eigenmaður hennar, sem einnig er frá Búlgaríu, hafði flust til landsins árinu áður til að spila og þjálfa blak. Hún var 22 ára gömul þegar hún kom til landsins fyrir 26 árum. „Eins og mamma segir þá er ég búin að búa á Íslandi meirihluta lífs míns.“

Lærdi íslensku af samstarfsfólkinu
Eftir komuna til landsins fór Vessela að vinna á Landspítalanum þar sem hún segist hafa kynnst yndislegu fólki. Hún vann líka um tíma í Myllunni með eldri, íslenskum konum sem hún segir að hafi bara talað íslensku svo hún þurfti að læra íslensku til að geta talað við þær.

Vessela og eigenmaður hennar eiga tvo syni. Sá eldri er 23 ára og er atvinnuflugmaður og sá yngri er 19 ára og útskrifast í vor sem stúdent frá



Menntaskólanum við Sund.

„Ég byrjaði að vinna í leikskóla eftir að ég eignaðist yngri strákinn minn. Mig langaði að prófa að vinna þar til að bæta mig í íslenskunni. Ég var mjög dugleg að hlusta, fylgjast með og læra hvernig samstarfsfólkið mitt vann og talaði við börnin og það þau um að leiðrétta mig þegar ég sagði eitthvað rangt á íslensku til að geta orðið betri í tungumálinu,“ segir Vessela og bætir við: „Ég var eini erlendi starfsmaðurinn í leikskólanum. Ég var með mjög góðar fyrirmyndir sem hjálpuðu mér að byrja að elska leikskólastarf.“

Í fullu námi, starfi og móðurhlutverki

Eftir að hafa starfað sem leiðbeinandi í leikskólanum í fjögur ár var henni boðið að verða deildarstjóri. Hún segir að skólastjórinn hafi sagst vita að hún yrði flottur leikskólakennari og að

Vessela í vettvangsferð með leikskólabörnum í Perlunni.

hún vissi að með því að bjóða henni þessa stöðu myndi Vessela fara í kennaranám. Hún segist alltaf verða þakklát skólastjóranum sem hafði trú á henni.

„Þetta var erfitt tímabil. Ég var í fullri vinnu og fullu námi og með fjölskyldu. Ég fór alltaf að læra eftir að börnin voru sofnuð og það voru margar svefnlausar nætur. En ég var líka heppin vegna þess að maðurinn minn studdi mig mikið og leyfði mér ekki að gefast upp,“ segir hún um námstímabilið.

„Ég vissi að mig langaði að vinna með börnum og að menntuninni fylgdi starfsöryggi og að sjálfstraustið ykist. Mig langaði ekki að starfa sem viðskiptafræðingur og sitja allan daginn fyrir framan tölvu þótt ég vissi að ég fengi þá hærri laun. En peningarnir skiptu mig ekki öllu máli,“ segir Vessela, sem útskrifaðist svo vorið 2016 með M.Ed. í

Ég er mjög glöð að ég, stelpa frá Búlgaríu, get kennt í íslenskum háskóla. Starfið í háskólanum hjálpar mér að vera í takt við nýjustu rannsóknir í skólastarfi og styður mig í að vera öruggari sem fagmaður.



Vessela Stoyanova Dukova

leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands.

Leikir eru ekki bara fyrir börn

Í náminu heillaðist Vessela af aðferðafræðinni að kenna með leikjum. „Það er alltaf gaman og spennandi að leika. Leikir eru ekki bara fyrir börn heldur fyrir okkur fullorðnu líka. Ég minni alltaf börnin og samstarfsfólkið mitt á hvað leikskóli þýðir – skóli til að leika og það á að vera gaman og skemmtilegt af því að við erum hér til að leika okkur.“

„Aðferðin að læra í gegnum leiki er mjög góð til að kenna börnunum alls konar viðfangsefni. Með leikjum getum við öðlast þekkingu og færni á skemmtilegan hátt. Leikir geta aukið skapandi hugsun barnanna og stuðlað að því að þau muni efnið betur.“

Sjálfbærni í fyrirrúmi

Vessela fjallaði um aðferðafræðina í meistaraverkefni sínu *Leikið með sjálfbærni*. „Ég er mjög sjálfbær kona og mig langaði að búa til eða safna námsefni fyrir leikskóla til að fræða börn um sjálfbærni.“ Tilgangur verkefnisins var þannig að koma á framfæri aðgengilegum hugmyndum sem nýta mætti í kennslu og starfi tengdu sjálfbærni í leikskólum.

„Við kennum börnunum að flokka rusl og endurvinna en menntun til sjálfbærni er ekki bara það heldur svo miklu meira. Menntun til sjálfbærni kennir okkur líka að við þurfum að lifa í sátt og samlyndi við aðra og hvernig við lærum að öðlast þekkingu og að vera heilbrigðar manneskjur,“ segir Vessela.

„Að mínu mati er það án efa mjög gagnlegt að draga þetta efni saman og mér fannst tilvalið að búa til leikjabanka með leikjum og verkefnum tengdum viðfangsefnum leikskólans, sérstaklega um sjálfbærni. Þá þurfum við ekki að verja jafnmiklum dýrmætum tíma í að finna upp og leita að verkefnum fyrir leikskólabörn.“

Vefsíða spennandi lending

Vessela viðurkennir að hún hafi ekki verið spennt fyrir að skrifa meistararitgerð og heldur viljað gera eitthvað annað til að sleppa við umfangsmikil skrif. „Þá kom leiðbeinandi minn með þá hugmynd að ég gæti búið til vefsíðu. Ég er mjög mikið tölvunörd og þetta var besta lausnin fyrir mig,“ segir hún.

„Með vefsíðu er hægt að setja inn upplýsingar um leiki og myndir eða stutt myndbönd sem segja miklu meira en skrifuð orð. Með vefsíðugerð er pappír einnig sparaður, í anda sjálfbærrar hugsunar. Auk þess má halda áfram að bæta við efni, stækka vefsíðuna og þróa áfram eftir að hún hefur verið sett í loftið. Vefsíðan er opin og ekki bara hægt að skoða hana í tölvunni heldur líka í snjalltækjum.“

Traust samstarfsfólksins mikilvægt

Vessela kemur víða við í kennslustörfunum. Hún er aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Vinagerði og kennir leikskólafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. „Gildi mín sem leikskólakennara og stjórnanda eru alltaf að vera góður og faglegur leiðtogi og fyrirmynd fyrir samstarfsfólkið mitt, að þau geti treyst á mig og að ég sé alltaf til staðar fyrir þau.“

Vessela er einnig gestalektor í Menntafléttunni á námskeiði fyrir starfsfólk leikskóla sem hefur annað móðurmál en íslensku. „Um leið og ég var spurð hvort ég vildi taka þátt í þessu námskeiði sagði ég strax já. Ég var í þeirra sporum fyrir 18 árum síðan þegar ég byrjaði að vinna í leikskóla. Ég get ímyndað mér hvernig þeim líður að vera í starfsumhverfi þar sem þau skilja ekki allt en vilja læra og langar að vinna í leikskólanum. Mig langar að hjálpa ef ég get. Þetta er mjög gott framtak hjá Menntafléttunni.“

Afrek að byrja að kenna framtíðar-kennurum

Líkt og áður segir er Vessela auk þess aðjúnkt við kennsludeild HÍ

þar sem hún kennir leikskólafræði.

„Fyrir þremur árum síðan var auglýst starf leiðtoga á vettvangi hjá Menntavísindasviði og ein vinkona mín benti mér á það og sagði að þetta starf væri akkúrat fyrir mig. Ég hló að henni en hún var að meina það. Ég ákvað að sækja um en bjóst aldrei við að mér yrði boðið í viðtal. En svo varð og ég var ráðin í 25% starf.“

Hún segir að fyrsta árið hafi verið strembið. Þá starfaði hún sem aðstoðar-kennari við deildina. „Ég þurfti að lesa allar námsbækur sem nemarnir voru að lesa til að vera inni í kennslunni. Mér fannst eins og ég væri aftur komin í nám og fannst það smá erfitt en það tókst og var gaman,“ segir hún.

„Núna er ég aðjúnkt í 30% starfi og er byrjuð að kenna. Samstarfskennarar

mínir treysta á mig til að halda fyrirlestra og kennslutíma og ég er orðin öruggari. Ég er mjög glöð að ég, stelpa frá Búlgaríu, get kennt í íslenskum háskóla. Starfið í háskólanum hjálpar mér að vera í takt við nýjustu rannsóknir í skólastarfi og styður mig í að vera öruggari sem fagmaður.“

Erfitt að segja til um hvað gerist næst

En hvað geymir svo framtíðin í skauti sér? „Ég grínast oft með að ég sé að ganga skref fyrir skref upp stiga atvinnulífsins. Ég er manneskja sem getur ekki

stoppað í að þróast í starfi. Mig langar alltaf að vita meira og meira og gera eitthvað nýtt,“ segir Vessela.

„Fyrir 18 árum síðan byrjaði ég að vinna í leikskóla sem leiðbeinandi. Ég er búin að vera deildarstjóri í mörg ár og núna er ég aðstoðarleikskólastjóri, lektor og háskólakennari. Hvað verð ég næst? Kannski leikskólastjóri?“ spyr hún og bætir við: „Ég veit það ekki en ég veit að ég elska og vil vera í kringum börn og eins og ég hef oft sagt: Það er ævintýri að vera leikskólakennari.“



Vessela í skólaheimsókn í leikskóla í Búlgaríu.

Að mínu mati var tilvalið að búa til leikjabanka með leikjum og verkefnum tengdum viðfangsefnum leikskólans, sérstaklega um sjálfbærni.

Fjöltyngi í skólastofunni:

Allir nemendur eiga að hafa rödd

Brynja Stefánsdóttir, tungumálakennari við Fjölbautaskólann í Breiðholti, hlaut styrk frá Landskrifstofu Erasmus+ í nóvember 2023 til að taka þátt í vinnustofunni *Democracy speaks in many languages – what is sufficient?* sem haldin var í Norður-Finnlandi. Vinnustofan var skipulögð af finnska menntamálaráðuneytinu í samstarfi við Landskrifstofu Erasmus+ í Finnlandi og var markmiðið að þátttakendur myndu öðlast nýjan skilning, hugmyndir, færni og innblástur til að styðja við fjöltyngi í kennslustofunni. Brynja setti saman skemmtilega ferðafrásögn, sem fer hér á eftir, þar sem hún segir meðal annars frá mikilvægi móðurmálskennslu.

Finnar líta á fjöltyngi sem að og rannsóknir sýna að styrking móðurmáls (L1) hefur bein áhrif á færni í öðrum tungumálum. Barn með slakan orðaforða í sínu móðurmáli á erfiðara með að auka orðaforða sinn í tungumálanámi. Finnar leggja því áherslu á að öll börn fái móðurmálskennslu samhliða námi sínu í finnsku skólakerfi og ríkið greiðir fyrir þrjár kennslustundir á viku í móðurmálskennslu. Á grunnskólaaldri skal börnum tryggð aðstaða og kennsla sem hluti af skóladeginum en á eldri stigum leggst móðurmálskennsla oft ofan á hefðbundinn skóladag nemenda.

Samar eru eina upprunalega (e. indigenous) þjóðin í Evrópusambandinu sem ekki á sitt eigið land. Samar héldu til á svæði sem nú tilheyrir Noregi, Svíþjóð og Rússlandi auk Finnlands. Bara í Finnlandi eru þrjú samísk mál; norðursamíska, skoltamíska og inarisamíska. Þessi þrjú mál eru ólík og í grunnskólum er jafnvel kennt á öllum þessum tungumálum, sama hversu litlir hóparnir eru. Sem dæmi er skoltamíska fyrsta tungumál 300 einstaklinga og því eru mjög fá börn á grunnskólaaldri sem fá kennslu á skoltamísku. Þrátt fyrir það er vandað kennsluefni gefið út á



Eitt mikilvægasta verkefni tungumálakennarans er að gera nemandanum kleift að finna sínar eigin námsleiðir. Kenna honum að spyrja og láta í ljós efa þegar hann skilur ekki vel.

tungumáli þeirra. Því er ljóst að mikill áhugi, skilningur og vilji er til þess að styðja við þessa upprunalegu þjóð og snúa hnignun tungumálsins við. Eljan sem Samar sýna við að endurvekja samísku tungumálin og barátta þeirra við að missa ekki þessa tengingu við forfeður sína er góð áminning til okkar Íslendinga um að standa vörð um tungumálið okkar.

Á málstofunni var einnig fjallað um tengsl tungumálaskilnings og lýðræðis. Í fyrirlestri sínum kom prófessor Jim Cummins inn á lýðræði, sem hann segir eiga undir högg að sækja. Samkvæmt honum er gagnrýnin hugsun á undanhaldi og umhverfið sífellt svart-hvítara, þ.e.a.s. við erum annað hvort með eða á móti, erum vinir eða óvinir, og efni sem ekki þykir rétt eða hollt er í auknum mæli bannað. Lykillinn að því að sporna við þessari þróun er að auka læsi, gagnrýna hugsun og tryggja að allir nemendur hafi rödd. Hugtakaskilningur og geta nemenda til að kljást við akademískan orðaforða helst í hendur. Að viðurkenna gildi fjöltyngis styrkir sjálfsmynd nemenda og eykur líkurnar á velgengni þeirra í námi. Heili sem glímur við meira en eitt tungumál myndar fleiri tengingar sem svo eykur getu heilans til að mynda nýjar tengingar sem byggja á því ílagi sem



við höfum fódrað hann með. Þannig getum við dregið ályktanir, leitt líkur að niðurstöðum og aukið læsi.

Mismunandi nálganir að tungumálakennslu voru einnig á dagskrá á málstofunni. Prófessor Minna Suni

Brynja fyrir framan Sajos, menningarsetur Sama í Inari borginu í Norður-Finnlandi



sagði frá finnskri langtímarannsókn á raunveruleika ungra innflytjenda sem störfuðu í byggingariðnaði þrátt fyrir litla þekkingu í finnsku. Sú rannsókn nær utan um fjölmargar doktorsrannsóknir og gefur því mjög



Námskeiðshópurinn í gönguferð í Inari.

góða mynd af raunveruleika þess hóps. Suni bendir á að eitt mikilvægasta verkefni tungumálakennarans sé að gera nemandanum kleift að finna sínar eigin námsleiðir. Kenna honum að spyrja og láta í ljós efa þegar hann skilur ekki vel. Þannig lærir hann að finna upplýsingar og lærir svo aðferðir til þess að stækka orðaforða sinn.

Landskrifstofa Erasmus+ þakkar Brynju fyrir ferðafrásögnina og vekur

athygli lesenda á að reglulega eru auglýstar ráðstefnur og málstofur erlendis fyrir starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla. Landskrifstofan sér um að greiða þátttökugjald og veitir þar að auki 90% styrk fyrir ferðakostnaði. Ráðstefnurnar eru auglýstar bæði á heimasíðu Landskrifstofunnar, sem og á facebooksíðu Landskrifstofunnar. Við hvetjum áhugasöm til að fylgjast með framboðinu.

Vatnaskil í íslensku skólastarfi

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu mun þjónusta og styðja við íslenskt skólastarf



Nýverið tók til starfa Miðstöð menntunar og skólaþjónustu en hún mun gegna stóru hlutverki við eflingu menntakerfisins og innleiðingu á menntastefnu stjórnvalda. Þórdís Jóna Sigurðardóttir er forstjóri miðstöðvarinnar: „Okkar megin viðfangsefni eru þjónusta og stuðningur við íslenskt skólastarf í heild sinni og við ætlum okkur sannarlega að vera traust bakland fyrir skólakerfið í landinu. Þjónusta- og þekkingarmiðstöð sem er ætlað að stuðla að framúrskarandi menntun og farsæld hvers einasta barns. Þannig munum við meðal annars styðja, efla og samhæfa menntun og skólaþjónustu um allt land, sjá nemendum fyrir vönduðu námsefni auk þess að þróa aðferðir til að meta stöðu og framvindu nemenda.“

Bakland fyrir menntakerfið

Á sama tíma og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu tók til starfa lokuðust dyr Menntamálastofnunar en hver er munurinn á þessum tveimur stofnunum? „Menntamálastofnun var meiri stjórnsýslustofnun, var til dæmis með ytra mat og var ætlað að fylgja eftir stjórnvaldsákvörðunum, á meðan Miðstöð menntunar

og skólaþjónustu er í eðli sínu þjónustustofnun. Og það er þessi þjónustunálgun sem er ný af nálinni því þetta er í fyrsta skipti sem það verður til slíkrar stofnunar sem hefur það megin markmið að vera bakland fyrir menntakerfið. Stofnun sem hefur yfir að ráða þeim verkfærum sem á þarf að halda til þess að kennarar geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki.“

„Það er mikill vilji hjá skólasamfélaginu að mæta hverju barni. Hvert barn er einstakt og öll eiga þau rétt á nálgun við sitt hæfi sem er það sem inngildandi nálgun í skólakerfinu snýst um. Til að kennarar og starfsfólk skóla geti fylgt þessu eftir þá þarf meiri stuðning, bæði til þess að matstæki séu viðeigandi og úrræði til að fylgja eftir niðurstöðum úr mati séu til staðar. Allt skólastarf hverfist um barnið og við trúum því að með auknum stuðningi, ráðgjöf og fjölbreyttari verkfærum þá getum við stutt betur við starfsfólk skóla í því mikilvæga verkefni að skapa umhverfi þar sem öll börn fá tækifæri til þess að njóta sín og blómstra.“

Stórt og mikilvægt verkefni

„Innleiðing menntastefnu er risastórt og mikilvægt verkefni og því alveg ljóst að skólasamfélagið þarf að hafa öflugan stuðning. Þetta er verkefni allra sem að menntakerfinu koma,“ segir Þórdís Jóna. „Okkar hlutverk í öllu þessu er að styðja við og þjónusta skólasamfélagið á allan þann hátt sem mögulegt er,



til dæmis hvað varðar þekkingu, ráðgjöf, námsgögn og mat á stöðu, færni og framvindu nemenda. Við viljum vera þetta margumrædda bakland skólastarfs á Íslandi, stólpinn sem hægt verður að halla sér að.“

Þórdís Jóna segir að áhersla verði lögð á miðlun gagn-reyndra aðferða í skólastarfi í anda inngildandi menntunar, þar sem virðing sé borin fyrir fjölbreyttum þörfum og styrkleikum nemenda. Jafnframt segir hún að mörg þeirra verkefna sem voru á borði Menntamálastofnunar flytjast yfir til Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu, eins og námsgagnaútgáfa og vinna við matsferil. „Þessi verkefni eru forsenda þess að hægt sé að mæta hverju barni þannig að það fái að njóta sín á eigin forsendum. Það á við hvort heldur börn þurfa meira krefjandi námsefni til að takast á við eða annarskonar stuðning. Önnur verkefni, eins og til dæmis alþjóðleg samstarfsverkefni flytjast í mennta- og barnamálaráðuneytið.“

Spennandi verkefni og bjartsýni á framtíðina

Og verkefnin eru ærin hjá nýrri stofnun: „Við erum að vinna að mörgum spennandi verkefnum en fyrst um sinn

leggjum við mikla áherslu á að koma með fleiri matstæki inn í skólana til þess að það verði auðveldara fyrir kennarana, foreldrana, börnin og skólasamfélagið í heild sinni að vita hver staðan og framvindan er hjá hverju barni. Þannig er hægt að fylgjast betur með því hvort þær aðgerðir sem beitt er til að takast á við stöðu barns séu að skila árangri. Nú erum við til dæmis að leggja lokahönd á lesskilningspróf sem munu fara í skólana og erum byrjuð á stærfræði-prófum líka.“

Og nýja stofnunin opnar dyr sínar með bjartsýnina að vopni: „Við erum mjög spennt fyrir komandi verkefnum og hlökkum til að takast á við þau mikilvægu verkefni sem okkur hafa verið falin. Það eru fyrirmyndir að viðlíka stofnunum víðsvegar í hinum vestræna heimi, einingum sem þjónusta skólastarfið með því að nýta þekkingu og reynslu starfsfólks á breiðum grunni. Við ætlum að vera þessi aðili fyrir skólastarf á Íslandi og stuðla þannig að framúrskarandi menntun og farsæld barna og ungmenna um allt land,“ segir Þórdís Jóna Sigurðardóttir að lokum og ljóst að það eru spennandi tímar framundan í skólaþjónustu á Íslandi.

Nýtt og skemmtilegt

Kynntu þér vandað og fjölbreytt námsefni fyrir öll skólastig á vefir.mms.is/nytt

Arnheiður Björg Smáradóttir unir hag sínum vel í Verket skole í Moss í Noregi, lofar faglegt frelsi sitt og almennt góð kjör þótt þau mættu vitaskuld alltaf vera aðeins betri.

Arnheiður Björg Smáradóttir

Sagði upp í byrjun heimsfaraldurs

*Atli Steinn Guðmundsson
skrifar frá Noregi*

É

g tók aldrei hefðbundna kennarnámíð, ég kláraði BS-próf í jarðfræði og tók svo kennslufræðina í eitt ár auka og fékk þá kennsluréttindi í grunnskóla og framhaldsskóla.

Þetta segir Arnheiður Björg Smáradóttir, sérkennari í stærðfræði og raungreinum við Verket skole sem er grunnskóli í Moss í Noregi. Ferillinn hóf hún þó allt annars staðar, sem umsjónarkennari á Stokkseyri, í fyrsta bekk.

„Ég var þar í eitt ár, en ég vildi nú alltaf heldur vera með unglingunum svo eftir árið færði ég mig yfir á Eyrarbakka og var umsjónarkennari í áttunda til tíunda bekk,“ rifjar Heiða upp eins og hún er almennt kölluð og féllst blaðamaður á að nota stuttnefnið, þvert ofan í áralanga sannfæringu sína um annað. Samhliða Eyrarbakka kenndi hún jarðfræði við Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi. Svo var komið að straumhvörfum í lífi hennar.

Árið 2010 lá leiðin yfir á meginland Evrópu, í rann frænda okkar Norðmanna. „Þá tók við eitthvað allt annað,“ segir Heiða sem flutti til Sarpsborgar til að byrja með, nágrannabæjar Fredrikstad þar sem hún nú er búsett með móðurmálskennara í öðrum grunnskóla, manni sínum Thomasi Bolverk sem þó lifir tvöföldu lífi og er innsti koppur í búi svartmálmssveitarinnar Bolverk og þekkja lesendur þar vísast til Óðinsheitið Bólverkr án mikilla tafa.

Starfsfólk og börn til aðstoðar

„Ég fékk náttúrulega ekki vinnu við kennslu þar sem ég var ekki með tungumálið á hreinu en fékk vinnu í leikskóla sem „stöttepedagok“ sem snerist um að ég var með þeim börnum sem þurftu sérstaka aðstoðu,“ segir hún frá.

Aðspurð kveður hún leikskólastarfið hafa verið spennandi á meðan hún var að læra á nýtt þjóðfélag og nýja þjóð. „Þetta var mjög góður leikskóli og bæði starfsfólkið og börnin hjálpuðu mér mikið að læra tungumálið. Þarna var ég meira og minna í þrjú ár, ég var með fasta vinnu í eitt ár og svo var hringt í mig þegar vantaði eftir það,“ rifjar Heiða upp og segir af fyrirkomulagi sem Norðmenn kalla að vera „ringevikar“.

Þetta var þó ekki hennar eina starf innan menntakerfis Norðmanna þar sem Heiða kenndi íslenskum börnum íslensku í Sarpsborg þótt ekki hafi sá hópur verið stór. „Þetta fólst aðallega

í því að hjálpa þeim að skilja norska námsefnið á íslensku, þetta voru grunnskólanemendur,“ segir kennarinn íslenski sem aðstoðaði eingöngu yngri börnin þar sem þau eldri áttu orðið einhver ár í dönsku að baki á Íslandi og danskan er hinn besti grunnur undir norskuna.

Áður en leið Heiðu lá endanlega inn í grunnskólakennslu átti þó annar leikskóli eftir að njóta krafta hennar, að þessu sinni í Bærum, nágrannabæ Óslóar, þar sem henni bauðst staða leikskólastjóra. „Ég var búin að láta það spyrjast út að ég væri að leita að einhverju föstu, ég var mikið í fastri afleysingavinnu en búin að kynnaströngu fólki í Sarpsborg og Fredrikstad og einhver þekkti einhvern sem átti leikskóla,“ segir Heiða spossk. Hjólin fóru að snúast, stjórnunarstaða í boði sem hún rann eins og bráðið smjör inn í eftir viðtal.

Lét sig hafa aksturinn

Leikskólastjórastöðunni gegndi hún í sex ár í þessum litla leikskóla í Bærum. „Og mér leið vel þarna, lét mig nú hafa það að keyra á milli,“ segir Heiða, en aksturinn milli Bærum og Fredrikstad var klukkustund væri umferðin engin. Þannig er ástandið hins vegar ákaflega sjaldan á E6-brautinni milli Óslóar og bæjarfélaganna suður af borginni.

„Þetta var mjög finn tími, finir foreldrar og starfsfólk, en mig langaði alltaf aftur í skólann,“ játar Heiða og sagði að lokum upp starfinu – og það á tíma þegar ákaflega fáir lögðu fram uppsagnarbréf, jafnvel þótt litlið væri til allrar heimsbyggðarinnar. Þetta var nefnilega í febrúar 2020, þegar kórónuveiran eftirminnilega tók að herða járngræpi sína um gervallt mannkynið.

„En ég fékk vinnu í Moss þegar ég var búin að senda umsóknir út um allt, var boðuð í viðtal þar, var svo í leikskólanum út júní og byrjaði í skólanum í ágúst,“ rifjar Heiða upp en Moss er í tæplega 40 kílómetra akstursfjarlægð frá heimili hennar í Fredrikstad.

„Á þessum tíma var mjög erfitt að komast í viðtöl, allir voru svo hræddir og allt var í gegnum tölvuna og það er öðruvísi að vera í atvinnuviðtali í gegnum tölvu en að vera á staðnum,“ segir Heiða af tíma sem lagðist þungt á atvinnulíf og allt annað líf nánast um allan heim.

Þarna var hins vegar komin staðan í Verket skole þar sem Heiða kennir enn þann dag í dag og unír hag sínum sem best verður á kosið. „Ég er með sérkennslubörnin



Norskir móðurmálskennarar eru alla vega. Þetta er Thomas Bolverk, maður Heiðu, sem einnig kennir við grunnskóla á svæðinu en er auk þess innsti koppur í búi svartmálmssveitarinnar Bolverk.

í áttunda til tíunda bekk í stærðfræði og náttúrufræði og svo er ég með hópa af nemendum sem eru ekki sérkennslunemendur en þurfa bara meiri hjálp í stærðfræði. Þetta eru þá allt að 10 til 15 nemenda hópar og ég er bara að kenna þeim sömu stærðfræði og kennd er í þeirra bekkjum nema hvað ég kenni hana bara á aðeins annan hátt,“ útskýrir sérkennarinn í Moss.

Skólinn allur ókeypís

Heiða er beðin að bera saman norska og íslenska grunnskóla og bera niður á þeim vettvangi sem henni þóknast.

„Mér finnst stundum eins og hlutunum sé voðalega mikið stýrt, það upplifði ég ekki á Íslandi, eða ekki eins. Stærsti munurinn er samt að í Noregi er skólinn allur ókeypis,“ heldur Heiða áfram og er beðin að útskýra þau miklu fríðindi nánar.

„Blýantar, tölvur og allt er ókeypis og líka í framhaldsskólanum og það er rosalega stór munur. Þótt margt sé ókeypis á Íslandi þarf alltaf að kaupa eitthvað. Þegar dóttir mín byrjaði í framhaldsskóla héna fékk hún tölvu og bakpoka og allt sem hún þurfti fyrir skólann, ég þurfti ekki að borga krónu,“ segir Heiða og játar að fyrirkomulagið hafi komið flatt upp á hana.

Aginn hefur alltaf verið góður í norskum skólum en vandamálin hafa samt verið að aukast þar núna undanfarin ár.



„Að öðru leyti er þetta ósköp líkt, nemendur, námskrá og hvaðeina. Ég er auðvitað ekkert inni í málum á Íslandi núna hvað snertir agavandamál og svoleiðis. Aginn hefur alltaf verið góður í norskum skólum en vandamálin hafa samt verið að aukast þar núna undanfarin ár,“ segir hún frá án þess að geta bent sérstaklega á ástæður eða hvað hafi breyst að þessu leyti.

„En hér er náttúrulega skóli fyrir alla. Allir fara í sömu skólana þar sem er sama formið og verið að gera það sama. Það passar náttúrulega ekkert fyrir alla,“ segir Heiða og vísar hér ekki sérstaklega til barna innflytjenda heldur alveg eins mikið til rammnorskra barna í báðar ættir.

Meira efni til yfirferðar

„Um það bil helmingurinn af nemendum í mínum skóla eru innflytjendur og það er ekkert meiri órói út af því,“ segir Heiða og svarar því aðspurð að mjög mismunandi sé tekið á agavandamálum í Noregi eftir skólum. „Auðvitað eru verklagsreglur í gildi sem Stórþingið setur en það fer samt mjög mikið eftir skólastjóra og aðstoðarskólastjóra hvernig tekið er á hlutunum. Mér finnst til dæmis tekið mjög vel á agavandamálum hjá okkur, við erum með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sem eru mikið inni í skólanum, vita hvað er að gerast og þekkja nemendurnar auk þess sem við fylgjum verklagsreglunum. Mér finnst við taka mjög vel á þessum agavandamálum og mér finnst það bera árangur,“ segir Heiða og hrynjandi málrómsins verður eilítið harðari eitt andartak.

Eitt úrræðið sé að bjóða nemendum með alvarleg agavandamál tímabundið pláss annars staðar þar sem nemendur eru mun meira í verklegum hlutum, til dæmis að byggja eitthvað.

Arnheiður Björg Smáradóttir unnið hag sínum vel í Verket skole í Moss í Noregi, lofar faglegt frelsi sitt og almennt góð kjör þótt þau mættu vitaskuld alltaf vera aðeins betri.



Þar séu nemendurnir í minni hópum og þetta fyrirkomulag þykir Heiðu hafa gefist vel. „Maður sér mikinn mun,“ segir hún.

Enn fremur kemur Heiða auga á þann mun að gjarnan sé meira efni til yfirferðar í norska skólakerfinu, til dæmis sé nokkuð um að kennsla í framhaldsskólasterðfræði teygir sig inn í grunnskólann til að gefa nemendum þar forskot. „En skólaárið er líka langt hérna, kennt alveg til 20. júní og svo byrjað aftur um miðjan ágúst,“ segir hún og talið snýst að kaupum og kjörum.

Sex saman á skrifstofu

„Þetta er miklu betra hérna. Ég veit að launin hafa reyndar hækkað á Íslandi en ég veit að launin eru betri hérna og kaupmátturinn er líka mun meiri. Á Íslandi þurfti ég að vinna í tveimur skólum til að eiga aðeins aukalega en hér er þetta allt öðruvísi. Maður hefur meira frelsi og meiri tíma fyrir fjölskylduna,“ segir Heiða af kjaramálum.

Hún kveður starfs- umhverfið á sínum vinnustað hið ágætasta en Verket skole er um þrjátíu ára gamall. „Við erum sex kennarar saman á skrifstofu sem stuðlar að góðu samstarfi, auk þess sem það skapar góðan anda. Okkur er ráðað eftir því hvaða bekkjum við kennum og hvaða fög, það verður einhvern veginn þéttara,“ heldur hún áfram og kveðst sátt við stjórnendur og starfsumhverfi í Moss. „Annars myndi ég ekki keyra þangað á hverjum degi,“ bætir hún glettnislega við.

Aðspurð segir hún kennaraskort í Noregi, hann sé að minnsta kosti yfirvofandi. „Kennarar hafa tvisvar farið

í verkfall undanfarið en í bæði skiptin hafa verið sett lög á þá og þeim gert að sætta sig við þau laun sem ríkissáttasemjari ákveður,“ segir Heiða. Þegar þetta gerðist síðast hafi margir kennarar nemar ákveðið að hverfa frá námi.

„Okkur fannst eins og verkfalls- rétturinn hefði verið tekinn af okkur en komum svo ágætlega út úr síðustu kjarasamningnum sem ég held að hafi haft áhrif í sambandi við námið. En kennarastaðan er ekkert óskastarf margra ungra í dag og það mun verða kennaraskortur. Núna er það líka þannig að til að mega kalla þig kennara þarftu að vera með meistaraþráðu, fyrir nokkrum árum nægði bakkalágráða,“ útskýrir Heiða.

Það standa því margir kennarar frammi fyrir því að þurfa að bæta við sig námi samhliða vinnu, „fyrir ekkert svo rosalega mikið. Kennarar í Noregi geta ekki fengið hærri laun en þeir eru komnir með eftir fimmtán ár í starfi. Þannig að sá sem útskrifast 25 ára er kominn upp í topp fertugur, þá færðu engin fleiri launaþrep, bara kjarasamningshækkanirnar,“ segir Heiða og þær hækkanir eru hóflegar í Noregi, um það ríkir þjóðarsátt þar í landinu og hefur gert um áratugi – hóflegar launahækkanir og mikill stöðugleiki. Í raun Noregur í hnotskurn.

Komið er að lokaspurningu, ófrávíkjanlegum vatnaskilum allra viðtala. Er íslenski kennarinn ánægður í starfi sínu í Noregi?

„Já, ég er mjög ánægð,“ svarar Heiða um hæl, „hér er faglegt frelsi þótt fylgja þurfi námskrá og lögum auðvitað. Ég fæ gott frí, ég get unnið fyrir utan kennslutímamann og bara þegar ég vil. Já, ég er ánægð. Ég held ég muni bara vera kennari þar til ég fer á eftirlaun,“ segir Arnheiður Björg Smáradóttir, grunnskólakennari við Verket skole í Moss í Noregi, og þar leggjum við talið.

Eitt

Líf



Við kynnum með stolti *Eitt líf*, námsefni í lífsleikni með forvarnargildi gegn áhættu-
hegðun. Um er að ræða 10 hlaðvörp og
dagbók fyrir nemendur. Á meðan hlustað
er á efnið er hægt að skrifa hugrenningar
í dagbókina eða bara rissa á síðurnar.
Leiðbeiningar fyrir kennara fylgja með
og eru þær m.a. stútfullar af viðbótarefni.

Námsefnið beinir sjónum að alhliða heilsu einstaklinga
og kennir ungmennum að huga að andlegri og félagslegri
heilsu sinni sem og líkamlegri. Farið er yfir ýmsa
verndandi þætti með fræðslu, umræðum og verkefnum.

Í hlaðvörpunum ræða grunnskólanemendurnir Bjartur
Einarsson og Helga Lilja Maack við sérfræðinga um
geðheilbrigði, sjálfsmynd, svefn, heilbrigð bjargráð til að
takast á við kvíða og reiði, að setja heilbrigð mörk, seiglu

og fleira. QR kóðar í dagbókinni vísa á hlaðvarpsþættina.
Kafar dagbókarinnar eru tíu til samræmis við hlaðvörpin
og eru umfjöllunarefni:

- Staðalmyndir, sjálfsmynd og umhverfi
- Tilfinningar og bjargráð
- Gagnrýnin hugsun, ákvarðanataka og venjur
- Mörk – Taktu pláss
- Heilsa, svefn, skjánotkun, hreyfing, næring og félagar
- Líkamsvitund/líkamsmynd
- Geðrækt, núvitund og hugarró
- Hjálp, hvert get ég leitað? Hvaða aðstoð er í boði?
- Farsæld barna
- Markmiðasetning, seigla, árangur og draumalífið

Eitt líf er samvinnuverkefni á milli Menntamálastofnunar,
RÚV og Minningarsjóðs Einars Darra (Eitt líf).

Það er afar ánægjulegt að geta boðið upp á þetta
mikilvæga námsefni enda gildi þess að stuðlað sé
að verndandi þáttum í lífi ungmenna seint vanmetið.



Miðstöð menntunar
og skólajónustu

Ofbeldi nemenda vanmetið vandamál í skólakerfinu

Nemendur sem beita ofbeldi eru viðvarandi alþjóðlegt vandamál í skólaumhverfinu,“ segir Soffía Ámundadóttir kennari. „Til að stöðva ofbeldið þarf að hafa stífan ramma og afleiðingar við hegðun og þá tökum við valdið frá þeim og stjórnina.“ Soffía rannsakaði reynslu skólastjórna af ofbeldi af hálfu nemenda í meistaraverkefni sínu. Niðurstöðurnar vekja upp áleitnar spurningar um ofbeldi nemenda og hvaða verkfæri stjórnendur hafa til að leysa slík mál. Skólavardan spurði hana út í vandann, umfang hans, afleiðingar og bjargráð.

„Áttavittinn minn í lífinu hefur alltaf beint mér að vinnu með börnum,“ segir Soffía Ámundadóttir. Eftir að hafa heillast af skólanum og starfinu sem þar er unnið snemma á skólagöngu sinni vissi hún að hana langaði að verða kennari og knattspyrnuþjálfari. „Ég er alin upp í Breiðholtinu og gekk í Fellaskóla. Æska mín var góð og gamli skólinn minn hafði þau áhrif að ég sá framtíðarstarf mitt snemma sem kennara.“

Síðan þá hefur Soffía komið víða við á sínum þrjátíu ára ferli í skólanum. Hún er bæði leik- og grunnskólakennari, með BA-próf í táknaðsfræðum og MA-próf í stjórnun menntastofnana, auk þess sem hún þjálfar knattspyrnu. Hún hefur starfað í Brúarskóla, sérskóla fyrir

nemendur með tilfinninga- og hegðunarvanda, síðastliðinn áratug eða svo.

Vildi leggja sitt af mörkum við að leysa vandann

Í meistararitgerð sinni, Við sættum okkur ekki við ofbeldi, rannsakaði Soffía reynslu skólastjórna af nemendum sem beita ofbeldi í skólanum. „Ástæða þess að ég valdi þetta viðfangsefni var áhugi minn á ofbeldi og hegðunarvanda nemenda sem ég vinn með á hverjum degi í Brúarskóla. Einnig varð ég vör við óöryggi og úrræðaleysi í almennum skólum og vildi leggja mitt af mörkum við að kortleggja vandann,“ segir Soffía, sem hefur veitt ráðgjöf, skrifað greinar og haldið málþing og fyrirlestra um efnið.

„Nemendur sem beita ofbeldi eru viðvarandi alþjóðlegt vandamál í skólaumhverfinu,“ segir Soffía. Kennarar, starfsfólk skólans og samnemendur geta verið fórnarlömb aðstæðna og ofbeldismál geta verið mjög alvarleg, bætir hún við. Hér á landi hafi vandinn því miður ekki verið nægilega vel skoðaður en merkja megi aukningu á ofbeldi nemenda og alvarlegum birtingarmyndum þess. Samkvæmt skólastjórnum megi greina að líkamlegt ofbeldi grunn-skólanema sé að verða bæði tíðara og grófara. „Ofbeldi nemenda er verulega vanmetið vandamál í skólakerfinu. Þetta er viðkvæmt umræðuefni og þykir „tabú“,“ segir Soffía.

Hvað er ofbeldi?

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (2003) skilgreinir ofbeldi sem vísvitandi beitingu líkamlegs afls eða valds gegn öðrum, sjálfum sér, hópi eða samfélaginu, sem líklegt er að valdi líkamlegu tjóni, andlegum skaða eða dauða. Ofbeldi er skipt upp í fjóra flokka: Líkamlegt, andlegt, vanrækslu og kynferðislegt ofbeldi. Samkvæmt vef Kennarasambands Íslands (2023) er líkamlegt ofbeldi áráð á líkamann, t.d. að stinga með hníf eða einhverju oddhvössu, hlaupa á, taka kyrkingartaki, sparka, slá, hrinda, hindra för, halda fast, kasta hlutum í, klípa, bíta, klóra eða hrækja á. Rannsóknir sýna að nemendur skilgreina ofbeldi of vítt og þau normalisera ofbeldið. Mjög mikilvægt er að setjast niður með nemendum og endurskilgreina út frá viðmiðum samfélagsins.



Þörf á heildstæðri nálgun á vandann

Þessi mál geta reynst erfið viðfangs fyrir alla hlutaðeigandi. „Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að nemendur beita ofbeldi vegna vanlíðunar, geðrænna erfiðleika, skorts á viðeigandi bjargráðum, samskiptahæfni og fleiri þátta,“ útskýrir Soffía. Í vissum tilvikum noti þeir ofbeldi til að reyna að leysa vandamál og öðlast vald. Oft og tíðum séu þetta jaðarsettir nemendur í áhættuhegðun sem eigi erfitt með að takast á við ákveðnar tilfinningar og aðstæður eins og gremju, vonbrigði og reiði. Nauðsynlegt sé að skoða áhættuþætti einstaklings, fjölskyldu, jafningja, félagslega og samfélagslega.

„Erfiðleikar nemenda sem beita ofbeldi eru margþættir og þörf er á heildrænum stuðningi og lausnum,“ segir Soffía. „Til að stöðva ofbeldið þarf að hafa stífan ramma og afleiðingar við hegðun. Þannig tökum við valdið frá þeim og stjórnina.“ Þá þurfi að gefa sér góðan tíma í að byggja upp traust og mynda góð tengsl við þessa nemendur.

Öðryggi og vonleysi oft ráðandi

Ábyrgð skólans og starfsfólks hans er mikil og mikilvægt að koma til móts við þarfir þessara nemenda og hjálpa þeim að þroskast við öruggar aðstæður, segir Soffía. Hins vegar upplifir starfsfólk skóla sig oft óöruggt og vonlítið í krefjandi aðstæðum með nemendum, eins og staðan er núna.

„Þetta er mikil áskorun fyrir skólasamfélagið. Biðlistar í úrræði eru langir og það er skortur á miðstýrðum verkferlum, viðbragðsáætlunum, markvissari skráningu, samvinnu við foreldra og öflugri fræðslu fyrir alla aðila skólasamfélagsins. Starfsumhverfi skólans er að ýmsu leyti ófullnægjandi, umræðan á samfélagsmiðlum óvægin og flókið ferli að vinna úr grófum ofbeldismálum.“

Þá megi merkja skort á stuðningi frá stjórnendum til kennara, en stuðningur við starfsfólk skóla er lykilatriði samkvæmt Soffíu. „Kennarar sem fá stuðning beita frekar árangursríkum aðferðum til að fyrirbyggja eða draga úr hegðunarerfiðleikum.“

Allir þurfa að leggja hönd á plóg

Niðurstöður rannsóknar Soffíu varpa ljósi á mikilvægi þess að ofbeldi innan veggja skóla sé tekið föstum tökum og að faglegur stuðningur sé aukinn, sem og mun markvissari aðkoma skólayfirvalda og annarra opinberra stofnana að málefnum nemenda sem beita ofbeldi.

„Stjórnendur skóla þurfa að skoða skólann sinn út frá nemendum sem beita ofbeldi, þeirri skólamenningu sem ríkir hverju sinni og stjórnunarstíl, ásamt því að fara yfir aðferðir kennara,



aðstöðu og þarfir nemenda og samstarf við foreldra. Allir þessir þættir hafa áhrif og segja til um þann árangur sem næst með nemendum.“

Mikilvægt sé að stjórnendur og starfsfólk skólans þekki vel til þeirra úrræða og ferla sem til eru, bendi á það sem betur má fara í málefnum nemenda sem beita ofbeldi og að skólasamfélagið sé tilbúið að opna umræðuna um þetta viðkvæma málefni.

Taka þurfi á þessum málum af festu og koma þeim í réttan farveg. „Skólayfirvöld, skólinn, sveitarfélögin, háskólar, fagaðilar og nærumhverfi nemenda þurfa að standa saman þegar erfiðleikar stöðja að,“ segir Soffía. „Þessi kerfi samfélagsins þurfa að skilgreina vandann og finna leiðir til að hlúa að uppeldi, velferð, heilbrigði og tryggja öryggi þessara nemenda.“

Einnig þurfi að stuðla að auknum skilningi og tillitssemi gagnvart nemendum sem beita ofbeldi og taka mið af skólasamfélaginu í heild. „Það þarf að bjóða upp á fræðslu fyrir alla, námskeið um málefnið, þjálfá stjórnendur og kennara með markvissum hætti út starfsævina. Því er mikilvægt að innvikla umræðu um ofbeldismál og úrræði inn í starfsþróun þessara hópá.“

Lausnir leynast víða

„Við getum gert marga til að leysa þessi mál betur að minni mati og ég hef útbúið gátlista fyrir skólann og kennarann og sett upp aðgerðalista sem hægt er að

stýðjast við. Fyrir þennan nemendahóp verðum við að hugsa út fyrir boxið og út fyrir Aðalnámskrá grunnskóla. Við þurfum að kortleggja vandann, fara í fyrirbyggjandi aðgerðir, grípa inn í áður en hlutir gerast og þekkja merkin hjá nemendum.“

Árangursríkt er að notast við hvatningabækur, félagsfærnisögur og umbunarkerfi, segir Soffía. Samvinna við foreldra er mikilvæg og einnig að fá nemandann með í lausnaleit. Gott er að skoða umhverfi nemandans í skólanum; hentar það honum að vera inni í stórum bekk, hvar er hann staðsettur í bekknum og er mögulega hægt að mæta betur þörfum hans inn í bekk? Einnig geti verið gott að setja upp skýrt sjónrænt skipulag, huga vel að næringu og leiðum til að losa orku. „Við þurfum ekki að biða eftir greiningum, sem oft getur tekið langan tíma, heldur frekar að hefja vinnu strax. Að skima fyrir þessum nemendum í leikskóla er mikilvægt og grípa strax inn í,“ segir Soffía.

„Við starfsfólk skólanna segi ég, skoðið vel tryggingarnar ykkar. Þegar kemur að ofbeldi nemenda erum við starfsfólk skólanna illa tryggð. Sveitarfélögin tryggja okkur ekki ef nemendur beita okkur ofbeldi og við þurfum að fara í mál við foreldra þessara nemenda ef eitthvað alvarlegt kemur upp á. Ég tel að þetta þurfi að endurskoða, taka samtalið við sveitarfélögin og setja inn í næstu kjarasamninga.“

Þá bendir Soffía á mikilvægi þess



Við þurfum að taka valdið til baka frá foreldrum og nemendum. Við erum fagfólkið og mörk okkar þurfa að vera á hreinu. Núna þurfum við að fara í samfélagslegt átak, stíga fast til jarðar og ekki sætta okkur við ofbeldi, í hvaða mynd sem er.

að skrá niður öll atvik. „Það sem er ekki skráð gerðist ekki. Skráningar eru mikilvægar heimildir sem halda vel utan um málin, tölfræði og þörfina fyrir aðstoð. Gott er að hafa miðlæga skráningu, sem til dæmis skrifstofustjóri heldur utan um eða stjórnendur. Vegna persónuverndarlaga getum við ekki skráð í Mentor en getum vísað í skráningar þar. Einnig er ekki gott að skrifa í stílabækur eða í eigið skjal sem gæti þá farið á flakk eða týnst.“

Einnig þurfi skólar landsins að taka sig á í að tilkynna ofbeldi af hálfu nemenda til Vinnueftirlitsins og barnaverndar. „Samkvæmt tölum frá Vinnueftirlitinu voru 80 tilkynningar á 5 árum sem tengdust ofbeldi nemenda á kennurum. Ég tel að þessar tölur séu langt frá raunveruleikanum,“ segir Soffía og bætir við að lokum: „Við þurfum að taka valdið til baka frá foreldrum og nemendum. Við erum fagfólkið og mörk okkar þurfa að vera á hreinu. Núna þurfum við að fara í samfélagslegt átak, stíga fast til jarðar og ekki sætta okkur við ofbeldi, í hvaða mynd sem er.“

Aðeins um Soffíu

„Ég er eins og Georg Bjarnfreðarson með 5 háskólagráður, enda veit ég ekkert skemmtilegra en að vera í námi. Ég byrjaði á að taka leikskólakennarann í gamla Fósturskólanum, bætti svo við mig grunnskólakennaranum, fór þá í táknmálsfræði og táknmálstúlkinn, er með UEFA A knattspyrnu þjálfaragráðu og kennaragráðu og tók svo meistaranám við Háskóla Íslands í stjórnun menntastofnana. Ég hef unnið sem leikskólakennari og grunnskólakennari

síðustu 30 ár og vil hvergi annars staðar vera en í lifandi skólastarfi. Sérhæfing mín er táknmál og hegðunarvandi nemenda og ég hef unnið í skólum sem sérhæfa sig í þessum málefnum, sérskólunum Sólborg og Brúarskóla. Ásamt því er ég að kenna í Endurmenntun Háskóla Íslands námskeiðið Ofbeldi nemenda og hegðunarvandi. Ég er líka kennari hjá Knattspyrnusambandi Íslands þar sem ég þjálfá þjálfara og þjálfá hjá félaginu

mínu Val. Sem gamall leikmaður í Val tel ég það skyldu mína að gefa til baka til félagsins og hef þjálfað yngri flokka þar í 30 ár. Í vetur hef ég farið í um 15 skóla á landinu, hitt starfsfólk og farið vel yfir fræðin um ofbeldishegðun nemenda, hjálpað þeim að kortleggja vandann hjá sér og setja af stað vinnu til að fyrirbyggja vandamálið. Á næstu mánuðum er ég pöntuð til Vestmannaeyja, Selfoss, Ísafjarðar, Egilsstaða og Akureyrar.“



Röddin – atvinnutæki kennara

Doktor Valdís Jónsdóttir, sérfræðingur um rödd, fjallar um röddina sem atvinnutæki, hvernig hægt er að vernda hana og beita henni í erfiðum aðstæðum.

Röddin er atvinnutæki kennara, án þess að vera þó viðurkennd sem slíkt. Kennarar eru í einni mestri hættu á að fá raddveilur en rannsóknir sýna að upp undir helmingur kennara þjáist af álagseinkennum í raddfærum. Langalgengustu raddveilurnar eru raktar til rangrar raddbeitingar og því þekkingarleysi á rödd, raddheilsu og raddfærum sem veldur henni. Auk þess er eðli starfsins og umhverfisáhrif meðal helstu ástæðna raddveila kennara, en raddheilsa margra

kennara stenst ekki það raddálag sem fylgir starfinu. Þá eru óvistvæn umhverfisáhrif til að mynda fólgin í því að þurfa að tala í hávaða, í lélegri hljóðvist eða við slæmar kringumstæður eins og til dæmis utandyra eða í þurru lofti.

Hvað er hægt að gera þegar vöðvar í radd- og talkerfi gefa sig og hvernig er hægt að snúa þróuninni til betri vegar þannig að það verði auðveldara að tala, röddin endist betur og líkamleg þreyta minnki?

Dr. Valdís Jónsdóttir, sérfræðingur um rödd, lumar á nokkrum heilræðum og góðum æfingum fyrir kennara.

Slökunar- og teygjuæfingar fyrir talfæri

Varir: (Sjá myndir 1-4)

- ▶ Puðra
- ▶ Geifla varirnar
- ▶ Teygja á munnvikum

Kinnar: (Sjá myndir 5-6)

- ▶ Blása fast út í báðar kinnar.
- ▶ Blása fast út í aðra kinn: Halda lófa við aðra kinn og blása fast út í hina. Endurtaka hinu megin.

Kjálkar: (Sjá myndir 7-8)

- ▶ Opna munninn upp á gátt. Teygja á.
- ▶ Slaka á kjálka og sveifla honum létt út í hliðar.

Tunga: (Sjá myndir 9-12)

- ▶ Festa tungubrodd bak við tennur í neðri góm og velta síðan tungunni út úr munni og hafa tungubak sem kúptast.
- ▶ Láta tunguna liggja slappa fram á varir.

Barki:

- ▶ Mumma tónskalann upp og niður.

Kok:

- ▶ Herpa kokið saman eins og þegar rembst er og slaka síðan á.
- ▶ Brosa með kokinu.

Heilræði

- ▶ Hitið röddina upp, til dæmis með því að humma lag.
- ▶ Drekið reglulega vatn yfir daginn.
- ▶ Liðkið kjálka, tungu, kinnar og varir þegar tækifæri gefst.
- ▶ Talið í eigin tónhæð, ekki spenna röddina upp eða kalla, frekar ganga til viðkomandi.
- ▶ Gætið þess að tala og lesa á nægu lofti.
- ▶ Syngið alltaf í eðlislægri tónhæð.
- ▶ Talið alltaf með slakan kjálkann svo tungan liggir milli jaxla og forðist að tala með samanbitnar tennur.
- ▶ Talið alltaf það hægt að orð renni ekki saman, heldur heyrist hvert orð og endingar hvers orðs.
- ▶ Kveðið fast að samhljóðum og leggið áherslu á hvert atkvæði.
- ▶ Hafði stuttar þagnir.
- ▶ Reynið að finna fyrir hreyfingu talfæra.

Raddheilsa kennara

Greinin er unnin upp úr erindi Dr. Valdísar um raddheilsu kennara sem hún flutti á fjarfundi Fræðslunefndar KÍ, FRÆ, 14. febrúar fyrir félagsfólk. Hægt er að horfa á upptöku af erindinu á vef KÍ, sem og öðrum fundum fundaraðarinnar. Þar er einnig hægt að kynna sér fundi sem framundan eru en 17. apríl fjallar Kristín Sigurðardóttir, slysa- og bráðalæknir, um streitu og seiglu.

Dagskráin hefst svo á ný í september, þegar Sigrún Birna Björnsdóttir Kaaber, sérfræðingur KÍ í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum, fer yfir örಾರೆiti og áreitni á fimmta fundi fræðslunefndar, 11. september.

Hægt er að kynna sér málið betur í bókinni Talandinn, er hann í lagi? - Vísindi á mannamáli eftir Valdísi, eða með því að skoða vefsíðu hennar, rodd.is.





Nordplus Junior

Fjárfesting í framtíðinni

Rætt er við Skúla Leifsson, sérfræðing hjá Rannís um spennandi möguleika Nordplus Junior styrkja. Markmiðið með áætluninni er að styrkja fjölbreytt og áhugaverð verkefni sem efla gæði í menntun og kennslu.

Alþjóðlegt samstarf og þekkingarskipti eru sífellt mikilvægari fyrir íslenskt skólastarf. Nordplus Junior er ein af fimm undiráætlunum Nordplus en Junior er sérstaklega fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, auk verkefna á sviði starfsmenntunar.

Í Nordplus Junior er hægt að sækja um styrki fyrir samstarfsverkefni,

þróunarverkefni, nemendaheimsóknir, kennaraskipti og þjálfun nema í starfsnámi, allt með það að markmiði að styrkja og stuðla að endurmenntun kennara og þróa skólastarfið. Við settumst niður með Skúla Leifssyni, sérfræðingi hjá Rannís, til að ræða um þá spennandi möguleika sem Nordplus Junior býður upp á.

Nýjar leiðir í námi

„Í verkefnum á vegum Nordplus Junior hafa til dæmis farið fram kennaraskipti þar sem kennarar hafa kynnt sér kennsluáðferðir og skólastarf í öðrum löndum,“ segir Skúli. „Auk þess eru dæmi um þróunarverkefni þar sem nýtt kennsluefni, námsaðferðir og nýjungar í skólastarfi eru tekin fram, allt í samvinnu við aðra skóla á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum. Nemendaskiptin eru svo alltaf vinsælasti styrktarflokkur Nordplus Junior, sem gefur möguleikann á bekkjaskiptum.“

Nýjasta viðbótin við áætlunina eru

námsheimsóknir fyrir kennarahópa og annað starfsfólk, til dæmis skólastjórnendur. „Þetta gefur skólum og skólaskrifstofum tækifæri til að kynna sér starfsemi annarra menntastofnana, rannsóknarmiðstöðva, ríkisstofnana og fleira, en þessi heimsókn þarf ekki að vera tvíhliða. Þessar heimsóknir eru hugsaðar til að efla þekkingarmyndun og fá hugmyndir og innblástur sem nýtast beint í starfi, útskýrir Skúli.“

Umsóknarkröfurnar misjafnar eftir því hvað sótt er um

Til að sækja um styrk þurfa skólar að fylla út umsókn í gegnum umsóknarkerfið Espresso, sem finna má á vef Nordplus. Það hvaða skilyrði skólar þurfa að uppfylla til að geta sótt um styrk er aðeins misjafnt eftir því hvað sótt er um, segir Skúli.

„Ef sótt er um námsheimsókn eða undirbúningsheimsókn er umsóknarferlið frekar einfalt og aðeins þarf að vera með tengilið í einu öðru

landi en ef sótt er um samstarfs-
verkefni eða þróunarverkefni þurfa
samstarfsaðilarnir að vera að minnsta
kosti þrír frá þremur löndum,“ Segir
hann og bendir á að nánari upplýs-
ingar sé að finna á heimasíðu og í
handbók Nordplus. Svo megi alltaf
hafa samband á nordplus@rannis.is.
„Við getum alltaf leiðbeint áhugasöm-
um aðilum um hvaða verkefnaflokkur
hentar best.“

Umsókn um námsheimsókn
er einföld. „Þar er mikilvægt að í
umsókninni komi fram hvaða stofnun
mun taka á móti hópnum og hvernig
heimsóknin mun nýtast í starfi. Við
leggjum áherslu á að hver skóli sendi
að minnsta kosti tvo þátttakendur og
að hámarki fimm og hver heimsókn
getur varað í allt að fimm daga.“

Víkka sjóndeildarhringinn í skólaheimsókn

Skúli býr yfir mörgum sögum af
skólum og verkefnum sem hafa nýtt
sér áætlunina og árangri þeirra. „Til
dæmis nefnir hann Adolfsbergsskolan
í Örebro í Svíþjóð, sem sótti um náms-
heimsókn og hlaut styrk síðastliðið
haust. „Það voru fimm kennarar þaðan

sem heimsóttu tvo finnska skóla og
fengu auk þess kynningu hjá Mennta-
málastofnun Finnlands þar sem þau
gátu kynnt sér nánar lestrarverkefni
sem eru í gangi á landsvísi í Finn-
landi“ segir hann. „Þessar heimsóknir
gáfu þeim tækifæri til að kynna ný-
jum aðferðum í tungumálakennslu og
hugmyndir um hvernig þau gætu unnið
með lestrarkennslu í sínum skóla.“

Að lokum leggur Skúli Leifsson
áherslu á mikilvægi Nordplus Junior
áætlunarinnar fyrir framtíð menntunar
á Norðurlöndunum og í Eystrasalts-
ríkjunum og segir að það sé ekki síður
mikilvægt að íslenskir skólar taki þátt
í því að miðla því sem vel gengur hjá
okkur til nágranna okkar.

„Áætlunin gefur skólum einstakt
tækifæri til að víkka sjóndeildarhring
sinn og kynna nýjum menntaaðferð-
um, en ekki síður til að miðla eigin
sérþekkingu. Með því að taka þátt
í Nordplus Junior opnum við ekki
aðeins glugga að nýjum möguleikum
fyrir nemendur og kennara heldur
byggjum við einnig brýr milli
menningarheima. Þetta er ekki bara
fjárfesting í menntun heldur einnig í
framtíð samfélaga okkar.“



*„Með því að taka þátt
í Nordplus Junior
opnum við ekki
aðeins glugga að
nýjum möguleikum
fyrir nemendur og
kennara heldur
byggjum við
einnig brýr milli
menningarheima.
Þetta er ekki bara
fjárfesting í menntun
heldur einnig í
framtíð samfélaga
okkar.“*



Umsóknarfrestur um undirbúnings- og námsheimsóknir í Nordplus Junior fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla er:

1. október
2024



Markmið Nordplus er að
stuðla að samstarfi og gæðum
í menntun á Norðurlöndunum
og í Eystrasaltsríkjunum.



Nordplus



Aðsend grein

Hamingja og vellíðan í skólastarfi!

Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri í Grunnskólanum í Þorlákshöfn (í námsleyfi) og nemi í jákvæðri sálfræði við Endurmenntun Háskóla Íslands



Flestir geta verið sammála þeim staðhæfingum að kennsla sé erfiðt starf og að mikilvægt sé að leita leiða til að tryggja vellíðan í starfi. Að skapa jákvætt skólasamfélag þar sem áhersla er lögð á uppbyggileg samskipti er undirstaða fyrir velgengni og vellíðan, bæði starfsfólks og nemenda.

Í fræðigreininni jákvæðri sálfræði er athyglinni beint að þeim þáttum sem gera lífið þess virði að lifa því og lögð áhersla á styrkleika í stað þess að einblína á það sem er að. Leitað er svara við því hvað við getum gert til að fá meira út úr lífinu, öðlast innihaldsríkara líf og blómstra. Jákvæð sálfræði miðar að því að skilja, rannsaka, uppgötva og kynna þætti sem geta stuðlað að því að einstaklingar og samfélög blómstri.

Okkur er eðlislægt að beina athygli okkar að því sem gengur illa í stað þess að horfa á það sem gengur vel. Heilinn okkar er einfaldlega hannaður þannig að við tökum frekar eftir því neikvæða heldur en því sem gengur vel, því það hjálpaði mannfolkinu að lifa af áður fyrr. Í nútímanum er þessi neikvæða skekkja ekki eins hjálpleg og því þurfum við meðvitað að beina athyglinni að því jákvæða.

Er hægt að nýta verkfæri jákvæðrar sálfræði til að auka vellíðan kennara?

Jákvæð inngrip eru meðvitaðar athafnir og aðferðir sem miða að því að rækta jákvæðar tilfinningar, styrkja jákvæða hegðun og hugsanir. Rannsóknir hafa sýnt fram á að með kerfisbundnum inngripum er hægt að bæta líðan og andlega heilsu verulega. Mestur árangur er tengdur við inngrip sem taka á margvíslegum þáttum og inngrip tengd núvitund (e. mindfulness). En er hægt að nýta jákvæð inngrip til að auka vellíðan í skólastarfi?

Á undanförunum árum hefur áherslan verið að færast enn frekar á vellíðan. Árið 2008 settu fræðimenn í Bretlandi fram fimm leiðir að vellíðan en leiðirnar byggja á fjölmörgum rannsóknum á þeim þáttum sem sýnt hefur verið fram á að auki vellíðan og hamingju.

Fyrsta leiðin fjallar um að mynda tengsl. Mikilvægt er að samskiptin séu uppbyggileg; að kennarar og annað starfsfólk geti tjáð sig í hópnum og finni fyrir vellíðan á vinnustað, að vinnufélagar hafi áhuga hver á öðrum og andrúmsloftið einkennist af samheldni og jákvæðum tengslum.

Önnur leið til vellíðunar er hreyfing. Finndu hreyfingu sem veitir þér gleði og vellíðan. Mikilvægt er að skapa svigrúm til að setja hreyfingu inn í hvern dag, bæði gagnvart starfsfólki og nemendum. Til dæmis að fara í stuttan göngutúr með samstarfsfélaga sem hluta af undirbúningstíma, dansa með nemendum eða stunda aðra hreyfingu.

Þriðja leiðin er að taka eftir. Fara af sjálfsstýringu og lifa með aukinni meðvitund. Núvitundaræfingar, hugleiðsla og öndunaræfingar eru dæmi um aðferðir til að auka ró og eftirtækt. Það ætti að vera sjálfsagt að taka tíma af deginum til að gera öndunaræfingar eða hugleiða. Rannsóknir hafa sýnt fram á að æfingarnar þurfa ekki að vera langar til að bera árangur en ein til tvær mínútur geta skipt sköpum til að ná tökum á hugsunum sínum, stuðla að ró og minnka stress. Önnur æfing sem fellur undir þessa leið er að taka eftir góðum hlutum sem gerast á hverjum degi. Æfingin Þrír-góðir hlutir er dæmi um æfingu sem er einföld og áhrifarík til að auka vellíðan og hamingju. Þegar einstaklingur rifjar upp þrjá góða hluti sem hann upplifir í sínu daglega lífi eflast tilfinningar um ánægju og þakklæti. Rannsóknir hafa sýnt að það að gera þessa æfingu gefur jákvæðan árangur, eykur

hamingju og vellíðan auk þess sem hún dregur úr einkennum þunglyndis.

Fjórtða leiðin er að halda áfram að læra. Í síðustu Skólavörðu kom einmitt fram að ásókn í Endurmenntunarsjóð hefur verið að aukast en endurmenntun og það að tileinka okkur nýja hluti er eitt öflugasta verkfærið sem við höfum til að stuðla að vellíðan og hamingju. Það að tileinka sér nýjar hugmyndir og prófa sig áfram veitir gleði og er valdeflandi.

Fimmta leiðin er síðan að gefa af sér. Kennarar gefa af sér á hverjum degi með nemendum sínum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að það að gera t.d. góðverk og sýna þakklæti getur aukið vellíðan og hamingju.

Það vex sem við veitum athygli

Ein grundvallarspurning í skólastarfi hefur í gegnum tíðina verið: hvert er markmið menntunar. Að mati undirritaðrar ætti meginmarkmiðið að vera að stuðla að alhliða menntun nemenda þannig að þeir geti átt farsælt líf og verið góðar og hamingjusamar manneskur.

Því er nauðsynlegt að stuðla að skólamenningu sem ræktar jákvæðar tilfinningar og styður við jákvæða hegðun og hugsanir. Þannig þarf að veita jákvæðum þáttum skólastarfs aukna athygli og stuðla að því að kennarar og annað starfsfólk fái rými til að tileinka sér viðurkennd jákvæð inngrip til aukinnar vellíðunar í starfi og einkalífi. Bæði fyrir sjálfa sig og nemendur sína.

Það að vinna með börnum og ungmennum er án efa besta starf í heimi. Vissulega krefjandi en miklu oftari skemmtilegt. Mikilvægt er að taka eftir öllum jákvæðu og góðu hlutum sem gerast í skólum á hverjum degi. Horfa á styrkleikana og vinna markvisst að því að auka vellíðan og hamingju í skólastarfi. Verum stolt af faglegu skólastarfi og stígum skref til aukinnar vellíðunar í skólum!

Siðareglur kennara – leiðarvísir í flóknu starfi

N

ýjar siðareglur hafa litið dagsins ljós og fylgja þær með Skólavörðunni að þessu sinni. Endurskoðaðar reglur voru samþykktar á



Siðareglur kennara

Kennarasambands Íslands

síðasta þingi KÍ 2022 og Siðaráð fól Elínu Eddu Þorsteinsdóttur, grafískum hönnuði, að hanna útlit þeirra. Siðaráð vinnur að kynningarefni um siðareglurnar og kynningaráætlun. Hér á eftir verður fjallað um hugsunina að baki nýrra siðareglna og af hverju þær hverfast um fagmennsku.



Sigrún Birna Björnsdóttir

Sérfræðingur í jafnréttis- og vinnu- umhverfismálum hjá KÍ


Siðareglur kennara eru hugsaðar sem leiðarvísir í flóknu starfi kennara með samstarfsfólki, nemendum og samfélagi. Siðferðilegir snertifletir í starfi kennarans eru fjórir og snúa að nemendum, samstarfsfólki, samfélagi og fagmennsku. Þessir snertifletir skarast en fagmennskan tengir þá alla og þeir mynda þannig þríhyrning. Merki KÍ er þríhyrnt og táknar öll aðildarfélög KÍ. Þríhyrnt form siðareglna vísar þannig beint til táknar KÍ. Siðareglur KÍ ætti þó ekki að horfa á sem tvívíðar heldur eru víddirnar fleiri. Víddirnar tengjast en fagmennska kennarans, sem er fyrir miðjum þríhyrningnum, er forsenda og hornsteinn allra hinna víddanna og styður við þær.

Af hverju fagmennska?

Fagmennska kennarans er þungamiðja þríhyrningsins og bein vísun til almenns hluta aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla. Efst í þríhyrningnum eru nemendur og menntun þeirra með áherslu á áhuga, virðingu og umhyggju kennarans fyrir nemendum, þar sem áhersluþættir kennsluhátta eru víðsýni og alhliða þroski. Kennari menntar og stuðlar að alhliða þroska nemenda vísar einnig til aðalnámskrár. Neðst í þríhyrningnum eru siðareglur sem snúa að samfélagi og samstarfsfólki kennara. Þannig hverfast þessir þrír þættir siðareglna, nemendur, samstarfsfólk og samfélag um fagmennsku kennara.

Ásýnd kennara út á við skiptir máli í heimi þar sem samfélagsmiðlar og veraldarvefur varpa einföldu ljósi á tilveru fólks. Kennari sem stígur fram og inn í þetta ljós verður að láta sér umhugað um heiður stéttar sinnar, huga að framkomu sinni á opinberum vettvangi og vera meðvitaður um samfélagsábyrgð sína. Samskipti kennara við samstarfsfólk sitt skipta einnig miklu máli þar sem hver og einn ber ábyrgð á eigin framkomu við samstarfsfólk og því faglega samstarfi sem fara þarf fram í öllum skólum.

Ýmsir þættir siðareglna skarast, eins og



Fagmennska er kjarni siðaregla. Kennari:

- Er meðvitaður um valdestöðu sína og misnotar hana ekki
- Eflir gagnrýna hugsun og ræðir siðferðileg álitamál
- Skapar góðan starfsanda, hvetjandi námsumhverfi, eflir sjálfsrækt og starfsgleði
- Stuðlar að uppbyggilegum samskiptum um málafni nemenda
- Hefur jafnrétti að leiðarljósi og vinnur gegn hvers kyns fordómum, áreitni, ofbeldi og mismunum
- Vinnur að jafnvæði mynd stéttarinnar
- Viðheldur faglegri hæfni sinni og þekkingu

Fagmennska kennara snýr að nemendum. Kennari:

- Menntar og stuðlar að alhliða þroska
- Sýnir áhuga og umhyggju
- Ber virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum þörfum

- Virðir réttindi og lætur sig hagsmunum og velferð varða
- Eflir og eykur viðeyni

Fagmennska kennara snýr að samfélagi. Kennari:

- Gætir að heiðri og virðingu stéttar sinnar
- Gætir að framkomu sinni á opinberum vettvangi
- Er meðvitaður um samfélagsábyrgð sína
- Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn

Fagmennska kennara snýr að samstarfsfólki. Kennari:

- Leitast við að eiga góð og uppbyggileg samskipti
- Gætir trúnaðar
- Ber virðingu fyrir fjölbreytileika
- Tekur þátt í faglegu samstarfi á uppbyggilegan hátt

sjá má á myndinni. Til dæmis birtist hugtakið virðing oftast einu sinni og eins trúnaður. Ef rýnt er í reglurnar má sjá að sumar þeirra hverfast um sama punkt en í annarri vídd. Þannig tengjast þær og mynda heild.

Til hvers siðareglur án refsiramma?

Siðareglur eru hugsaðar sem rammi utan um öll störf kennarans, einnig þau sem ná út fyrir kennslustofuna. Siðareglur má nýta sem leiðarvísir en ekki regluverk. Kennarinn er fyrirmynd í hverju verki og verður að ganga á undan með góðu fordæmi þegar komið er fram opinberlega, bæði sem kennari og leikmaður og í samskiptum við samferðafólk í ræðu og riti, í starfi eða leik. Ekkert er því til fyrirstöðu að stjórnandi nýti siðareglur þegar fjallað er um einstök mál og vísi til siðareglna, enda eru þær vörður á faglegri leið hvers félagsmanns KÍ.

Samræður um siðareglur

Siðareglum er ætlað að skapa spurningar og samræður. Þær eru hugsaðar sem leiðarvísir fyrir hvern kennara á vegi hans til þroska, bæði sem kennari og manneskja. Umræður um siðareglur eru nauðsynlegar þar sem finna þarf sameiginlega mælikvarða á samskipti og fagmennsku kennara. Siðareglur eiga að vekja samræður og samræður eru grundvöllur lýðræðis.

Verkefni Siðaráðs þetta kjörtímabil verður að útbúa bakgrunnsefni sem vekja á alla þá sem starfa í skólum, að nemendum meðtöldum, til umhugsunar, samtals og meðvitundar. Efnid, sem unnið verður í samvinnu við einstök fagfélög kennara, verður hugsað sem samræðugrundvöllur fyrir kennara sín á milli, fyrir kennara í samræðum við nemendur og fyrir nemendur sín á milli.

Hvað er Svansvottun?



Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem hefur þann tilgang að draga úr umhverfisáhrifum af vörum eða þjónustu og auðvelda neytendum að velja umhverfissvænni kosti. Til þess að vara eða þjónusta geti hlotið Svansvottun þarf að uppfylla ákveðnar kröfur sem miða að því að tryggja að varan eða þjónustan sé betri fyrir umhverfið og heilsuna. Til dæmis þarf að gæta að því að engin skaðleg efni séu notuð við framleiðslu og að orku- og vatnsnotkun og úrgangi sé haldið í lágmarki. Þá þarf að huga að gæðum og endingu. Svansmerkið er lífsferilsmerki sem þýðir að í allri viðmiðað-þróun er leitast við að hanna kröfur sem taka á öllum lífsferli vörunnar eða þjónustunnar sem um ræðir. Kröfur og viðmið vottunarinnar eru í sífelltri þróun og taka mið af nýjustu rannsóknum og þekkingu á hverjum tíma.

Svanurinn er umhverfismerki af Týpu 1 samkvæmt ISO 14024 umhverfissvottunarstaðalnum. Merkinu var komið á fót af Norrænu ráðherra-nefndinni árið 1989. Markmiðið var að stofna eitt sameiginlegt merki sem neytendur gætu auðveldlega þekkt, væri áreiðanlegt og ekki rekið í hagnaðarskyni. Umhverfisstofnun er umsjónaraðili vottunarinnar hér á landi.



Gott eldhús, góður matur, gott skólastarf:

Fyrsta íslenska skólaeldhúsið Svansvottað

Eldhúsið í leikskólanum Aðalþingi í Kópavogi hlaut Svansvottun í marsmánuði, fyrst allra íslenskra skólaeldhúsa. Vottunin rímar vel við stefnu skólans.

Leikskólinn Aðalþing er rekinn af kennurum samkvæmt þjónustusamningi við

Kópavog. Aðalmarkmið skólans er að veita barninu bestu umönnun og kennslu sem völ er á og þar er í mörg horn að líta. Huga þarf að aðstöðu, aðbúnaði, kennslu, líðan, loftgæðum og síðast en ekki síst matreiðslu og matarræði barnanna. Það síðastnefnda hefur verið í forgrunni að undanförunu.

„Það þarf að vera jafnvægi á milli þeirra grunnþátta sem gera okkur að lífsglöðum manneskjum,“ segir Hörður Svavarsson skólastjóri. „Við öndum, sofum, borðum, hreyfum okkur, hugsum, rannsókum og sköpum.“

”Ég finn lykt og bragðið af chilli con carne. Án þess að smakka. Þannig gerist bara stundum.“

Emil, 5 ára

Matur getur aldrei verið aukaatriði í lífi okkar. Það er augljóst að gott eldhús og góður matur er forsenda fyrir góðu skólastarfi.“

Þetta viðhorf er meðal ástæðna þess að Aðalþing hóf ferlið við að öðlast Svansvottun á skólaeldhúsi leikskólans fyrir um tveimur árum. Svansmerkið er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem tekur til alls lífsferils vöru og þjónustu. Svansvottuð vara er betri fyrir umhverfið og heilsuna.

Ferlið var ítarlegt. Til dæmis þarf að sýna fram á, með haldbærum gögnum, að birgjar, innkaup, ferlar og framleiðsla standist kröfur vottunarinnar. Í ljósi stefnu skólans var þetta þó rökrétt næsta skref. „Frá upphafi var lagt af stað með mjög ákveðna matarstefnu í Aðalþingi.“

Áhersla var lögð á að matur væri sem mest unninn frá grunni og sykur ætti ekki að nota í matreiðslu. Alla tíð hefur verið lögð áhersla á að hafa menntað fagfólk í eldhúsinu,“ útskýrir Hörður. Þá hefur skólinn stuðst við „Slow Food“ hugmyndafræðina sem gengur út á að matur eigi að vera góður, hreinn og sanngjarn; þ.e. hráefnið lífrænt og fengið úr nærumhverfinu, ef völ er á, og framleiðslan sanngjör, svo sem gagnvart framleiðendum, fólki, jörð og náttúru.

Þá hefur verið stefnt að því að gera Aðalþing að eiturefnalausum leikskóla frá árinu 2025. „Lítil börn eru sérlega viðkvæm fyrir skaðlegum efnum vegna þess að heili og ónæmiskerfi þróaast á unga aldri,“ segir Hörður. Þá eru þau einnig í meiri hættu á að neyta skaðlegra efna en fullorðnir.

Svansvottun lá því sem næst beint við. „Það fer vel að matarstefnu, eiturefnaleysi, sjálfbærni og gæðastarfi Aðalþings að vinna að Svansvottun fyrir eldhúsið og matinn.“ Markmiðið tókst nú 12. mars þegar aðstandendur skólans hlutu Svaninn formlega við háttíðlega athöfn í Aðalþingi.

„Það var merkilegur viðburður að maturinn í leikskólanum fengi



Hörður Svavarsson skólastjóri, Heiðdís Hauksdóttir matreiðslumeistari, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri, Agnes Gústafsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ester Alda Hrafnhildur Bragadóttir, sérfræðingur Umhverfisstofnunar. Stofnunin er umsjónaraðili vottunarinnar hér á landi.

Svansvottun. Svansmerkið er áreiðanleg vottun sem flestir Íslendingar þekkja. Ekkert skólaeldhús hér á landi hefur fengið Svansvottun fram að þessu,“ segir Hörður. „Þetta er líka mikilvægt skref núna þegar verið er að útvista matreiðslu skóla og kaupa aðfluttan

verksmiðjuframleiddan mat í auknum mæli.“

„Svansvottun er góð leið til að miðla umhverfisstarfi okkar og sendir samféluginu skýr skilaboð um að skólinn vinni markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum í öllum lífsferli vörunnar.“

Samstarfsverkefni Erasmus+ opna á ný og spennandi tækifæri



Næsti umsóknarfrestur um samstarfsverkefni er
1. október 2024



EVROPUSAMBANDIÐ



Erasmus+

Aðsend grein

Vinnuumhverfi kennara – hvað má gera betur?

Gunnhildur Gísladóttir, iðjubjálfi MSc og vinnuverndarráðgjafi, og Svava Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og vinnuverndarráðgjafi



Atvinna er stór partur af lífi okkar flestra. Þar eyðum við að jafnaði 30-36 klukkustundum á viku, stundum meira. Margt í vinnuumhverfinu stuðlar að heilsu og vellíðan en annað getur verið skaðlegt heilsu starfsfólks og það á einnig við um kennarastarfið. Samkvæmt Vinnuverndarstofnun Evrópu eru verulegar vinnuverndarhættur í vinnuumhverfi kennara; stoðkerfisvandi vegna langvarandi setu og vegna endurtekinnna hreyfinga handleggja og handa, heyrnarskerðing vegna hávaða og sálfélagslegt álag vegna samskipta við nemendur og foreldra. (ESENER, 2019).

Stoðkerfisvandi fyrirferðamikill

Við hjá ÖRUGG verkfræðistofu höfum verið að skoða þessa þætti sérstaklega hjá kennurum til þess að geta aðstoðað við að koma í veg fyrir þá þróun sem getur orðið í vinnuumhverfi kennara hér á landi. Það er sorgleg staðreynd að 60% allra veikindafjarvista í Evrópu eru vegna verkja í stoðkerfi, sérstaklega í baki og efri útlimum. Þessum veikindafjarverum vegna stoðkerfisvanda fylgir mikill kostnaður fyrir vinnustaði og samfélagið, að ógleymdum einstaklingnum sjálfum. Það má teljast með ólíkindum að þessi tala sé svona há því að í áratugi hefur verið vítað hvernig best er að beita líkamanum, bæði sitjandi, standandi og í öðrum stellingum sem vinnuaðstæður krefjast.

Vandinn liggur kannski í því að, þrátt fyrir að rannsóknir sýni þessar niðurstöður, skortir á að vinnuverndarhugsun sé samofin öðru

innra starfi vinnustaða. Stoðkerfisvandi starfsfólks er nefnilega eitthvað sem allir vinnustaðir þurfa að taka alvarlega og vinna markvisst að forvörnum til að koma í veg fyrir að fleiri bætist í hóp þeirra sem þjást af verkjum og falla af vinnumarkaði.

Vinnuaðstaðan úr takti við tímann

Vinnuumhverfi kennara hefur breyst töluvert undanfarin ár og má segja að skrifstofa kennara sé kennslustofan – en þó eru kennslustofur fæstar með þann búnað sem skrifstofur hafa í dag; rafmagnshækkanleg skrifborð, skrifstofustól með mörgum stillimöguleikum, úrval tölvuskjáa og þráðlausar mýs og lyklaborð. Lítið hefur verið hugsað um að þróa vinnuaðstöðu kennara í takt við tímann og enn eru margir kennarar að bera fartölvu, bækur og önnur kennslugögn á milli stofa.

Í könnun sem gerð var í Bretlandi árið 2018 kom í ljós að 73% kennara höfðu fundið fyrir verkjum í hálsi og herðum, 53% höfðu upplifað verki í hnjó og 33% höfðu glímt við vandamál í mjóðmum. Í heildina höfðu 82% kennara fundið fyrir stoðkerfisverkjum að minnsta kosti einu sinni í viku. (Vergo.uk, 2018).

Koma má í veg fyrir flestan stoðkerfisvanda með einföldum ráðstöfunum, áhættumati og forvarnaáætlunum. Vinnuverndarteymið hjá ÖRUGG verkfræðistofu leiðbeinir og fræðir starfsfólk um bætta líkamsbeitingu, hjálpar fyrirtækjum að búa vel að starfsfólki sínu og fylgir því eftir að vellíðan allra á vinnustaðnum sé eins og best verður á kosið. Vinnuvernd er ekki afgreidd í

eitt skipti og síðan ekki söguna meir. Það þarf með reglubundnum hætti að meta áhættu í störfunum, gera forvarnaáætlun og fylgja því eftir að úrbætur séu gerðar.

Það eru ekki einungis starfsfólkið og vinnustaðurinn sem græða á því að huga að forvarnaþáttum, heldur samfélagið allt, þar sem sjúkrakostnaður lækkar og álag á heilbrigðiskerfið minnkar. Á hverju ári tapar þjóðfélagið tugum milljarða vegna skaða sem mætti koma í veg fyrir.

Mikið sálfélagslegt álag á kennurum

En það er fleira sem telst til áhættu í starfi kennara. Sálfélagslegt álag á kennurum er gífurlegt. Nýleg íslensk rannsókn sýnir að þeir sem hafa fallið af vinnumarkaði, hvort sem það er í lengri eða skemmri tíma, hafa frekar þurft að kljást við krefjandi viðskiptavinum, þjónustunotendur eða nemendur heldur en það starfsfólk sem helst í starfi. (Félagsvísindastofnun, 2022). Flestir kennarar eru í sífelldum samskiptum við bæði börn, foreldra, forráðamenn og margvíslegar fagstéttir. Samskiptin geta verið flókin og krefjandi og reyna á marga þætti í samskiptahæfni kennara.

Einelti, áreitni og ofbeldi er alvarlegt vandamál sem getur haft neikvæð áhrif á líðan, sjálfsstraust og heilsu starfsfólks og það snertir alla á vinnustaðnum. Vinnustöðum ber að hafa aðgerðaáætlun sem tekur á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO-málum) með skýrum hætti. ÖRUGG verkfræðistofa veitir vinnustöðum ráðgjöf við að móta stefnu sem endurspeglar þá samskiptamenningu sem vinnustaðurinn

vill hafa og aðstoðar við að greina aðstæður og áhættuþætti sem ýta undir ósæmilega hegðun og framkomu við starfsfólk.

Nauðsynlegt að tryggja öruggt skóla-umhverfi

Frá Bandaríkjunum berast þær tölur að þrír af hverjum fjórum skólum þar í landi upplifi eitt eða fleiri ofbeldisverk á ári hverju. Kennarar og starfsfólk skóla eru með hæstu tíðni líkamsárása á vinnustað og eru í stöðugri baráttu við að taka á hegðunarvandamálum nemenda, svo sem bitum og slagsmálum. (berkeley.edu). Við viljum ekki að skólaumhverfi á Íslandi færist í þessa átt og því þarf að huga að öryggismálum strax, ekki eftir að skaðinn er skeður. Með markvissum forvörnum, fræðslu og leiðum til að fyrirbyggja



óæskilegar aðstæður, slæm samskipti og neikvæða hegðun á vinnustað er hægt að draga verulega úr hættu á EKKO-málum og afleiðingum þeirra fyrir einstaklinga og vinnustaði. Í framhaldi kemur ÖRUGG með tillögu að viðbragðsáætlun, bæði við einelti og áreitni og einnig við hótunum og ofbeldi sem starfsfólk getur orðið fyrir í störfum sínum.

Öryggismál eru samskiptamál. Sköpun öryggismenningar er ekki einkamál öryggisstjóra eða fámenns hóps, heldur verður sterk öryggismenning til þegar stjórnendur láta sig málið varða og fá alla í lið með sér. Vinnuverndarteymið hjá ÖRUGG verkfræðistofu leggur áherslu á að koma inn á vinnustaði og aðstoða við að koma á góðum samskiptum og vellíðan og fá fram hjá

starfsmannahópnum hvað sé hægt að gera til að bæta og efla vinnustaðamenninguna.

Vinnustaður þar sem ríkir vellíðan og góð heilsa og vinnuumhverfið er gott skilar sér í ánægðara starfsfólki. Að hugsa um heilsu, öryggi og vellíðan starfsfólks styður við betri ímynd vinnustaðarinnar og eykur árangur innan hans.

Heimildir

- Ásdís A. Arnalds, Guðbjört Guðjónsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir (2022). Einkenni starfa, vinnuumhverfi og ástæður brotthvarfs af íslenskum vinnumarkaði. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ergonomic Tips for Teachers: A Complete Guide - Vergo UK, (2018).
- European Survey of Enterprises on New and Emerging Risks (ESENER) (2019). Third European Survey of Enterprises on New and Emerging Risks (ESENER 2019): Overview Report How European workplaces manage safety and health | Safety and health at work EU-OSHA (europa.eu)
- School Action for safety and Health (SASH) program, (2021). Teaching in a safe classroom: (berkeley.edu)

Komdu að kenna

Kynntu þér kennaranám á hi.is



Tilboð

Margvísleg sérkjör í boði fyrir félagsfólk OKÍ

Ferðaávisanir, gjafabréf flugfélaga, útilegukort og afsláttakjör af afþreyingu í ferðalaginu eru meðal frábærra sérkjara sem Orlofssjóður KÍ býður sínum félögum.

Ferðaávisun veitir félagsmönnum aðgang að sértílbodum á gistingu um allt land. Samið hefur verið við tugi gististaða um að bjóða félagsfólki allra bestu kjörin.

Til að sjá hvaða gistingar eru í boði þarf að fara í „Ferðaávisun (hótel)“ á orlofsvefnum Frímanni og skrá sig þar inn með rafrænum skilríkjum. Mikilvægt er svo að ganga úr skugga um að herbergi á viðkomandi kjörum sé laust með því að hafa samband við gististað áður en ávisun er keypt.

Flugafslættir gera ferðalagið ánægjulegra

Orlofssjóður býður gjafabréf sem veita félögum afslátt af flugi hjá Icelandair, PLAY og Erni. Þá er hægt að kaupa gjafabréf hjá Sumarferðum og Úrval útsýn sem gilda sem afsláttur af pakkaferðum.

Hægt er að kynna sér tilboðin á vef KÍ og Orlofsvef Frímanns, þar sem kaupin fara fram. Það er stefna sjóðsins að leggja frekari áherslu á niðurgreiðslur í gegnum gjafabréf flugfélaga, frekar en að bjóða húsnæði til leigu erlendis.

Önnur sérkjör og tilboð

Ýmis sérkjör og afslættir standa félögum KÍ til boða. Mörg fyrirtæki bjóða félagsmönnum allt að 20% afslátt af þjónustu og vörum. Aðrir bjóða frekar 2 fyrir 1 á völdum dögum. Afslættir eru virkjaðir með mismunandi hætti á milli tilboða. Hægt er að nálgast þær upplýsingar á vef Orlofssjóðs.

Afsláttur af ýmiskonar útivistarvörum, böðum og heilsuæðferðum, á veitingastaði, af bensíni og í ferðir eins og fjórhjólaævintýri, fjallaferðir, norðurljósaferðir, siglingar eins og flúðasiglingar.

Þá býðst félögum útilegukortið á sérkjörum. Kortið veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum, undir 16 ára aldri, fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila í allt að 28 gistinætur. Kortið gildir fyrir tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl á um þrjátíu tjaldsvæðum vítt og breitt um landið. Félagsfólk getur keypt kortið á Orlofsvefnum undir Flugmiðar og kort.

Hægt er að kynna sér öll sérkjör og afslætti á Orlofsvefnum – Frímanni og á vef KÍ.

Úlfsstaðaskógur

Þriðja húsið bætist við

Orlofssjóður festi kaup á óbyggðu húsi í Úlfsstaðaskógi í Fljótshálsdalshéraði. Húsið bætist í hóp þeirra tveggja sem sjóðurinn keypti í orlofsbyggðinni í mars 2023. Útleiga á Úlfsstaðaskógi 9 og 11 hófst í byrjun júlí í fyrra og viðtökur félagsfólks hafa verið einstaklega góðar og húsin vel nýtt, bæði í sumar og vetur. Í lok síðasta árs samþykkti því stjórn kaup á þriðja húsinu og stefnt er að taka það í notkun vorið 2025.

Húsin eru öll keimlík, glæsileg 95 fermetra sumarhús á tveimur hæðum, búnin vernd með heitum potti, grilli og útihúsgöngnum, sem rúma sex til átta gesti. Úlfsstaðaskógur er aðeins í um tíu mínútna akstursfjarlægð frá Egilsstöðum og því stutt í allskyns þjónustu og afþreyingu. Dýrahald er leyft í húsi númer 9.



Borgartún 24

Nýjar orlofsíbúðir á höfuðborgarsvæðinu

Orlofssjóður bætir við nýjum leiguíbúðum í Reykjavík til að mæta eftirspurn félagsfólks eftir fleiri leigukostum á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirspurn eftir orlofsíbúðum á höfuðborgarsvæðinu er gífurleg. Vörðuleitið sker sig úr öðrum eignum Orlofssjóðs hvað varðar nýtingu, með langflesta leigða daga, sem gefur til kynna að ekki sé nóg framboð af íbúðum á svæðinu. Því ákvað Orlofssjóður Kennarasambands Íslands að taka þrjár íbúðir í Borgartúni 24 í Reykjavík á leigu. Stefnt er á að hægt verði að hefja útleigu



til félagsfólks fyrir sumarið en húsið er enn í byggingu og afhending er áætluð í þessum mánuði.

Íbúðirnar eru á fimmtu hæð, allar með einstöku útsýni og fjallasýn. Tvær íbúðanna eru tveggja herbergja og rúma fjóra. Þriðja er þriggja herbergja og rúmar allt að sex

gesti. Þá fylgir eitt bílastæði hverri íbúð. Staðsetningin er einstaklega góð en í Borgartúni er að finna alla helstu þjónustu og þaðan er stutt í flest, meðal annars miðbæinn.

Vonin er að félagsfólk eigi eftir að geta notið sín vel í spánýjum íbúðum miðsvæðis í Reykjavík í nákominni framtíð!

Loðnir fjölskyldumeðlimir velkomnir í fleiri orlofshús

Stjórn Orlofssjóðs hefur valið að leyfa gæludýr í fleiri eignum sjóðsins vegna mikillar eftirspurnar.

Gæludýr verða leyfð í nýu húsum Orlofssjóðs Kennarasambandsins (OKÍ) frá og með 7. júní 2024 og bætast því fjórar eignir í hóp þeirra fimm sem hingað til hafa leyft dýrahald. „Það hefur verið áberandi að þau fáu hús sem bjóða ferfætlinga velkomna rjúka alltaf fyrst út þegar opnað er fyrir bókanir,“ segir Linda Björk Pálsdóttir, framkvæmdastjóri OKÍ. „Það er því ánægjulegt að tekin hafi verið sú ákvörðun að auka við framboðið.“

Einu húsi í Kjarnabyggð, tveimur húsum í Heiðarbyggð og einu af nýrri húsunum í Ásabyggð var bætt við listann. Frá og með 7. júní verða þau opin gæludýrum og bætast við húsin sem fyrir eru á Bifröst, í Ásabyggð og Úlfsstaðaskógi. Að auki má vera með dýr í nokkrum þeirra eigna sem bætast við yfir sumartímann.

„Það þarf þó að hafa í huga að eignir sjóðsins eru á svæðum þar sem lausaganga hunda er bönnuð. Það þýðir að eigendur þurfa að gæta þess að hafa hunda ávallt í taumi úti fyrir og á pöllum sem ekki eru lokaðir á alla enda,“ segir Linda Björk. „Við viljum öll að reynsla af þessum breytingum verði jákvæð svo hægt verði að bæta jafnvel enn frekar í síðar meir.“



Orlofshús þar sem gæludýr eru leyfð eftir 7. júní 2024

- ▶ Ásabyggð 32
- ▶ Ásabyggð 36
- ▶ Ásabyggð 37
- ▶ Gata Norðurljósanna 4, Kjarnabyggð
- ▶ Háímói 11 í Heiðarbyggð
- ▶ Háímói 14 í Heiðarbyggð
- ▶ Úlfsstaðaskógur 9
- ▶ Víðihraun 7, Bifröst
- ▶ Víðihraun 8, Bifröst

Ferðablaðið 2024 er komið út!

Lesið allt um eignir Orlofssjóðs og það helsta sem í boði er á komandi sumri í Ferðablaðinu 2024 á vef KÍ.

Ferðablað Orlofssjóðs KÍ var endurvakið í fyrra í rafrænu formi, eftir margra ára útgáfuhlé. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér yfirgrípsmikið efni blaðsins, en þar er að finna fréttir og greinar um það helsta sem er í boði á komandi sumri. Þá er sjónum einnig beint að því sem hægt er að gera á viðkomandi stöðum, svo sem gönguleiðir, söfn, merkilegir staðir og afþreying.

Hægt er að lesa Ferðablaðið 2024 á vef KÍ.

FERÐA- BLAÐIÐ



Margverðlaunuð bók í Bandaríkjunum

★★★★
KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

Ein besta barnabók ársins samkvæmt The Sunday Times!

Námsefni á kennari.is



Aðsend grein

Er þinn skóli UNESCO-skóli?

Mikill kraftur hefur verið í UNESCO-skóla-verkefninu

hér á landi undanfarin ár og aukinn áhugi skóla á að taka þátt. Skólarnir eru nú rúmlega 20 talsins, leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar, og það er stefnt að því að þeir verði hátt í 60 í haust,“ segir Krístrún María Heiðberg, verkefnastjóri UNESCO-skóla á Íslandi.

UNESCO-skólar leggja áherslu á alþjóðasamvinnu, starfsemi Sameinuðu þjóðanna (SP), heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun og frið og mannréttindi. „Margir skólar eru nú þegar að vinna með heimsmarkmiðin án þess kannski að gera sér grein fyrir því. Flestir skólar eru til dæmis að vinna með frið, jafnrétti, nemendalýðræði, umhverfis- og loftslagsmál en þetta eru allt málefni sem falla undir heimsmarkmiðin. Heimsmarkmiðin snerta allt okkar líf, málið er kannski aðallega að finna þessar tengingar,“ segir Krístrún.

UNESCO-skólaverkefnið er eitt af elstu skólaverkefnum í heimi, starfrækt frá árinu 1953. Skólarnir eru um 12 þúsund talsins í um 180 löndum. Verkefnið hér á landi er styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu og styður við framgang aðgerðar 8 í menntastefnu stjórnvalda, raddir unga fólksins – virkt nemendalýðræði á öllum skólastigum, auk þess að styðja við stefnu um barnvænt Ísland og efla lýðræðis- og mannréttindamenntun. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi hefur umsjón með UNESCO-skólaverkefninu.

Gæðastimpill fyrir skóla

Að sögn Krístrúnar er mikill gæðastimpill fyrir skóla að vera UNESCO-skóli og mikill ávinningur að taka þátt. „Skólarnir hafa aðgang að fjölbreyttu og vönduðu námsefni, deila með sér verkefnum og hugmyndum, fá tækifæri til að heimsækja erlenda skóla, taka þátt í ráðstefnum víða um heim og margt fleira. Þess má einnig geta að hópur kennara úr nokkrum UNESCO-skólum hér á landi fór nýlega á ráðstefnu á Lanzarote til að kynna sér verkefni um heimsmarkmiðin og sjálfbærni.“

UNESCO-skólar verða að uppfylla ákveðin viðmið, að halda upp á tvo



Hress hópur kennara á námskeiði um heimsmarkmiðin.



Heimsins stærsta kennslustund haldin í Salaskóla.



Krístrún María Heiðberg
verkefnastjóri
UNESCO-skóla
á Íslandi

alþjóðadaga SP á hverju skólaári, halda viðburði tengda SP, taka þátt í *Heimsins stærstu kennslustund* og skila stöðuskýrslu um verkefnið. „Ég starfaði sjálf lengi sem kennari og veit því að kennurum finnst ekki alltaf tími eða kraftur til að byrja á nýjum verkefnum. Ég hef því lagt áherslu á það hjá skólum sem vilja koma inn í verkefnið að fara yfir það sem þegar er verið að gera, sem er oft heilmikið, og tengja það við áherslur UNESCO-skóla. Síðan er hægt að vinna út frá því og taka næstu skref. Skólar í verkefninu eru einnig að vinna saman og nýta sér góða reynslu annarra, þannig að ekki þurfi alltaf að finna upp hjólið. Verzlunarskóli Íslands, sem er UNESCO-skóli,

hefur til dæmis verið með sérstakan áfang um heimsmarkmiðin fyrir 1. árs nemendur, sem fékk tilnefningu til Íslensku menntaverðlaunanna árið 2023.“

Fjölbreytt og gott námsefni

UNESCO-skólar eru með sérstakan skólavef þar sem finna má fjölbreytt og vandað námsefni fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Á vefnum, sem er öllum opin, er meðal annars námsefni um flóttafólk sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og Félag Sameinuðu þjóðanna gáfu út haustið 2023. Að sögn Krístrúnar er markmiðið að veita skólum og kennurum tæki og tól til að fræða börn og ungmenni á Íslandi

um fólk sem neyðist til að flýja heimili sín. Tekist er á við ýmis málefni tengd flóttafólki, sem nú eru í brennidepli í pólitískri og opinberri umræðu og geta jafnvel átt það til að stuðla að sundrun og fordómum gagnvart innflytjendum og flóttafólki. Efnið má nálgast á un.is/kennsluefni.

Eitt af stærstu verkefnum UNESCO-skóla er *Heimsins stærsta kennslustund* (World Largest Lesson) sem er árlegt átak styrkt af UNESCO og snýr að kennslu á heimsmarkmiðunum. „Markmiðið er að efla vitund nemenda og hvetja þá til aðgerða er kemur að sjálfbærri þróun og heimsmarkmiðunum. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á loftslagsmál og hvernig ungt fólk getur lagt sitt af mörkum til að styðja við aðgerðir í loftslagsmálum,“ segir Krístrún.

Vinsæl námskeið fyrir kennara

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi hefur síðastliðin þrjú ár haldið haustnámskeið fyrir kennara og skólastjórnendur um heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun. Námskeiðið, sem ætlað er fyrir leikskóla, grunnskóla



Heimsmarkmiðin eru 17 talsins.

og framhaldsskóla, hefur notið mikilla vinsælda og færri komist að en vildu. „Á námskeiðinu er farið í merkingu og markmið heimsmarkmiðanna og hvernig hægt er að nota þau í kennslu. Kennurum hefur oft fundist vanta tæki og töl til að vinna með heimsmarkmiðin og námskeiðið hefur einmitt komið til móts við þá eftirspurn,“ segir Krístrún.

Eins og áður segir er mikill áhugi hjá skólum að gerast UNESCO-skólar. „Nokkrir skólar og sveitarfélög eru í

umsóknarferli og ef allt fer sem horfir má búast við að um 35 skólar bætist við næsta haust. Þá verða UNESCO-skólar hér á landi orðnir hátt í 60 talsins. Þess má geta að UNESCO-skólar í Bretlandi eru um 200 talsins. Þetta er mikil og ánægjuleg fjölgun og frábært að skólar séu að leggja aukna áherslu á þessi mikilvægu málefni,“ segir Krístrún að lokum.

Nánari upplýsingar um UNESCO-skóla er að finna á: un.is/unesco-skolar/



Vilt þú hafa áhrif á menntakerfið?

Kynntu þér framhaldsnám í menntavísindum á hi.is

Aðsend grein

Samþykktar breytingar hjá Brú lífeyrissjóði



Stjórn Brúar lífeyrissjóðs gerði á síðasta ári breytingar á samþykktum sjóðsins er varða réttindi í A og V deildum, til að tryggja að lífeyrisréttindi sem sjóðfélagar ávinna sér yfir starfsævina dugi til greiðslu ævilangs lífeyris.

Ástæðan fyrir breytingunum er fyrst og fremst nýtt reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga á lífslíkum sem tók gildi í árslok 2022. Í því líkani er gert ráð fyrir að lífaldur haldi áfram að hækka, sem hafði þau áhrif að lífeyrisskuldbindingar sjóðsins hækkuðu verulega. Þetta nýja reiknilíkan og slök ávöxtun ársins 2022 leiddu til þess að tryggingafræðileg staða A deildar í árslok 2022 var komin undir lagaleg viðmið, eða neikvæð um 10,8%, og áfallin tryggingafræðileg staða V deildar var á sama tíma neikvæð um 13,8%. Stjórn varð því að bregðast við stöðunni og gera viðeigandi breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings sjóðsins sem voru þessar:

Breytingar þessar höfðu engin áhrif á þá sem fá lífeyri úr B deild sjóðsins eða úr Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Upplýsingar um breytingar hér til hliðar má einnig finna á heimasíðu sjóðsins www.lifbru.is. Hafir þú áhuga á að fá frekari upplýsingar um breytingarnar og áhrif þeirra á þín réttindi eða fá ráðgjöf um lífeyrismál þá er þér velkomið að hafa samband við sjóðinn. Hægt er að bóka samtal í síma, fjarfundakerfi eða á starfstöð sjóðsins á heimasíðu sjóðsins.

► Aldurstengd réttindi

Ávinnsla aldurstengdra réttinda til framtíðar í A og V deild var lækkuð frá 1. febrúar 2023 en þá tóku gildi nýjar réttindatöflur sem taka mið af bæði aldri og fæðingarári. Nýjar töflur um lífaldur verða framvegis notaðar hjá lífeyrissjóðum en hver fæðingarargangur karla og kvenna fær sérstaka töflu um lífslíkur sem aukast með hækkanði fæðingarargangi.

► Jöfn réttindi:

Frá 1. janúar 2024 voru framtíðarréttindi í jafnri ávinnslu í A deild lækkuð úr 1,9% niður í 1,8% og breyting varð á viðmiðunarlíki við töku lífeyris en hann var hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Enn er hægt að sækja um lífeyri bæði í A og V deild frá 60 ára aldri.

► Áunnin réttindi í A og V deild:

Áunnin réttindi, hvort sem um er að ræða aldurstengd réttindi eða jöfn réttindi, lækkuðu um 10% með flatrí lækkuð. Lækkun aldurstengdra réttinda er miðuð við 1. febrúar 2023 en lækkun jafnra réttinda er miðuð við 31. desember 2023. Ástæðan fyrir mismunandi viðmiðunardagsetningu lækkunar er að í febrúar 2023 voru réttindatöflur aldurstengdrar ávinnslu uppfærðar í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings og framtíðarávinnsla þar með lækkuð. Ekki þarf að leiðrétta þau réttindi sjóðfélaga sem áunnin eru eftir breytingar á réttindatöflum.

► Undanþáguhópur í A deild

Ákveðinn hópur sjóðfélaga nýtur bakábyrgðar launagreiðenda sinna, þ.e. sveitarfélaga og stofnana þeirra, og lækka þeirra lífeyrisgreiðslur því ekki. Þetta eru þeir sjóðfélagar sem voru í jafnri ávinnslu og voru orðnir 60 ára og/eða höfðu hafið töku lífeyris þann 1. júní 2017 þegar breytingar voru gerðar á A deild sjóðsins. Launagreiðendur þurfa að bera kostnaðinn sem nemur lækkuninni og verður hann innheimtur hjá þeim mánaðarlega við útgreiðslu lífeyris þessa hóps. Bakábyrgð þessi tekur ekki til framtíðarréttinda en ávinnsla þessa hóps er sambærileg annarra sjóðfélaga í jafnri ávinnslu.

Skólavarðan mælir með

Pappír, sagnfræði og rómantík


Margt má gera sér til dundurs að loknum löngum vinnudegi. Skólavarðan hefur horft á frábæra kennaramynd, brotið pappír, aukið kunnáttu í mannkynssögu og gleymt sér yfir hágæða „romcom“ eins og enskir kalla rómantíska gamanþætti. Njótið vel kærur lesendur!



Das Lehrerzimmer

Kvikmynd

Þýska kvikmyndin Das Lehrerzimmer (Kennarastofan) kemur skemmtilega á óvart. Þetta er með betri kennaramyndum síðari ára. Myndin gerist í þýskum grunnskóla og við fylgjumst með Cörlu Nowak sem er afbrigðiskennari og í góðu sambandi við nemendur. Upp kemur þjófnaðarmál í skólanum og Carla ákveður að komast til botns í málinu. Þá má segja að fjandinn verði laus og lausn málsins verður afar krefjandi, svo ekki sé meira sagt.



Origami

Fönduriðja

Við vitum flest að það er gott að leggja tölvur og síma til hliðar að loknum vinnudegi. Ein leið til slökunar er Origami sem er japönsk pappírsbrotalist. Það þarf bara ferningslaga pappír og þolinmæði. Vefurinn er uppfullur af leiðbeiningum fyrir byrjendur og svanurinn er upplagt byrjendaverk. Ef vel gengur er hægt að verða sér úti um ekta origamipappír en til að byrja með má nota pappír úr prentaranum.

One Day

Þáttaröð á Netflix

Rómantískir gamanþættir eru misjafnir að gæðum, eins og flestir vita. Þáttaröðin One Day sker sig þar úr, enda hið besta sjónvarpsefni. Myndin segir sögu Dexters og Emmu sem halda út í lífið eftir að hafa verið saman í einn dag eftir útskrift. Þau gleyma aldrei hvort öðru og þróa samband sem við fáum að skyggjast inn í einn sumardag á hverju ári. Vel skrifaðir og vel leiknir þættir sem auðvelt er að gleyma sér yfir.



Vínafundurir

Hvar sem er

Einamanaleiki er vaxandi vandamál í heiminum ef marka má niðurstöður rannsókna. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin hefur sett einmanaleika á lista yfir heilsuögnir samtímans. COVID og samfélagsmiðlar kváðu hafa haft áhrif til heins vera. Það kostar lítið sem ekkert að efna til vínafunda, heima, á kaffihúsi eða í göngutúr. Verum dugleg að rækta vini og vandamenn. Það græða allir á því.

Bréfa og kortaskrif

Dægradvöl




...og talandi um að rækta vini og vanda-menn. Það er alltaf gaman að fá óvæntan póst sem ekki er reikningur eða auglýsingabæklingur. Skólavarðan mælir með póstkortasendingum frá útlöndum til ástvina á klakanum. Hægt er að segja frá fríinu, staðhættum, hitastiginu og allskonar skemmtilegu. Frímerki er hægt að fá í flestum sjoppum, búðum og sölustöndum og póstkassa má oftast finna á víð og dreif um borgir og á flugvöllum fyrir heimferðina. Annars má alltaf lauma því í lúguna næst þegar farið er í heimsókn til viðtakandans.

The Rest is History

Hlaðvarp

Fyrir þau sem hafa gaman af mannkynssögu er vert að mæla með breska hlaðvarpinu The Rest is History. Við stjórnvöllinn eru sagnfræðingarnir Tom Holland og Dominic Sandbrook. Frásagnargáfa og kunnáttu þeirra er ómæld og þeim tekst að skýra flókna hluti sögunnar á einstaklega þægilegan og skemmtilegan hátt. Ekkert er þeim óviðkomandi og efnisvalið er afar fjölbreytt. Þegar þetta er skrifað eru þættirnir orðnir 565 og því úr nógu að móða ef áhugi er fyrir hendi.



Krossgáta

Sendu okkur lausn gátunnar á
utgafa@ki.is.



Síðasti skiladagur er 30. júní 2024



Í verðlaun er bókin
DJ Bambi eftir Auði
Övu Ólafsdóttur.

Verðlaunahafi síðustu krossgátu er
Bjarni Halldór Heiðuson sem fær
bókina Men eftir Sigrúnu Pálsdóttur.

LAUSN SÍÐUSTU GÁTU



Lárétt

- ▶ 3. _____bókin, síðasti hluti Biblíunnar. (11)
- ▶ 7. Foss ofan við Búðir. (11)
- ▶ 9. Forsætisráðherra Bretlands frá 1937-1940. (11)
- ▶ 11. Þeir frá Mið-Asíulandi, áður í Sovétríkjunum, sem er ríkt af jarðgasi. (11)
- ▶ 12. Drep vegna kulda. (3)
- ▶ 13. Alpha, _____, Charlie, Delta er byrjunin á stafrófinu í kallkerfi NATO. (Íslensk stafsetning orðsins.) (5)
- ▶ 14. Höfuðborg Maryland. (9)
- ▶ 16. Maður frá Ólafsvík. (6)
- ▶ 17. Eftirnafn þekktar bogaskyttu. (4)
- ▶ 18. Ensk útgáfa nafns tónskáldsins sem samdi krýningarlagið *Zadok the Priest*. (6,9,6)
- ▶ 24. Einkennisbúningur spæjara í noir kvikmyndum? (10)
- ▶ 26. Stórt svæði, nú eyðimörk, sem á c. 41.000 ára fresti breytist annað hvort í gróðurvin eða eyðimörk. (6)
- ▶ 29. Rétt rúmlega $9,46 \times 10^{12}$ kílómetrar. (6)

- ▶ 31. Eyriki í Persaflóa. (7)
- ▶ 32. 'N _____, bandarískt strákaband. (4)
- ▶ 33. Skjal um gjöf til kirkju eða klausturs gegn framfærslu í ellinni. (12)
- ▶ 34. Afkvæmi hryssu og asna. (6)
- ▶ 35. Fylking einfaldra dýra eins og marglytta og kóralla. (6)
- ▶ 36. Íslensk á sem veitt var í annan farveg á miðöldum. (5)
- ▶ 37. Borg sem var höfuðborg Vestur-Þýskalands. (4)
- ▶ 38. Dýrið sem gefur af sér filabein norðursins. (12)
- ▶ 39. *Papaver radicatum*, íslensk jurt sem vex, ásamt vetrarblómi, nyrst allra jurtu. (10)

Lóðrétt

- ▶ 1. Basískt djúpberg, grófkristallað. (6)
- ▶ 2. Franskt skáld sem skrifaði ljóðabókina *Les Fleurs du mal*. (10)
- ▶ 3. Írskt skáld sem sat inni í Reading fangelsi fyrir samkynhneigð. (5,5)
- ▶ 4. Sú frá höfuðborg Persíu á árum 539-331 f. Kr. (10)
- ▶ 5. Dúkurinn ofinn úr ull. (10)
- ▶ 6. Hringform í tónlist þar sem stef kemur aftur og aftur á milli ólíkra stefja. (5)
- ▶ 7. Sæsnigill sem finnst allt í kringum Ísland. (11)
- ▶ 8. Söngtegund þar sem jaðrar raddbandanna titra, en ekki öll raddböndin (fleirtala). (9)
- ▶ 10. Heiti höfuðborgar Gana á íslensku. (5)
- ▶ 15. Tískuhönnuður sem er dóttir Paul og Lindu. (6,9)
- ▶ 19. Það sem Bach er þekktur fyrir. (12)
- ▶ 20. Þýskt fótboltalið sem Ingibjörg Sigurðardóttir spilar nú með, kennt við samnefnda borg. (8)

- ▶ 21. Algengasta gráöndin á Mývatni. (12)
- ▶ 22. Gata í Hafnarfirði, kennd við þýska borg. (12)
- ▶ 23. Íslenskt heiti *Achilles tendonitis*. (5)
- ▶ 25. Eftirnafn fyrsta þjóðleikhússtjórans. (10)
- ▶ 27. Þekkt bygging í eigu Sáttmálasjóðs Háskóla Íslands. (10)
- ▶ 28. Mjög langt evrópskt blásturshljóðfæri. (8)
- ▶ 30. Evrópsk trjátegund, *alnus glutinosa*, sem eitthvað hefur verið ræktað hérlandis. (8)
- ▶ 34. Heiti yfir hljóð sem kettir gefa frá sér. (5)



Getum við AÐSTOÐAÐ?

Bókaðu samtál hjá okkur vegna lána- eða lífeyrismála á vefsíðu sjóðsins lifbru.is.

Mögulegt er að bóka tíma fyrir símtal, fund í fjarfundar búnaði eða fund á starfsstöð sjóðsins.

Með þessum hætti bætum við enn frekar aðgengi að þjónustu okkar við sjóðfélaga.

Allar nánari upplýsingar á lifbru.is.



Lífeyrissjóður
starfsmanna Reykjavíkurborgar



BRÚ
lífeyrissjóður

KÍ STYRKHÆFAR FERÐIR



N Á M S F E R Ð I R

ENDURMENNTUN

HELSINKI • BERLÍN • KAUPMANNAHÖFN
BARCELONA • SITGES • LISSABON • PORTO

Faglegar og fróðlegar endurmenntunarferðir fyrir starfsfólk og kennara á öllum skólastigum. Við skipuleggjum ferðina ykkar með áhugaverðum námskeiðum og heimsóknum sem standast kröfur KÍ um styrkveitingu.

Margir og ólíkir áfangastaðir í boði þar sem lögð er áhersla á að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Við sameinum lærdóm, skemmtun, hópefli og afþreyingu.

Fáðu tilboð fyrir þinn hóp:
endurmenntun@visitor.is

